



spottið 16

Tolli í Tíbet  
ferðir 36



Grátt  
er svart  
stíll 56



Stolið & stælt  
hugverkastuldur 38

# FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarútgáfa

11. september 2010  
213. tölublað 10. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI



Höfuð, hjarta & hendur

Hin pakistanska Shabana Zaman kennir börnum að skynja umhverfi sitt.

fólk 30

Í landi hinna klikkuðu karlanna

Andri Snær Magnason um græðgi og geðveiki á Íslandi fyrr og nú.

umhverfismál 32

Leikhús ímyndunarafslisins

Djúpið eftir Jón Atla Jónasson frumflutt í Úvarpsleikhúsinu.

menning 52

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu

Heimili & hönnun | Allt | Allt atvinna



**BÓNDI Í BEINAN KARLLEGG** Veðrið lék við Mývetninga þegar réttað var í Hlíðarrétt um liðna helgi. „Ég man ekki eftir öðru eins blíðu- og sprettusumri,“ segir Árni Halldórsson fyrrum bóndi í Garði I. Hann veit hvað hann syngur því hann er fæddur og uppalinn á bænum og býr þar enn þótt sonur hans Halldór sé tekinn við búí með um 1.200 fjár. Árni er sjötti bóndinn í beinan karllegg í Garði, en hann tók við búinu af föður sínum árið 1958. Halldór sonur hans er því sá sjöundi. **Sjá síðu 28**

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Hillir undir byltingu í endurgreiðslu lyfja

Peir sem bera mikinn lyfjakostnað fá mikla réttarbót með nýrri tilhögun á endurgreiðslum. Tilfærsla verkefna frá nýju velferðarráðuneyti er nauðsynleg og styrkja þarf stóru sjúkrahúsin með endurskipulagningu við gerð fjárlaga.

**HEILBRIGÐISMÁL** Allt bendir til þess að nýtt endurgreiðslukerfi lyfja verði tekið upp um áramótin, að sögn Álfheiðar Ingadóttur, fráfaraandi heilbrigðisráðherra, í ítarlegu helgarviðtali. Endurskipulagning, ekki flatur niðurskurður, verður höfð að leiðarljósi til að ná markmiðum fjárlaga innan heilbrigðiskerfisins á næsta ári.

„Markmiðið er að hlífa þeim, sem mest þurfa á lyfjum að halda, við þeim mikla kostnaði sem því fylgir. Núna fer lyfjakostnaður frekar eftir sjúkdómum en eftir stöðu einstaklingsins. Sumum sjúkdómum fylgja ókeyppis lyf út lífið. En aðrir þurfa að borga mjög mikið fyrir sín lyf. Þetta er risamál sem dagaði uppi í hruninu, en það er mikilvægt að koma þessu á,“ segir Álfheiður um nýtt endur-

Pað þarf að hætta uppbyggingu á litlum landspítölum vítt og breitt um landið.

ÁLFHEIÐUR INGADÓTTIR  
FRÁFARAANDI HEILBRIGÐISRÁÐHERRA

greiðslukerfi lyfja sem verið er að leggja lokahönd á í heilbrigðisráðuneytinu. Spurð um fjárlagagerðina og málefni Landspítalans segir Álfheiður ljóst að markmiðum fjárlaga verði aðeins náð með endurskipulagningu, ekki flötum niðurskurði. „Það þarf að skera niður í heilbrigðisþjónustunni allri á næsta ári um 4,7 milljarða. Til að ná því þarf að mínu mati skipulags-

breytingar, meðal annars að hætta uppbyggingu á litlum landspítölum vítt og breitt um landið. Við verðum að styrkja stóru sjúkrahúsin, á Akureyri og Landspítalann. Á móti verður að auka nærþjónustuna á eins konar heilsugæslusjúkrahúsum og styrkja sjúkraflutninga.“

Álfheiður telur að sameining heilbrigðisráðuneytisins og félags- og tryggingamálaráðuneytisins útheimti tilfærslu verkefna. Öbreytt sé ráðuneytið of stórt og innan þess verkefni sem eiga illa saman.

Hún segir eina ástæðu þess að hún skipti út stjórn Sjúkratrygginga Íslands hafa verið að stöðva síendurteknar yfirkeyrslur. Í ár stefnir í að stofnunin fari 2,5 milljarða fram úr fjárheimildum sínum.

- shá / sjá síður 22, 24 og 25



**FYRIR OPNUM TJÖLDUM** Rússar hafa aðstoðað Írana við að koma sér upp kjarnorkuveri í friðsamlegum tilgangi.

NORDICPHOTOS/AFP

Bandaríkjastjórn styður Írana: Ekkert hæft í ásökunum


**IRAN, AP** Bandaríkjastjórn tekur undir með írönskum stjórnvöldum, sem segja ekkert hæft í fullyrðingum stjórnarandstæðinga í Írak um að leynileg úranauðgunarstöð sé í smíðum neðanjarðar skammt frá Qazvin, um 120 kílómetra vestur af höfuðborginni Teheran.

Tvenn samtök stjórnarandstæðinga í Írak, NCRI og PMOI, fullyrtu þetta á fimmtudag, en bandarískur embættismaður segir að Bandaríkjamenn hafi vitað af þessum stað og byggingum þar árum saman. Þeir sjái enga ástæðu til að telja að þar fari fram starfsemi sem tengist kjarnorku á neinn hátt.


- gb

Fréttablaðið er með **201%** meiri lestur en Morgunblaðið.

74,9%



24,9%



MORGUNBLAÐIÐ FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18-49 ára. Könnun Capacent í maí til júlí 2010.



Erlendur, dæmir þetta sig ekki sjálf?

„Það er annarra að dæma um það.“

KR-ingar segjast ekki treysta dómaramum Erlendi Eiríkssyni til að dæma leik þeirra á móti ÍBV í Pepsi-deildinni á morgun vegna þess að hann hafi dæmt á þá tvö viti í leik gegn FH.

Ögmundur skipar dómara: Viðar Már í Hæstarétt

STJÓRNSÝSLA Viðar Már Matthíason, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, hefur verið skipaður dómari við Hæstarétt samkvæmt tillögu Ögmundar Jónssonar dómsmálaráðherra.



VIÐAR MÁR MATTHÍASSON

Aðrir umskjendur um embættið voru Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari, Sigrún Guðmundsdóttir héraðsdómari og Þorgeir Örlygsson, dómari við EFTA-dómstólinn í Lúxemborg. Hæfisevni mat Viðar og Þorgeir hæfasta. Viðar tekur sæti Hjórdísar Hákonardóttur, sem bóst lausnar fyrir aldurs sakir í sumar. Viðar Már er 56 ára að aldri. Hann hefur þrívægis verið settur dómari við Hæstarétt títumbundið.

Betsson fagnar Evrópuþómi: Einokun ríkis sögð vafasöm

DÓMSMÁL „Evrópuþómstóllinn var nú að dæma með fyrirtækjum á frjálsu markaði,“ segir Lárus Páll Ólafsson hjá veðmálafyrirtækinu Betsson um dóm sem féll á miðvikudag í máli gegn Þýska ríkinu.

Deilt var um lög í Þýskalandi sem hindra starsfemi sjálfstæðra veðmálafyrirtækja. Evrópuþómstóllinn segir þetta kunna að vera óréttlætanlegt. Lárus Páll segir að í sumar hafi verið samþykkt lög á Ísland um að erlend fyrirtæki á borð við Betsson meggi ekki auglýsa happdrætti og veðmál. Löggin hafi verið klæðskerasaum- uð af aðilum tengdum íslenskum happdrættum til að koma í veg fyrir samkeppni.

Meirihlutinn í bæjarstjórn Hveragerðis segir sölu hitaveitu hafa verið mistök: Vilja kaupa hitaveitu til baka

SVEITARSTJÓRNIR Bæjarstjórn Hveragerðis vill kaupa til baka hitaveitu bæjarins sem seld var Orkuveitu Reykjavíkur árið 2004.

Fultrúar meirihluta Sjálfstæðisflokks segja sölu hafa verið afar umdeilda á sínum tíma. Veitukerfið hafi verið selt og veittur einkaréttur á sölu og dreifingu á heitu vatni, einnig einkaréttur til virkjunar jarðhita í eignarlandi bæjarins. Nú ætli Orkuveitan „að varpa ábyrgðarlausri skuldasöfnun“ yfir á Hvergerðinga með 35 prósentu hækkun á heitu vatni. Hagsmunir bæjarbúa hafi verið

„gróflega fyrir borð bornir“ með sölnunni.

Minnihluti A-listans segir það dylgjur að vegið hafi verið að hagsmunum bæjarbúa með sölnunni. Hitaveitan hafi verið rekin með tapi og mjög dýrar endurbætur verið yfirvofandi. Peningarnir hafi farið í að borga niður erlendar skuldir. Nú stefni skuldsetning í að verða 165 prósent af tekjum bæjarins:

„Í ljósi þessarar erfiðu skuldastöðu telja bæjarfulltrúar A-listans sjálfstæðismenn sýna mikið ábyrgðarleysi að ætla að skuldsetja bæjarfélagið enn frekar með kaup-



Í HVERAGERÐI Orkuveita Reykjavíkur hefur einkarétt á sölu heits vatns og gufu í Hveragerði.

um á hitaveitunni og þannig varpa ábyrgðarlausri skuldasöfnun yfir á íbúa Hveragerðisbæjar,“ segir í bókun A-listans.

Fékk boð á þjóðfund: Jóhanna lenti í slembiúrtaki

STJÓRN MÁL Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra hefur fengið boð á þjóðfund sem haldinn verður í nóvember. Jóhanna var ein þúsund Íslendinga sem valdir voru með slembiúrtaki úr þjóðskrá.

Jóhanna greindi frá þessu að loknum ríkisstjórnarfundum í gær. Hún sagðist þurfa að skoða alvarlega hvort hún tæki boðinu. Ýmsir teldu ekki hlutverk ráðherra að taka þátt í fundum sem þessum.

Fundurinn á að leggja til stjórnarskrárbreytingar áður en stjórnlagabinging kemur saman.

Niðurstöðu um ábyrgð ráðherranna vænst í dag

Skýrsla þingmannanefndar sem fjallað hefur um ábyrgð fyrrverandi ráðherra á hruninu verður birt kl. 17 í dag. Þá kemur í ljós hvort nefndin mælir með því að fyrrverandi ráðherrar verði dregnir fyrir landsdóm.

FRÉTTASKÝRING

Hvenær kemur í ljós hvort ráðherrar verða dregnir fyrir landsdóm, og hvaða lög gilda um dóminn?

Þingnefnd sem Alþingi skipaði til að fjalla um mögulega ábyrgð ráðherra vegna efnahags- hrunsins árið 2008 mun skila Alþingi niðurstöðu sinni klukkan 17 í dag. Nefndin getur lagt það til við Alþingi að ákveðnir ráðherrar verði dregnir fyrir landsdóm.

Nöfn fjögurra fyrrverandi ráðherra eru oftast nefnd í því samhengi: Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi utanríkisráðherra, Árni M. Mathiesen, fyrrverandi fjármálaráðherra, og Björgvin G. Sigurðsson, fyrrverandi viðskiptaráðherra. Ekkert hefur heyrst frá nefndinni um hvort landsdómur verði kallaður saman eða hvort lagt verði til á Alþingi að höfðað verði mál á hendur einhverjum einstaklingum.

Landsdómur hefur aldrei verið kallaður saman á Íslandi. Dómurinn hefur það eina hlutverk að dæma í málum sem Alþingi ákveður að höfða gegn ráðherrum vegna embættisreksturs þeirra. Í landsdómi eiga sæti fimm hæstaréttardómarar, lagapróffessor, dómstjórnari í Reykjavík og átta aðrir sem kjörnir eru af Alþingi. Alþingi kaus síðast í landsdóm árið 2005 til sex ára.

Ráðherrar bera ábyrgð gagnvart Alþingi vegna embættisstarfa sinna. Ábyrgðin er annars vegar pólitísk en hins vegar lagaleg. Pólitísk ábyrgð lýsir sér þannig að meirihluti Alþingis getur samþykkt vandraust á hendur ráðherra og neytt ráðherrann til að segja af sér. Lagaleg ábyrgð ráðherra lýsir sér þannig að meirihluti Alþingis getur samþykkt að ákæra ráðherra fyrir embættisrekstur hans.

Alþingi getur samþykkt að draga ráðherra fyrir landsdóm telji þingmenn að ráðherrann hafi gerst sekur um að fara í bága við stjórnarskrána, landslög eða stofnað hagsmunum ríkisins í fyrirsjáanlega hættu. Til þess þarf ráðherrann að hafa sýnt af sér stórkostlegt hirðuleysi eða ásetning um að brjóta lög.

Í lögum um ráðherraábyrgð kemur einnig fram að hægt sé að ákæra ráðherra sem veldur því að eitthvað sé gert sem „stofnar heill ríkisins í fyrirsjáanlega hættu.“ Það sama á við ef hann lætur farast fyrir að „framkvæma nokkuð það, er gat afstýrt slíkri hættu, eða veldur því að slík framkvæmd ferst fyrir.“

Þingið tilgreinir sakarefnið

Ákvörðun um málförðun gegn ráðherra tekur Alþingi með því að samþykkja fram lagða þingsályktunartillögu. Þar á að tilgreina kæruatriðin nákvæmlega. Sókn málsins verður bundin við þau kæruatriði sem tilgreind eru af Alþingi, og því mikilvægt að vandað sé afar vel til verka, segir Sigurður Líndal, lagapróffessor við Háskóla Íslands.

Alþingi á einnig að kjósa saksóknara í málinu, auk fimm manna þingnefndar sem vera á saksóknaranum til aðstoðar. Saksóknarinn gefur út formlega ákæru á hendur ráðherrunum, en er bundinn af þeim kæruatriðum sem nefndin er í þingsályktun Alþingis.

Róbert Spanó, lagapróffessor við Háskóla Íslands, segir að ákveði Alþingi að höfða skuli mál á hendur ráðherrum sé mikilvægt að þingsályktun Alþingis sé eins skýr um ákæruefnið og nokkur sé kostur. Best væri að þingsályktunin væri sett fram eins og hefðbundin ákæra svo sóknin verði skýr strax frá upphafi.

Ekki er beinlínis kveðið á um það í lögum hvornig skuli fara með mál þar sem fleiri en einn er ákærður, segir Róbert. Ákveði Alþingi að höfða mál á hendur fleiri en einum ráðherra mætti gefa út eina ákæru fyrir alla eða sérstaka ákæru fyrir hvern og einn.

Róbert og Sigurður eru sammála um að ómögulegt sé að segja fyrir um hversu langan tíma málaferli fyrir landsdómi komi til með

að taka. Það velti til dæmis á fjölda ráðherra sem séu ákærðir og hversu flókin ákæruefni séu. Sigurður segir þó ljóst að séu ákæruefni flókin og hörðum vörnum haldið uppi geti málaferlin dregist verulega á langinn.

Ekki er kveðið á um það í lögum um landsdóm hvar hann skuli koma saman, utan þess að það á nema í undantekningartilvikum að vera í Reykjavík. Þeir sérfræðingar sem Fréttablaðið ráðfærði sig við í gær töldu líklegast að landsdómur þingaði í húsakynnum Hæstaréttar, verði hann kallaður saman.

brjann@frettabladid.is

INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR, ÁRNI M. MATHIESEN, GEIR H. HAARDE OG BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON Þetta eru fyrrum ráðherrarnir fjórir sem oftast eru nefndir í tengslum við mögulega ábyrgð á hruninu.



Borgarferð

Køben á kostakjörum 1.-4. október Verð á mann í tvíþýli, aðeins frá: 65.800 kr.

Innfalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum. Gisting á Hótel Wakeup í þrjár nætur, sem er vel staðsett og með ríkulægum morgunverði.

Nánari upplýsingar á expressferðir.is eða í síma 5 900 100

Express ferðir Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

Landsdómurinn

Þeir fimm hæstaréttardómarar sem setið hafa lengst eiga sæti í landsdómi. Forseti hæstaréttar er alltaf forseti landsdóms. Dómararnir fimm eru:

- Ingibjörg Benediktsdóttir, forseti hæstaréttar
Árni Kolbeinsson
Garðar Kristjánsson Gíslason
Gunnlaugur Claessen
Markús Sigurbjörnsson

Alþingi kys átta menn í landsdóm á fimm ára fresti. Síðast var kosid í dóminn árið 2005. Þá voru eftirtaldir kjörnir:

- Brynhildur Flóvenz lögfræðingur
Dögg Pálsdóttir hæstaréttarlögmaður
Fannar Jónasson viðskiptafræðingur
Hlöðver Kjartansson lögmaður
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir fyrr. alþingismaður
Linda Rós Michaelsdóttir kennari við Menntaskólann í Reykjavík
Sigrún Magnúsdóttir fyrrverandi borgarfulltrúi
Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hæstaréttarlögmaður

Að lokum eiga sæti í landsdómi dómstjórnari í Reykjavík og prófessor í stjórnskipunarrétti við Háskóla Íslands. Þeir eru:

- Helgi I. Jónsson dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur
Annaðhvort Björg Thorarensen, prófessor í stjórnskipunarrétti við HÍ, eða Eiríkur Tómasson, prófessor í stjórnskipunarrétti við HÍ.

Geta ekki áfrýjað dómi landsdóms

Ráðherrar sem dæmdir eru í landsdómi eiga engan kost á að áfrýja dóminum til æðra dómstigs, og er dómur landsdóms því endanlegur. Þeir sem dæmdir hafa verið eiga þó kost á því að fá málið tekið upp aftur fyrir dómnum komi fram ný gögn sem sýna fram á sýknu eða minni sök.

Róbert Spanó, lagapróffessor við Háskóla Íslands, segir engin ákvæði í íslensku stjórnarskránni sem áskilji rétt til áfrýjunar. Í viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu sé þó áskilið að í sakamálum sé réttur til áfrýjunar. Þar er

þó einnig að finna undantekningarákvæði, þar sem segir að fjalli æðsta dómstigi um mál strax á frumstigi þurfi möguleiki á áfrýjun ekki að vera til staðar.

Árið 1995 var Erik Ninn-Hansen, þáverandi dómsmálaráðherra Danmerkur, sakkfellur í danska ríkisréttinum í svokölluðu Tamílamáli. Í málum sem danski ríkisráðgjafi dæmir í er ekki heimild til áfrýjunar. Ninn-Hansen skaut málinu til Mannréttindadómstóls Evrópu, sem taldi þetta fyrirkomlag standast ákvæði mannréttindasáttmálans, segir Róbert.

Blómaval  
um land allt

Hautlaukar  
...loforð um litríkt vor!



Hautlaukar  
túlipanar 50stk  
krókusar 50 stk  
páskaliljur 20stk

**1499**

3 stk  
Erikur  
**1199**

# ÚTSALA



**20-50%**

AF ÖLLUM  
POTTAPLÖNTUM

Begónía  
**999**

Blómaval  
um land allt

Vinnan í  
garðinum  
**999**  
~~1490~~



**DÝRARÍKIÐ**

## Fuglasýning í Skútuvogi

**Fuglasýning frá Dýraríkinu.**

Meðal þeirra fugla sem sýndir verða:  
double yellow head og blue front,  
sebrafinka, gára, budgerigar, dísafuglar,  
regnbogalorý, ástargaukar.

**25% afsláttur af  
öllum fuglavörum  
í Dýraríkinu**



Ís á  
**50kr**  
í Skútuvogi

**ÍSLENSK UPPSKERA  
GRÆNMETISMARKAÐUR  
FRÁBÆRT VERÐ!**

KRYDDJURTIR • RÓFUR • SPERGILKÁL  
TÓMATAR • BLÓMKÁL • KARTÖFLUR  
HVÍTKÁL • GULRÆTUR • HNÚÐKÁL  
AGÚRKUR • TÓMATAR • SVEPPIR  
KÍNAKÁL • HJARTA SALÁT  
JARÐARBERJAPLÖNTUR  
OG FLEIRA

Í SKÚTUVOGI

Hautvöndur  
**1999**

**blómaval**  
heillandi heimur

Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir  
Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík

## GENGIÐ 10.09.2010

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	118,09	118,65
Sterlingspund	182,38	183,26
Evra	182,38	183,26
Dönsk króna	20,170	20,288
Norsk króna	19,090	19,202
Sænsk króna	16,300	16,396
Japanskt jen	1,4051	1,4133

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR  
205,1526

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Neyðarlínan viðurkennir mistök þegar hringt var frá KFC vegna brunasára:

## Gleymdi að spyrja um áverka

**ÖRYGGISMÁL** Mistök voru gerð hjá Neyðarlínunni á fimmtudagskvöld þegar starfskona á KFC í Kópavogi hringdi þangað vegna þriggja starfsbræðra sinna sem brenndust af gufu úr potti. Mennirnir þrjú komu sér sjálfir á bráðamóttöku.

Dagný Halldórsdóttir, aðstoðarfráskildastjóri Neyðarlínunnar, segir konuna sem hringdi ekki hafa óskað eftir aðstoð heldur sett fram fyrirspurn.

„Það var spurt hvort ekki væri rétt að fara á neyðarmót-

tökuna vegna bruna af völdum heits vatns. Neyðarvörðurinn tók undir það og þannig lauk samtali þeirra,“ segir Dagný sem kveður viðbrögð neyðarvarðarinnar ekki hafa verið samkvæmt bókinni.

„Hann hefði átt að taka betur stjórn á símtalinu; afla upplýsinga um hvað væri um að vera og alvarleika áverkanna. Þetta hefði líklega leitt til þess að sjúkrabílar hefðu verið sendir,“ útskýrir Dagný. Aðspurð segir hún að samkvæmt upplýsingum frá lækni hafi þessi mistök þó ekki komið að

sök. Mennirnir hafi komist fljótt á sjúkrahús.

Samkvæmt yfirlýsingu frá Helga Vilhjálmsdóttur, eiganda KFC, var það neyðarvörður sem átt frumkvæðið í samtalinu. „Spurði starfsmaður Neyðarlínunnar hvort viðkomandi væri þannig á sig kominn að annað starfsfólk treysti sér til að aka viðkomandi á neyðarmóttöku í Fossvogi. Það væri fljótlega á leiðin,“ segir í yfirlýsingu. Tveir starfsmannanna sem brenndust hafa verið útskrifaðir af sjúkrahúsi og sá þriðji er á batavegi. - gar



**LANDSPÍTALINN FOSSVOGI** Starfsmaður sem brenndist illa af gufu úr potti á KFC á fimmtudagskvöld fór með félögum sínum á bráðamóttöku. Hann er á batavegi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Í **ENDURVINNSLUNNI** Menntaráð Reykjavíkur vill gera umhverfissjónarmiðum hærra undir höfði í menntun barna.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Stefnt að minni úrgangi:

## Reykvískir skólar endurvinnna

**UMHVERFISMÁL** Leik- og grunnskólar borgarinnar hafa hafið áttak til að draga úr magni sorps sem fellur til frá þeim. Þetta verður gert með því að flokka sorp og endurnýta í meiri mæli.

Í greinargerð með þessari tilögu, sem var samþykkt á fundi menntaráðs á dögunum, segir að fyrir utan kosti þess að gera umhverfissjónarmið hátt undir höfði í uppeldi og menntun barna og ungmenna, hafi verkefnið einnig kosti frá rekstrarsjónarmiði. Þannig kemur fram að þeir skólar sem ynnu meðvitað að úrgangsmálum greiddu talsvert minna í sorphirðu en skólar sem ekki gerðu slíkt.

- þj

## LEIÐRÉTTING

Ranglega var farið með nafn Lilju Rafneyjar Magnúsdóttur alþingismanns í kynningu með aðsendri grein sem birtist á leiðaraopnu blaðsins í gær. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

Niðurskurður stjórnvalda hjá Háskóla Íslands sem fjallað var um í blaðinu í gær nær til árána 2009 til 2011, ekki næstu þriggja ára líkt og hermt var í fréttinni.

## Umhverfis landið

### Húsfreyjur gáfu endurskinsvesti

**VATNSNES** Í vikunni afhentu Húsfreyjurnar á Vatnsnesi fjallaskilastjórninni á staðnum 45 endurskinsvesti sem líklega munu koma sér vel í göngunum sem fram undan eru, að því er segir á vefmiðlinum nordanatt.is. Smalað verður á Vatnsnesi í dag. Húsfreyjurnar er félagsskapur sem stendur reglulega fyrir ýmsum viðburðum til styrktar góðum málefnum.



### Brimuðu í Bolungarvík

**BOLUNGARVÍK** Brimbrettakappar vöktu athygli á sandinum í Bolungarvík í fyrradag, að því er greint er frá á vefnum bb.is. Þar munu hafa verið á ferð fjögur kanadísk ungmenni sem öll stunda nám í haf- og strandsvæðastjórnun hjá Háskólasetri Vestfjarða. Brimbrettaíþróttin hefur ekki notið mikilla vinsælda hér á landi, en það þótti Kanadamönnum sérkennilegt að heyra, enda væru aðstæður til iðkunar hér hinar bestu. Sjórin er þó býsna kaldur og því þurftu brimarnir að halda sér sémilega þurrum með því að klæðast blautbúningum.

### Álmur við Heiðarveg valið tré ársins

**VESTMANNAEYJAR** Skógræktarfélag Íslands hefur valið álm við Heiðarveg 35 í Vestmannaeyjum sem tré ársins 2010. Íbúum hússins var veitt viðurkenning við hátiðlega athöfn og lúðrabýtt síðdegis í gær. Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, fór þar fögrum orðum um tréð og skráði það á spjöld sögunnar, að því er sagði á fréttavefnum eyjafrettir.is.



### Tekist á um hjúkrunarheimili

**AKUREYRI** Tekist var á um staðsetningu nýs hjúkrunarheimilis á Akureyri á íbúafundi í bænum fyrir skemmstu. Í samtali við vefmiðilinn Víkudag segir Oddur Helgi Halldórsson, formaður bæjarráðs, að fundurinn hafi verið góður en að vissulega hafi komið fram skiptar skoðanir. Þar var kynnt ný stefna í málefnum aldraðra, svokölluð Edenstefna, fjallað var um nýja staðsetningu og arkitekt heimilisins kynnti sínar hugmyndir. Fyrstu hugmyndir um hjúkrunarheimilið gerðu ráð fyrir að það yrði í Naustahverfi, nú er rætt um lóð við Vestursíðu og loks hafa menn nefnt Oddeyri sem ákjósanlegan stað. Oddur Helgi telur Síðuhverfið henta best.

### Pykir miður að loka þurfti á Stöðvarfirði

**STÖÐVARFJÖRÐUR** Forstjóri Landsbankans segir að minni viðskipti á Stöðvarfirði hafi orðið til þess að ákveðið var að loka útibúi bankans á staðnum. Þetta kemur fram í svarbréfi sem bankastjórnin, Steinþór Pálsson, sendi sveitarfélaginu þegar lokuninni var mótmælt, að því er segir á vef Austurgluggans. Þar segir Steinþór að bankanum þyki ákvörðunin miður en hún sé þó óhjákvæmileg. Þá hafi verið reynt að tryggja að starfsfólk útibúsins héldi vinnu sinni þótt útibúinu væri lokað. Enn fremur er því hafnað að Landsbankinn hafi gengið fram fyrir skjöldu í að draga úr þjónustu í bænum, því aðrir hafi orðið þar fyrir til eins og sveitarstjórnarmönnum sé kunnugt um.



### Belgiudrottning á Vopnafirði

**VOPNAFIJÖRÐUR** Paola, drottning Belgiu, kom óvænt til Vopnafjarðar með skemmtiferðaskipinu Vessel Plancius síðastliðinn þriðjudag. Drottningin skoðaði sig um á norðausturhorni landsins og hófst skoðunarferðin í Mývatnssveit, að því er fram kemur á vefnum austurlandi.is. Fulltrúar frá sérsveit Ríkislögreglustjóra fylgdu drottningunni hvert fótmál, en haft er eftir leiðsögumanninum Ágústu Þorkelsdóttur að hún hafi verið virðuleg en jafnframt hin alþýðlega-asta.



## IMOGAZE®

gegn uppþembu og lofti í maga

IMOGAZE® inniheldur simeticon sem hefur áhrif á yfirborðspennu loftbólanna í meltingarveginum. Þetta veður því að þær renna saman og auðveldar þannig loftinu að hreyfast í gegnum þarmana.

IMOGAZE® (simeticon 240 mg) fæst án lyfseðils og er notað til meðferðar við einkennum uppþembu (vindgangs) hjá fullorðnum. Imogaze er ætlað til inntöku og skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru eitt hylki með glasi af vatni í lok hverrar meginmáttar (um það bil 3 sinnum á dag). Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 15 ára og skal meðferð ekki vara lengur en í 10 daga. Ef einkennin eru viðvarandi eða fara versandi, eða ef um langvarandi hægðastrengi er að ræða, skal leita til læknis. Þeir sem hafa ofnæmi fyrir einhverjum af innihaldsefnum lyfisins eiga ekki að nota lyfið. Huganlegar aukaverkanir: Ógleði, hægðastrengi og ofnæmsviðbrögð. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Sweden AB. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, 210 Garðabæ.


## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeisdóttir**  
veðurfréttamaður

### LEIÐINLEGT FRAMUNDAN

Gengur í vaxandi suðaustanátt með talsverðri rigningu sunnan og vestanlands seint í nótt. Fint veður fyrir norðan og austan á morgun en annað kvöld fer einnig að rigna duglega norðaustan til. Kólnar lítillega í veðri í dag.



### HEIMURINN

Alicante	28°
Basel	22°
Berlín	22°
Billund	17°
Frankfurt	23°
Friedrichshafen	23°
Gautaborg	19°
Kaupmannahöfn	19°
Las Palmas	24°
London	20°
Mallorca	28°
New York	24°
Orlando	35°
Ósló	15°
París	25°
San Francisco	20°
Stokkhólmur	18°

Vindhraði er í m/s.  
Hitastig eru í °C.  
Gildistími korta er um hádegi.



# DÝRADAGAR Í GARÐHEIMUM

laugardag og sunnudag frá kl. 12.00 til 17.00

## SMÁHUNDAFJÖR ALLA HELGINA!

15%

afsláttur  
af öllu  
dýrafóðri

Fóðurkynningar frá



### GÓÐ RÁÐ GARÐHEIMA:

Með rétri fóðurgjöf og rétri hreyfingu verður hundurinn flottur - og eigandinn líka!



### Hundatískusýning

laugardag og sunnudag,  
kl. 14:30



### Hundafimi í gróðurhúsinu

laugardag, kl. 15:00

þeir hundar  
sem eru á  
staðnum  
fá að prófa  
hundafimi!



### Dýravörukynningar



### Frábær tilboð



### ...og lukkupottur

## Gullfallegar Erikur

Tilboð

3 stk.

990kr

## Haustlaukar

### Frábær tilboð

### Hvergi meira úrval

### Hver er laukur vikunnar?

### 10% afsláttur

### af garni um helgina!

Hefurðu kynnt þér föndur- og þrjónanámskeiðin á [www.gardheimar.is](http://www.gardheimar.is)



Rabarbarapæ

með ís

450kr

spíran.  
um helgina

Ís

100kr



## GARÐHEIMAR

heimur skemmtilegra hluta og hugmynda

Stekkjarkakka 6 - Sími 540 3300 - [www.gardheimar.is](http://www.gardheimar.is)

## KJÖRKASSINN



Er íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu á réttri leið?

JÁ	49,6%
NEI	50,4%

## SPURNING DAGSINS Í DAG

Óttast þú nýtt hrún ef fyrrverandi ráðherrar verða fundnir sekir um vanrækslu í starfi?

Segðu skoðun þína á vísir.is

**vísir**

## Fimmtíu ára gamalt fæðingamet var slegið hér á landi í fyrra þegar rúmlega fimm þúsund börn fæddust: Stefnir í að fæðingum fækki aftur í ár

**MANNFJÖLDI** Aldrei hafa fæðst fleiri börn á einu ári hér á landi en á síðasta ári, þegar 5.027 börn komu í heiminn. Samkvæmt samantekt Hagstofunnar fæddust alls 2.466 stúlkur og 2.561 drengur árið 2009. Þetta er 111 börnum fleira en fyrra met frá árinu 1960, þegar 4.916 börn fæddust, og 192 fleiri en fæddust árið 2008.

Kristín Viktorssdóttir, aðstoðaryfirlyjósmóðir á Landspítalanum, segir að svo virðist sem dregið hafi aftur úr fæðingum eftir met-árið í fyrra. Hún segir að þegar bornir séu saman fyrstu átta mán-

uðir ársins hjá Landspítalanum séu um sex færri fæðingar á mánuði nú en á sama tímabili í fyrra. Það gerist þrátt fyrir að fæðingar kvenna frá Selfossi og Reykjaness-bæ hafi í auknum mæli færst til spítalans.

Kristín bendir þó á að ekki séu færri fæðingar skráðar alls staðar í ár, til dæmis sé fjöldi fæðinga á Akranesi það sem af er árinu þegar orðinn meiri en allt árið í fyrra.

Á vef Hagstofunnar kemur jafnframt fram að frjósemi íslenskra kvenna hafi aukist milli ára, sé

horft til fjölda barna sem hver kona eignast á ævi sinni. Árið 2009 hafi hver kona að meðaltali átt 2,22 börn á ævinni, samanborið við 2,14 árið 2008. Það var þó í fyrsta sinn frá árinu 1996 sem frjósemi fór yfir markið 2,1, sem er almennt miðað við sem lágmarkstölu til að mannfjöldi viðhaldist til lengri tíma lítið.

Þrátt fyrir þessa aukningu eru konur í dag ekki nema hálfdrættlingar á við það sem viðgekkst á árunum í kringum 1960, þegar konur áttu rúmlega fjögur börn að meðaltali.



**FÆÐINGAR** Fæðingum hefur fjölgað talsvert undanfarið, en ljósmóðir hjá Landspítalanum segir tölur benda til þess að fæðingum fækki aftur eftir metár í fyrra.

NORDICPHOTOS/AFP



### Wax on Wax off hvað, þú þarft ekki einu sinni jakka til að æfa Taekwondo!

**Börn -10:** Þriðjud. 17:20, fimmtud. 17:00,  
**Börn +10:** Þriðjud. 18:00, fimmtud. 18:00

#### Fullorðnir byrjendur:

Mánud, Þriðjud, Fimmtud. kl 19:00 og Laugard. 10:30

Fjölbreyttur hópur þjálfara sér um æfingarnar og því eru engar tvær æfingareins. Börn 8.500, fullorðnir 12.500. Það kostar ekkert að prófa! Upplýsingar á [www.ir.is/taekwondo](http://www.ir.is/taekwondo) eða hjá Jakobi (s. 823-4074) og Ólafi (s. 825-7267).

### Velliðan án lyfja

með verkfærum sálfræðinnar

Fjögurra vikna árangursmælt námskeið Kvíðameðferðarstöðvarinnar til að takast á við vanlíðan, álag og spennu. Kennarar leiðir hugrænnar atferlismeðferðar til að skoða og breyta hugsunum og viðbrögðum sem viðhalda kvíða og depurð. Öflugar slökunar- og hugleiðsluáferðir jafnframt kenndar.

Kennsludagar:

Mánudagar og fimmtudagar frá 20:00 til 21:45 auk eftirfylgdartíma, alls 16 klst.



Kennarar: Oddi Erlingsson og Sigurbjörg Jóna Ludvigsdóttir, sálfræðingar

Verð aðeins kr. 49.000.

Niðurgreiðsla möguleg hjá sjúkrasjóðum stéttarfélagi.

Næsta námskeið hefst mánudaginn 20. september 2010

Skráning og fyrirpurnir í sínum 822 0043 og 562 4444, [oddier@simnet.is](mailto:oddier@simnet.is) og [kms@kms.is](mailto:kms@kms.is)  
Nánari upplýsingar : [www.kms.is](http://www.kms.is)

## Mikilvægt að bændur kynni sér ESB

Aðild Svía að Evrópusambandinu hefur haft jákvæðar afleiðingar fyrir sænskan landbúnað, að sögn Mats Persson, forstjóra Landbúnaðarstofnunar Svíþjóðar. Breyttir neysluhættir skýri aukinn innflutning landbúnaðarvara þar.

**STJÓRNSÝSLA** „Sænskir bændur voru mjög fylgjandi aðild Svíþjóðar að Evrópusambandinu. Þegar þeir rákust á vegg skrifræðisins, sem var mun þyngra í vöfum en þeir bjuggust við, urðu þeir neikvæðir í garð sambandsins. Bændurnir hafa jafnað sig síðan þá enda hafa þeir notið góðs af byggðastefnu ESB,“ segir Mats Persson, forstjóri Landbúnaðarstofnunar Svíþjóðar.

Persson er staddur hér á landi í tengslum við aðildarumsókn íslenskra stjórnvalda að Evrópusambandinu.

Persson vann að aðild Svíþjóðar að Evrópusambandinu fyrir hönd Landbúnaðarstofnunarinnar árið 1995 og hefur síðastliðin sjö ár verið ábyrgur fyrir viðskiptum bænda við ESB ásamt því að fylgja eftir stefnu sambandsins í byggðamálum.

Hann rifjar upp að fyrir aðild Svía hafi verið meirihlutavilji fyrir aðild að ESB. Bændur hafi farið í kynningarferðir til aðildarríkjanna og listit vel á. „Ég held að þeir hafi sömuleiðis séð ákveðna möguleika sem fólust í sameiginlegri landbúnaðarstefnu ESB og stuðningi við dreifðari byggðir. Það var ekki fyrir hendi í Svíþjóð á sínum tíma,“ segir Persson. Á meðal styrkja í byggðastefnu ESB eru stuðningur við uppbyggingu í ferðaþjónustu og skógrækt. Íslenskir bændur geti fengið styrk til að græða landið og draga úr uppblæstri líkt og Írar og Bretar. „Við glímum við annað vandamál. Aðeins tíu prósent Svíþjóðar eru skóglaus. Við fáum styrk til skógarhögg og grisjunar,“ segir Persson en bætir við að ekki minna máli skipti að sem dæmi hafi ESB styrkt lagningu breiðbands í dreifð-

**MATS PERSSON** Forstjóri Landbúnaðarstofnunar Svíþjóðar segir sænska bændur hafa verið neikvæða út í skrifræði ESB. Þeir hafi nú vanist því og viðhorfið sé orðið jákvæðara.



FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

### Er kominn af bændum

Mats Persson er fæddur árið 1951. Foreldrar hans voru bændur á litlum bæ í Suður-Svíþjóð. Hann er enn í eigu fjölskyldunnar. „Bærinn minn er í skóginum um hundrað kílómetra norður af Malmö. Hann er mjög lítill en skógurinn þykkur. Við höldum engin dýr. En nágrannar mínir eru með tíu kýr og þeir fá stuðning frá ESB til að halda þeim. Ef þeir hefðu ekki stuðninginn til að halda skóginum í skefjum væru þeir ekki með kýrnar,“ segir Persson.

ari byggðum Svíþjóðar. „Það er mikilvægt og fólk í dag vill ganga að því vísu, sérstaklega ungt fólk. ESB styrkir lagningu breiðbandsnets í dreifðari sveitum.“

Þrátt fyrir aðild Svía að ESB fyrir fimmtán árum hefur útflutningur á matvælum ekki aukist til annarra aðildarríkjanna. Þvert á móti hefur innflutningur á landbúnaðarvarum aukist. Persson segir þetta eiga sér eðlilegar skýringar. Neysla á kjöti og ostum hafi aukist umfram framleiðslugetu landbúnaðarins og innflutningur því aukist. „Það hefði

breyst hvort eð er,“ segir Persson og vísar til tækniframfara í landbúnaði sem hafi skilað sér í breyttum háttum.

Persson þekkir til andstöðu íslenskra bænda og hagsmunahópa þeirra við aðild að ESB. Hann segir bændur verða að kynna sér landbúnaðarstefnu sambandsins og fara utan í því skyni. Það hafi skilað miklum árangri í Svíþjóð. „Það er mikilvægt að auka þekkinguna á ESB. Þá hafið þið meira til að byggja á,“ segir hann.

[jonab@frettabladid.is](mailto:jonab@frettabladid.is)

Ríkisstjórnin samþykkir að Landhelgisgæslan fái að leigja þyrlu í haust:

## Gæslan fær þriðju þyrluna

**ÖRYGGISMÁL** Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum í gærmorgun að leigð verði þriðja þyrlan til björgunarstarfa fyrir Landhelgisgæsluna. Þá yrðu alltaf tvær áhafnir til taks.

Tillagan er komin frá Ögmundi Jónassyni dómsmálaráðherra. Áætlað er að sértektur Landhelgisgæslunnar dugi fyrir leigunni þannig að ekki þurfi að fjármagna hana með framlögum úr ríkissjóði.

Landhelgisgæslan hefur að undanförnu leigt flugvél sína til ýmissa verkefna í útlöndum og rætt hefur verið um að nýtt varðskip, sem er í smíði í Chile, verði leigt tímabundið þegar það er tilbúið.



ÖGMUNDUR JÓNASSON



TF-LÍF Gæslan notast nú við þyrlurnar TF-LÍF og TF-GNÁ.

FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM

„Landhelgisgæslan hefur verið mjög dugleg að afla sértekna fyrir utan landsteinana – á Mexíkóflóa og í Afríku – með leigu á skipi og flugvél. Það er ekki nóg með að Landhelgisgæslan hafi þannig aflað okkur gjaldeyris heldur hefur hún einnig aflað sínum starfsmönnum mjög mikilvægrar

reynslu,“ segir Ögmundur, sem fagnar dugnaði Gæslunnar.

Hrökkvi sértektjurnar ekki fyrir leigunni þarf að koma til framlag úr ríkissjóði en það væri þá Alþingis að taka ákvörðun um það.

Áætlað er að þyrlan verði tekin á leigu í haust.

-sh

## Sölusýning

SIEMENS

í dag kl. 10 til 16.

Fjöldi tilboða í tilefni dagsins. Verið velkomin í verslun okkar að Nóatúni 4.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000  
[www.sminor.is](http://www.sminor.is)

ATARNA





# 20% AFSLÁTTUR

af ÖLLUM vítamínum og fæðubótarefnum

Laugardag og sunnudag



**MAXX KREATÍN:**  
Kreatín gefur sprengikraft og styrk og byggir upp vöðva.

**MYOPLEX – DIET**  
Fyrir þá sem æfa reglulega og vilja brenna fitu án þess að missa vöðvamassa.

**MYOPLEX – ORIGINAL**  
Hentar jafnt til uppbyggingar og fitubrennslu.

**MAXX GLÚTAMÍN:**  
Glútamín verndar vöðvana gegn niðurbroti við æfingar.

**MYOPLEX – DELUX**  
Öflugasti máltíðardrykkurinn, fyrir þá allra hörðustu.

**HYDROXYCUT:**  
Margir Íslendingar velja Hydroxycut enda léttist fólk um að meðaltali 3-5 kíló á mánuði með notkun þess.

**OH YEAH:**  
Margverðlaunaður prótein-drykkur fyrir framúrskarandi bragð. Ein flaska milli mála eða eftir æfingu.



Gildir til 12. september á meðan birgðir endast.





1. Hvaða ástralska fyrirtæki sóttist eftir því að leita að gulli á Austurlandi?

2. Hvaða ráðherra þykir vænt um Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra?

3. Hvar var verið að samþykka að norrni og spákonur greiði ekki skatta?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 70

## Nakinn maður í göngutúr: Tókst ekki að róa sig niður

**ÞÝSKALAND, AP** Rúmlega fertugur íbúi í Solingen í Þýskalandi forðaði sér hið snarasta þegar kona kom auga á hann, þar sem hann var nakinn á kvöldgöngu.

Maðurinn gaf sig síðar fram við lögreglu og sagðist hafa vanið sig á þann sið að fara nakinn í göngutúra til að róa sig niður. Ekki mun það þó hafa virkað í þetta skiptið.

Konan sagði manninn hafa flúið inn á lestarteina, en hún fann fötin hans skammt frá og lét lögreglu vita.

Lögreglan lokaði lestarbrautinni í hálfra klukkustund meðan mannsins var leitað, meðal annars með aðstoð þyrllu.

- gb

# Bara sumir eigenda fengu tjón sitt bætt

Toyota biður þjónustustöðvar um að fylgjast með hugsanlegum bilunum í Land Cruiser 120 og senda í umboðið ef eitthvað finnst. Sumum hefur verið bætt tjón að fullu, en öðrum ekki. Talsmaður segir Toyota meta hvert tilfelli fyrir sig.

**NEYTENDAMÁL** Fjölmörg dæmi um meintan galla í spíssum Land Cruiser 120 bifreiða hafa komið inn á borð Fréttablaðsins í kjölfar umfjöllunar blaðsins síðustu tvo daga.

Borið hefur á bilun í bílum af þessari tegund, sem eru um fjögur þúsund talsins hér á landi. Meintur galli í spíssum leiðir til þess að grófsíur eiga til að stíflast, bílarnir ofhitna og hafa í nokkrum tilvikum brætt úr sér.

Toyota á Íslandi hefur neitað því að um þekktan galla sé að ræða. Heimildir Fréttablaðsins herma þó að þessi tilvik séu algeng. Þá er keimlík dæmi að finna erlendis, sérstaklega þar sem kaldara er í veðri, enda munu spíssarnir ekki hannaðir fyrir mikinn kulda.

Daníel Pálsson, sem rekur Smurstöðina að Fosshálsi 1 og þjónustar Toyota-bíla, segist þekkja fleiri dæmi um þessar bilanir og þær næmu einhverjum tugum. Toyota viti af málinu og hafi beðið þjónustuverkstæði um að hafa auga með einkennum.

„Okkur, sem þjónustum þessa bíla, er uppálagt að ef við sjáum eitthvað svart í grófsíum þegar við töppum af þeim, sendum við þá upp eftir [til Toyota].“

Hann segist þekkja nýlegt dæmi um að bíll hafi brætt úr sér af þessum sökum. „Við lentum í því að einn af viðskiptavinum okkar, sem hafði alltaf verið hjá okkur í smurningu, hringdi í mig ofan af fjöllum þar sem bíllinn hafði brætt úr sér,“ segir Daníel.

Viðkomandi var sendur til Toyota á Íslandi, sem skiptu um vél á eigin kostnað, sem gæti numið á milli 2 og 3 milljónum króna. Daníel bætir því við að Toyota hafi í það skiptið staðið sig vel og jafnvel útvegað annan bíl meðan á viðgerð stóð.

Fréttablaðinu hafa borist margar

**LAND CRUISER** Talsmaður Toyota á Íslandi segir að meta verði hvert tilfelli bilana fyrir sig.



ábendingar um bilanir sem tengja má við meintan galla í spíssum og ber ekki öllum saman um viðbrögð Toyota. Sumir fá skipt um hlutina sér að kostnaðarlausu á meðan aðrir sitja uppi með háan reikning.

Páll Þorsteinsson, upplýsingafulltrúi Toyota á Íslandi, segir málið liggja í því hvort bílar séu í ábyrgð eða ekki. „En við skoðum hluti alltaf þegar þeir koma upp. Við skellum aldrei í lás og verðum að skoða hvert tilfelli fyrir sig og vege það og meta.“

thorgils@frettabladid.is

## Of seint að skila ársreikningi: Trassaskapur eykur vantraust

**VIÐSKIPTI** Í gær var síðasti skiladagur á ársreikningum fyrirtækja. Viðskiptaráð minnir á það í fréttabréfi sínu að vanhöld hafi verið á skilum síðustu ár.

Í fréttabréfinu kemur fram að takmörkuð skil hafi víðtæk áhrif á möguleika íslenskra fyrirtækja til að afla sér erlendra greiðslutrygginga. Haft er eftir Finni Oddssyni, framkvæmdastjóra Viðskiptaráðs, að slök skil á fjárhagsupplýsingum byrgi alþjóðlegum fyrirtækjum sýn á stöðu atvinnulífsins, og séu jafnvel tilefni til vantrausts. - job



FINNUR ODDSSON

## Eignir lífeyrissjóðanna aukast: Eiga 1.835 milljarða króna

**VIÐSKIPTI** Hrein eign lífeyrissjóðanna til greiðslu lífeyris nam 1.835 milljörðum króna í lok júlí. Það er 10,6 prósentu hækkun milli mánaða. Greining Íslandsbanka segir í Morgunkorni sínu í gær að tíu milljarðar skrifist að mestu á verðhækkun erlendra eigna lífeyrissjóðanna.

Í Morgunkorninu er sömuleiðis bent á að í krónum talið sé hrein eign lífeyrissjóðanna enn lægri en fyrir hrún. Í september 2008 hafi eignir þeirra numið 1.863 milljörðum króna. - job

Getum við aðstoðað?

Í Verðbréfa- og lífeyrisþjónustu Arion banka starfar öflugur og reynslumikill hópur sérfræðingasem veitir viðskiptavinum faglega þjónustu varðandi sparnað í sjóðum, verðbréfaviðskipti og lífeyrissparnað.

Hringdu í síma 444 7000 eða komdu við hjá okkur í Borgartúni 19. Við tökum vel á móti þér.

Starfsfólk Verðbréfa- og lífeyrisþjónustu Arion banka.





# Laugardagar eru bíladagar

Opið kl. 12-16 við Laugaveg og Klettháls alla laugardaga

Renndu við hjá HEKLU í dag í kaffi og kleinur og prófaðu nýja frábæra bíla frá Audi, Volkswagen, Mitsubishi eða Skoda. Við höfum opið á laugardögum í vetur, það er alltaf heitt á könnunni og við tökum vel á móti þér og þínum.

Þjóðum einnig gott úrval af notuðum bílum. Hekla notaðir bílar eru á tveimur stöðum, Laugavegi og Kletthálsi.

Athugið breyttan afgreiðslutíma á virkum dögum frá kl. 10 til 18

Reynslan er góð!

Laugavegi 172-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is



# NJÓTIÐ ÞESS AÐ FLJÚGA

NÁMSKEIÐ GEGN FLUGFÆLNI – 9. OKTÓBER 2010

Icelandair efnir til námskeiðs fyrir fólk sem vill takast á við flugfælni. Kennar verða aðferðir til að vinna bug á kvíða og fælni og farið verður yfir þætti sem tengjast flugvélinni og fluginu sjálfu.

Námskeiðinu lýkur með flugferð til eins af áfangastöðum Icelandair í Evrópu.

Leiðbeinendur: Álfheiður Steinþórsdóttir, sálfræðingur, og Páll Stefánsson, flugstjóri.

Námskeiðið hefst 4. október 2010.

**+ UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING**  
eline@icelandair.is | Sími: 50 50 300

Umsóknir þurfa að berast eigi síðar en 30. september 2010.



ICELANDAIR  
WWW.ICELANDAIR.IS



## Sprengjumaður handtekinn í Kaupmannahöfn: Fluttur á sjúkrahús

**DANMÖRK, AP** Sprengjumaður, sem særðist þegar sprengja hans sprakk á hóteli í Kaupmannahöfn í gær, lá klukkutímum saman í lystigarði skammt frá meðan lögregla fullvissaði sig um að svört taska, sem hann bar í belti um sig miðjan, væri hættulaus.

Maðurinn var á endanum fluttur á sjúkrahús.

Hotel Jørgensen, sem er lítið hótél ekki langt frá Jónshúsi í Kaupmannahöfn, var rýmt eftir að sprengjan sprakk og lokað meðan lögregla leitaði af sér grun um að aðrar sprengjur kynnu að vera þar.



**VIÐ HOTEL JØRGENSEN** Sprengjuleitarhundur við störf í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Garðurinn Örstedsparken var sömuleiðis girtur af meðan lögreglan gekk úr skugga um að engin hætta væri á ferðum. - gb



**MUHAMMED MUSRI OG TERRY JONES** Trúarleiðtogi múslíma í Flórída spurði brennuklerkinn, sem var tvístígandi í gær, hvað Jesús myndi gera. NORDICPHOTOS/AFP

## Árása minnst vestanhafs

Bandarískir leiðtogar taka að venju þátt í minningarathöfnum. Óvíst hvort klerkurinn Jones lætur verða af áformum sínum um að brenna Kóraninn.

**BANDARÍKIN, AP** Að venju hafa Bandaríkjamenn skipulagt ýmsar minningarathafnir 11. september þetta árið, þegar níu ár eru liðin frá árás hryðjuverkamanna á landið.

Meiri styr stendur þó um atburðina og ýmislegt þeim tengt þar vestra en áður.

Áform múslíma um að opna mosku í New York, rétt hjá staðnum þar sem Tvíburaturnarnir stóðu, hafa farið fyrir brjóstið á mörgum sem tengja árásirnar beint við trú múslíma.

Áform fámenns kristins safnaðar í Flórída um að brenna helgirit múslíma þennan dag hafa ekki síður vakið andmæli, bæði þeirra sem óttast viðbrögð herskára og strangtrúaðra múslíma víða um heim og hinna sem telja fráleitt að kenna múslímum almennt um árásirnar.

Barack Obama forseti ætlar að taka þátt í minningarathöfn í Pentagon, byggingu varnarmálaráðuneytisins í Washington, sem varð fyrir einni farþegaþotunni af fjórum sem hryðjuverkamenn rændu og notuðu sem árásarvopn.

Joe Biden varaforseti tekur þátt í annarri athöfn í New York, þar sem tveimur flugvélum var

flogið á turna Heimsviðskiptastofnunarinnar, Tvíburaturnana, en þær Michelle Obama forsetafrú og Laura Bush, fyrrverandi forsetafrú, halda til Shanksville í Pennsylvaníu, en þar rétt hjá hrapaði fjórða farþegaþotan eftir að nokkrir farþeganna gerðu uppreisn gegn flugræningjunum.

Nokkur óvissa ríkir um hvort Terry Jones, leiðtogi fimmtíu manna safnaðar í bænum Gainesville í Flórída, lætur verða af áformum sínum um að brenna Kóraninn.

Hann gaf út tilkynningu í fyrrakvöld, eftir að Robert Gates varnarmálaráðherra hafði rætt við hann, um að hann væri hættur við. Síðar sagðist hann enn vera að hugsa málið.

Á nokkrum stöðum í Afganistan tóku samtals nokkur þúsund manns í gær, á bænadegi múslíma, þátt í mótmælum gegn áformum prestsins. Sums staðar kom til átaka og meiddust á annan tug manna.

Ekki fréttist af fjölmönnum mótmælum annars staðar. Í Indónesíu, fjölmennasta múslímaríki heims, sagði klerkurinn Rusli Hasbi að Jones hefði þegar sært hjórtu múslíma hvort sem hann léti verða af brennunni eða ekki.

gudsteinn@frettabladid.is

## Enn betri Reykjavík

Reykjavíkurborg kallar eftir góðum hugmyndum á sviði forvarna og fegrunar í hverfum borgarinnar

Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr Forvarna- og framfarasjóði Reykjavíkurborgar.

Upplýsingar um úthlutunarreglur og umsóknareyðublöð er að finna á vef Reykjavíkurborgar.

[www.reykjavik.is/ennbetri](http://www.reykjavik.is/ennbetri)

Verkefni geta komið frá einstaklingum, fyrirtækjum, félagasamtökum eða stofnunum en þau verða að fela í sér eitt af eftirfarandi:

- > Fegurri ásýnd hverfis
- > Eflingu lýðheilsu
- > Aukið öryggi íbúa
- > Forvarnir í þágu barna og ungmenna
- > Samstarf íbúa, félagasamtaka, fyrirtækja og borgarstofnana

UMSÓKNARFRESTUR RENNDUR ÚT  
1.  
OKTÓBER  
2010

Vertu í formi

með **World Class**  
á **9** stöðum

Opnum í dag  
glæsilegar stöðvar  
í Kringlunni og Ögurhvarfi.

Mánaðarkort á 25 ára afmælisverði  
aðeins krónur 1.750.kr - í dag og á morgun  
gildir í Kringlunni og Ögurhvarfi.  
Selt á öllum 9 stöðvum World Class

Korthafar fá aðgang að Laugardalslaug, Lágafellslaug og Sundlaug Seltjarnarness

Laugum Reykjavík - Kringlunni Reykjavík - Húsi Orkuveitunnar Reykjavík  
Spönginni Grafarvogi - Ögurhvarfi Kópavogi - Turninum Kópavogi  
Lágafellslaug Mosfellsbæ - Sundlaug Seltjarnarness - Dalshrauni Hafnarfirði

LAUGAR

World Class  
ICELAND



**SITUR Á TÍGRISDYRIR** Listamaðurinn Mark Coreth situr þarna á verki sínu, sem hann hefur mótað síðustu daga í London í tilefni baráttu til verndar tígrisdýrum.

NORDICPHOTOS/AFP

### SAMFÉLAGSMÁL

#### Fundaherferð um einelti

Heimili og skóli, Liðsmenn Jerico, Olweusaráætlunin og Ungmennaráð SAFT í samstarfi við Símann, ráðuneyti og sveitarfélög hafa hafið eineltisátak á ellefu stöðum á landinu. Fundað verður víðs vegar um land, byrjað í Árborg og endað í Reykjavík, á tímabilinu 14. september til 2. nóvember næstkomandi.

Móðir stúlku heldur til streitu kröfu í dánarbú Bobbys Fischer:

## Vill láta rannsaka lífsýnin betur

**DÓMSMÁL** Marilyn Young, móðir Jinky Young, vill frekari rannsóknir á lífsýnum úr skákmeistararum Bobby Fischer. Lögmaður hennar krafðist þess í fyrirtöku málsins í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Málflutningur um kröfuna fer fram í október.

Líkamsleifar Bobbys Fischer voru grafnar upp í sumar og úr þeim tekin lífsýni til þess að staðfesta hvort hann væri sannarlega barnsfaðir Marilyn. Niðurstöður rannsókna sýndu að svo væri líklega ekki. Svo virðist sem Marilyn sé ósátt við niðurstöðuna og krefst því frekari rannsóknar á sýnunum.

Samuel Estito, annar lögmaður Marilyn, gagnrýndi hvernig staðið var að uppgreftrinum á líki Bobbys Fischer í erlendum fjölmiðlum stuttu eftir niðurstöðuna.

Hann sagði Þóróð Bogason, íslenskan lögmann konunnar, hafa lýst því yfir of snemma að ekki væri grundvöllur til að halda faðernismálinu til streitu og gefur í skyn að Garðar Sværnisson, nánvinur Bobbys Fischer, gæti hafa átt við



**BOBBY FISCHER** Rannsókn á lífsýnum úr Bobby Fischer leiddi í ljós að hann hafi ekki verið faðir Marilyn Young. Móðir hennar dregur þá niðurstöðu í efa.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

líkið til að koma í veg fyrir að niðurstæða næðist í faðernismálinu.

Lögmaður frænda Fischers, auk lögmanns meintrar eiginkonu Fischers, hafa krafist frávísunar á kröfu lögmanns Marilyn um frekari rannsóknir.

Deilan snýst um það hver sé

réttmætur erfingi Fischers. Meðal annars er deilt um það hvort Mioko Watai sé raunverulega eiginkona Fischers. Síðar blandaðist Marilyn í málið og sagðist eiga með honum dóttur. Marilyn er frá Filippseyjum en Fischer og hún áttu í ástarsambandi um skeið.

- bj

Dagsetning enn ekki ákveðin:

## Fullvissa sig um fjármögnunina

**EFNAHAGSMÁL** Ekki hefur enn verið ákveðin fundardagur fyrir stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS). Gert er ráð fyrir að þriðja endurskoðun efnahagsáætlunar Íslands og sjóðsins verði tekin fyrir á fundi stjórnarinnar í þessum mánuði.

„Efnahagsáætlun Íslands er fjármögnuð að hluta af AGS og einnig af öðrum löndum og við þurfum að fullvissa okkur um að áætlunin sé fjármögnuð að fullu,“ sagði Caroline Atkinson, forstöðumaður ytri samskipta hjá sjóðnum, á reglubundnum upplýsingafundi í gær. „Það er nokkuð sem þarf að endurmeta eftir því sem haldið er áfram. Ég er því ekki að tala um hliðarviðræður við Bretland og Holland,“ sagði hún.

- óka

### Tæp milljón hvarf að næturlagi í Búðardal

Þjófur sem virðist hafa hafið hlyt á Samkaupum í Búðardal stal þúsund tæplega niú hundruð þúsund krónum á næturlagi í síðustu viku. Bæði lögregla og Samkaup verjað allra fátta af málinni sem er sagt viðkvemt fyrir bestir.



Þúsund tæplega niú hundruð þúsund krónum á næturlagi í síðustu viku. Bæði lögregla og Samkaup verjað allra fátta af málinni sem er sagt viðkvemt fyrir bestir.

**FRÉTTABLAÐIÐ Í GÆR** Í dag eru ellefu dagar síðan uppgötvast að helgar-sölnni í Samkaupum í Búðardal hafði verið stolið.

Stórþjófnaðurinn í Búðardal:

## Lögreglan vill engu bæta við

**LÖGREGLUMÁL** „Við lásum Fréttablaðið í morgun [í gær]. Það er engu við það að bæta,“ svaraði lögreglan á Akranesi aðspurð í gær um framgang rannsóknar á þjófnæði á tæplega níu hundruð þúsund krónum úr Samkaupum í Búðardal.

Afar litlar staðfestar upplýsingar hefur verið að fá um þjófnæðinn. Peningunum var stolið einhvern tíma eftir lokun sunnundagskvöldið 29. ágúst og áður en verslunin var opnuð morguninn eftir. Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær voru engin ummerki um innbrot og virðist því sem þjófurinn hafi jafnvel haft lykil að húsnæðinu.



**RJÚPA AÐ VETRI** Færri en talið er að sögn sérfræðings.

Rjúpnaveiði umfram ráðgjöf:

## Stofninn minni en áætlað var

**NÁTÚRA** Rjúpnaveiðimenn veiddu á síðasta ári 94.000 fugla, 23.000 fleiri en Náttúrufraeðistofnun Íslands, NÍ, ráðlagði. Rjúpnaveiðimenn veiddu einnig meira en ráðlagt var árin 2005 og 2006. Þessi umframveiði og gallar í útreikningum á hversu mikið má veida gera það að verkum að hætta er á ofveiði á rjúpum segir Ólafur K. Nielsen vistfræðingur hjá NÍ í tímaritinu Skotvís.

Útreikningar á stærð stofnsins byggja á gögnum frá Norðausturlandi en fram kemur í greininni að annars staðar á landinu hefur rjúpum fækkað.

Leyft verður að veida 75.000 fugla á 18 dögum, og er þá miðað við að stofninn telji 850.000 fugla.

- sbt



# STARFATORG.IS

## Laus störf hjá ríkinu

Starfatorg.is er upplýsingavefur um laus störf hjá ríkinu. Þar er einnig að finna ýmsar upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna. Nú eru laus til umsóknar eftirfarandi störf:

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
<b>Nýtt</b>			
Staða nefndarm. í yfirskattanefnd	Fjármálaráðuneyti	Reykjavík	201009/123
Eftirlitsdýralæknir	Suðurlandsumdæmi	Selfoss	201009/122
Verknámshaknari	Fjölbrautarskóli Suðurlands	Selfoss	201009/121
Hjúkrunarfræðingur	Heilsugæslan í Garðabæ	Garðabær	201009/120
Dósent í taugalíffærafræði	Heilbrigðisvísindasv. HÍ	Reykjavík	201009/119
Dósent í líffærameinafræði	Heilbrigðisvísindasv. HÍ	Reykjavík	201009/118
Nýdoktor við rannsóknir	Rannsóknaset. í kerfislíffr. HÍ	Reykjavík	201009/117
Doktorsnemi	Rannsóknaset. í kerfislíffr. HÍ	Reykjavík	201009/116
Nýdoktor í reiknilegri kerfislíffræði	Rannsóknaset. í kerfislíffr. HÍ	Reykjavík	201009/115
Deildarstjóri	Heilbrigðisvísindasvið HÍ	Reykjavík	201009/114
Dósent í barnalæknisfræði	Heilbrigðisvísindasvið HÍ	Reykjavík	201009/113
Lektor í geislafræði	Heilbrigðisvísindasvið HÍ	Reykjavík	201009/112
Dósent í skurðlæknisfræði	Heilbrigðisvísindasvið HÍ	Reykjavík	201009/111
Prófessor í sálfræði	Heilbrigðisvísindasvið HÍ	Reykjavík	201009/110
Lektor í klínískri sálfræði	Heilbrigðisvísindasvið HÍ	Reykjavík	201009/109
Lögfræðingar	Seðlabanki Íslands	Reykjavík	201009/108
Læknir í hlutastarf	Lyfjastofnun	Reykjavík	201009/107
Tölvunarfræðingur	Lyfjastofnun	Reykjavík	201009/106
Móttökuritari	St. Jósefsspítali	Hafnarfjörður	201009/105
Hjúkrunarfræðingur	LSH Geðlækningar endurh.	Reykjavík	201009/104
Þjónustuliði í dagræstingu	Flensborgarskóli	Hafnarfjörður	201009/103
Læknaritari	LSH Miðstöð um sjúkraskrárr.	Reykjavík	201009/102
Hjúkrunarfræðingur og ljósmæður	LSH Skrifst.framkvæmdst.hjúkr.	Reykjavík	201009/101
Skjalastjóri	Landgr. ríkisins Gunnarsholti	Hella	201009/100
Deildastjóri/yfirproskapjál	Svæðisskrifst.mál.fatl. í Rvík	Reykjavík	201009/099
Ráðuneytisstjóri	Efnahags- og viðskiptaráðun.	Reykjavík	201009/015
Hjúkrunarfræðingur	Hand- og lyfl.Heilbr.st Suðurn.	Reykjanesbær	201009/098
Félagliðar og stuðningsfulltrúar	Svæðisskrifstofa Reykjaness	Reykjanesbær	201009/097
Þroskapjálfar	Svæðisskrifstofa Reykjaness	Reykjanesbær	201009/096
Matreiðslumaður í skólamötuneyti	Fjölbrautaskólinn við Ármúla	Reykjavík	201009/095
Kennarar	Fjölbrautaskólinn við Ármúla	Reykjavík	201009/094
Skólahjúkrunarfræðingur	Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Akranes	201009/092

Upplýsingar um áður auglýst störf er að finna á Starfatorg.is

Á Starfatorg.is má finna ítarlegri umfjöllun um framangreind störf ásamt upplýsingum um tengiliði. Þeir sem ekki hafa vefangang geta snúið sér til viðkomandi stofnunar varðandi frekari upplýsingar.

~ Fjármálaráðuneytið hefur umsjón með Starfatorg.is ~

**Starfatorg.is**



# Mjólk er góð



## Hugmyndaregn á ms.is

Í nýju málræktarátaki Mjólkursamsölnnar sem nú gefur að líta á mjólkurfarnum landsmanna er á gamansaman hátt fjallað um nýyrði í íslensku. Mjólkursamsalan býður landsmönnum að velja sitt upphaldsnýyrði.

Allir sem taka þátt í valinu eiga möguleika á að vinna lestölvu (iPad frá Apple) eða Íslenska orðabók.

Láttu hugmyndirnar flæða á [www.ms.is](http://www.ms.is).

# ÚTSALA

## ALLT AÐ 70%

**1.199kr/m<sup>2</sup>**  
~~1.690kr/m<sup>2</sup>~~

Flott parket á frábæru verði

Innimálning  
10 ltr. gljástig 10.  
7119961



**ÖLL LJÓS**  
**20-50%**  
**AFSLÁTTUR**



**4.995,-**  
~~7.499,-~~

Plastparket

3ja stafa Eik eða Hnota  
146956-7



**1.875,-**  
~~2.499,-~~

Stingsög Power plus  
350W  
5245207

ÖLL  
POWERLINE  
VERKFERI  
**20%**  
AFSLÁTTUR

SKJÓLGIRDINGAR  
TRÖPPUKJÁLKAR  
& BLÓMAKASSAR  
**25%**  
AFSLÁTTUR

**2.999,-**  
~~3.999,-~~

Vindjakki barna  
Regnheldur, með  
öndun, 2 litir.  
5868042-54

Lyklasett  
Toolux  
mjúkt grip 8 skt  
5099146



**1.599,-**  
~~2.499,-~~



**99,-**

**1.999,-**  
~~3.999,-~~

Vindbuxur barna  
Regnheldar með  
öndun.  
5868083-88

HANDVERKFERI  
**25-35%**  
AFSLÁTTUR

mikið úrval af  
smávörum á  
**99kr**

TRUENORTH

Powerstrets  
flíspeysa  
sva/beige/rauð  
5863725-5863727

**3.999,-**  
~~7.999,-~~



SKÚTUVOGUR  
Pylsa  
og kók  
**99kr**



SKÚTUVOGUR  
Ís  
**50kr**

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

# ÁRSINS!

## AFSLÁTTUR

**RAFTÆKI**  
**15-50%**  
**AFSLÁTTUR**

**64.900,-**  
~~84.900,-~~

197 ltr. orkunýting A+  
5 ára ábyrgð

5 ára ábyrgð

tekur 7kg  
1400 snúninga

**89.900,-**  
~~109.900,-~~



**4.990,-**  
~~8.995,-~~



Handlaug  
Cersanit Eco E40  
8077605

**1.999,-**  
~~4.999,-~~

4 stk í pakka

**ÖLL**  
**BÚSÁHÖLD**  
**20-50%**  
**AFSLÁTTUR**



**DAMIXA**  
blöndunartæki  
**30-45%**  
**AFSLÁTTUR**




Eldhúsblöndunartæki  
Damixa Space  
8000850

**6.499,-** damixa  
~~12.996,-~~

**1.395,-**  
~~1.995,-~~

Rúllusett  
rúlla og bakki 25 sm.  
7014822



**RÝMINGAR**  
**SALA**  
**FLÍSAR**  
aðeins 4 verð

**VERDFLOKKUR 1**  
**990** kr/m<sup>2</sup>

Veggflís  
Negro Azarbaché,  
23,5x33 sm  
8613060



**VERDFLOKKUR 2**  
**1.990** kr/m<sup>2</sup>

Veggflís  
Berlin Beige,  
33x60 sm  
8613079



**VERDFLOKKUR 3**  
**2.990** kr/m<sup>2</sup>

Veggflís  
Magma Blanco,  
33x33 sm  
8610356

frostþolnar á svalirnar



**VERDFLOKKUR 4**  
**3.990** kr/m<sup>2</sup>

Veggflís  
Ethic Brown,  
45x45 sm  
8630025

frostþolnar, gegnheilar  
hornréttar, hágæðaflísar



Nýjar vörur bætast við daglega!

  
**HÚSASMÍÐJAN**

Er hægt að útrýma fátækt á Íslandi?

## Hvar verða verðmætin til?

**B**ót, baráttusamtök gegn fátækt í landinu, hélt fjölmennan fund í Ráðhúsi Reykjavíkur í vikunni. Þar kom meðal annars fram hörð gagnrýni á ríkisstjórnina að hafa ekki tryggt betur hag bótaþega, aldraðra og öryrkja, sem margir hverjir búa óumdeilanlega við fátækt og eiga ekki fyrir brýnustu nauðsynjum.

Umræðan um fátækt lendir stundum á villigötum, einkum og sér í lagi þegar farið er að ræða um svokallaða hlutfallslega fátækt, en þá teljast allir fátækir sem eru með minna en t.d. helming af miðgildi tekna í landinu. Eðli málsins samkvæmt er aldrei hægt að útrýma fátækt sem er skilgreind svona, sama hversu rík þjóðin verður.

### SKOÐUN

**Ólafur P. Stephensen**

olafur@frettabladid.is



Nær er að horfa á hvað fólk þarf sér til lífsviðurværis og reyna að miða lágmarksbætur við það. Guðbjartur Hannesson, verðandi velferðarráðgjafi, kom inn á þetta í viðtali hér í blaðinu fyrir rétttri viku og sagði að setja

þyrfti markmið um að tryggja öllum lágmarksframfærslu, þannig væri hægt að eyða fátækt. Ráðherrann benti hins vegar réttlæga á að það væri ekki einfalt að finna einn framfærslugrunn, því að fólk lifði mjög ólíku lífi.

Guðbjartur sagði að þetta hefði í raun verið gert þegar lágmarksbætur öryrkja voru settar í 180 þúsund krónur, sem væri fyrir ofan bæði atvinnuleysisbætur og lægstu laun. Það telja margir öryrkjar samt augljóslega ekki nóg og á borgarafundinum voru nefnd mörg dæmi af fólki, sem aðeins á fáeina tugi þúsunda eftir þegar greidd hefur verið húsaleiga og önnur föst útgjöld á mánuði.

Núverandi ríkisstjórn kallar sig stundum norræna velferðarstjórn. Meðal annars með vísan til þess er hún gagnrýnd fyrir að hafa ekki tryggt hag aldraðra og öryrkja og séð til þess að lægstu laun dugi fólki til framfærslu. En hvar á að finna peningana? Ríkissjóður er rekinn með gífurlegum halla og mörg fyrirtæki í landinu eru í mjög erfiðri stöðu og hafa takmarkaða möguleika á að borga hærra laun.

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands, skrifaði áhuga-verða grein í Fréttablaðið í vikunni, þar sem hann segir að í samamburði Íslands við önnur norræn ríki sé oft einblínt á velferðarkerfið og málaflokka, sem tengjast því. „Sjaldnar er talað um að Norðurlöndin byggja í raun á tveimur stöðum, annars vegar á velferðarkerfinu og hins vegar á vel skipulögðum og öguðum markaðsbúskap sem er aflvélin sem knýr áfram velferðarkerfið,“ skrifar Þórður.

Hann bendir á að Ísland sé á eftir frændþjóðunum í þessum efnum. Pólítísk afskipti af markaðnum leiði til sérlausna og jafnvel upptöku samninga, sem gerðir hafi verið í góðri trú. Ráðamenn þvælist fyrir fjárfestingum, til dæmis Magma-málinu og Helgúvíkurverkefninu. Sjávarútvegurinn sé í óvissu vegna endurskoðunar kvótakerfisins. Gífurleg höft séu á erlendum fjárfestingum og eingöngu meiri í Kína af 48 löndum, sem voru skoðuð í nýlegri úttekt OECD.

Þetta mætti „norræna velferðarstjórnin“ gjarnan hafa í huga þegar hún útlistar markmið sín um að eyða fátækt í landinu. Hvorki laun né bætur munu hækka án þess að hér sé öflugur einkageiri sem býr við agað rekstrarumhverfi. Þaðan koma verðmætin til að útrýma fátækt.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is ADSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Glæsilegt ósamsett hús til sölu.



170 m<sup>2</sup> innflutt sumarhús.

Húsið afhendist í gámum og fylgja innréttingar, plankaparket á gólf og panell á vegg. Vandað og gott hús

Upplýsingar : Þórhallur sími 896 8232.



### AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Sáttin sett í upplausn

**Í**kosningunum boðaði ríkisstjórnin að útgerðir og smábátasjómenn yrðu sviptir veiðheimildum í áföngum. Sá fyrsti átti að koma til framkvæmda í þessum mánuði. Jafnframt fylgdi loforð um réttláta endurúthlutun. Engin skilgreining fylgdi þó í hverju réttlætið væri fölgði.

Fyrstu breytingar ríkisstjórnarinnar í átt til þess réttlætis sem hún ber fyrir brjósti leiddu til mikilla deilna. Ríkisstjórnin tók þá ákvörðun um að halda kerfisbreytingum áfram í smáum skömmtum eftir fyrirmyndum Evrópusambandsríkja en



ÞORSTEINN PÁLSSON

skipa jafnframt sáttanefnd með fulltrúum allra flokka og hagsmunasamtaka. Sáttanefndin skilaði niðurstöðum í vikunni. Þær fela í sér miklar breytingar. Markmiðin um sjálfbæra nýtingu og hagkvæmni eru grundvöllur þeirra. Frá sjónarhóli almannahagsmuna ætti það að vera gott og gilt. Hvað gerist þá?

Formaður sáttanefndarinnar segir að niðurstaðan sé engin sátt því að hann hafi ekki haft umboð til að semja fyrir ríkisstjórnina. Sjávarútvegsráðgjafi segir að sáttatilagan geti hugsanlega komið til skoðunar eins og aðrar leiðir.

Þingmenn stjórnarflokkanna keppast við að skýra út fyrir þjóðinni að fyrsta verk þeirra verði að henda sáttinni aftur fyrir sig eins og þeir séu syndarar á samkomu hjá Hernum.

Með öðrum orðum: Sáttin fór í upplausn á fyrsta degi.

## Réttlætið

**H**vers vegna er þessi þraut svo þung? Í leit að svári við þessari spurningu er rétt að gæta að því að hugmyndir manna um réttlætið eru afar fjölbreytlegar. Þegar til á að taka rekast margar þeirra á. Vegna náttúrulegra takmarkana er ekki unnt að fullnægja öllum óskum um réttlæti.

Núverandi kerfi er arðsamt og skattborgararnir þurfa ekki að styrkja útgerðina eins og í flestum ríkjum Evrópusambandsins. Á kerfinu voru færri göt en eru í reglum Evrópusambandsríkjanna og því tiltölulega auðvelt að ná markmiðinu um sjálfbæra nýtingu. Minnihluti þjóðarinnar lítur svo á að þessi atríði þjóni almannahagsmunum og því sé kerfið skynsamlegt og jafnvel réttlátt.

Stjórnarflokkarnir sjá réttlætið í öðru ljósi eins og þorri almennings. Með því að auðlindin er þjóðareign felst réttlætið í því að fjölga bátum, fiskiskipum, sjómönnum, fiskvinnslustöðvum og fiskverka-fólki. Ekki er unnt að bera á mótí því að þetta er á sinn hátt réttlátt fyrir þá sem fá viðbótarstörf. Frá öðru sjónarhorni er þetta þó gæsla sérhagsmuna í þágu þeirra sem fá þau.

Vandinn er sá að auðlindin er takmörkuð. Ný fjárfesting og fjölgun starfa eykur því ekki heildartekjur en gerir kostnaðinn miklu meiri. Skattgreiðendurnir, hinir raunverulegu eigendur auðlindarinnar, verða þá að borga brúsan fyrir réttlætið eins og í Evrópusambandinu. Þeir eru til sem finnst það óréttlátt.

Sumir stuðningsmenn Samfylkingarinnar fallast á rök minnihluta þjóðarinnar um hagkvæmni og sjálfbæra nýtingu ef þeir sem afnotaréttinn hafa greiða skynsamlegt gjald fyrir. Sjálfstæðisflokkurinn og margir hagsmunaaðilar í sjávarútvegi féllust á þetta sjónarmið í sáttanefndinni og kröfuna um gleggri afmörkun á nýtingarréttinum. Niðurstaðan er að því leyti merkileg.

Þegar gildishlaðin stóryrðin hafa verið tekin út úr umræðunni blasir við að kjarni deilunnar snýst um félagsleg markmið fleiri atvinnutækifæra eða kröfur um arðsemi. Flestir vilja þó ganga bæði í austur og vestur. Eftir lögmáli náttúrunnar enda þeir með að snúast í hring. Þess vegna er erfitt að ná niðurstöðu.

## Hæsta stig lýðræðis?

**R**íkisstjórnin bauð til viðræðna um breiða sátt í sjávarútvegsmálum. Þegar hún liggur fyrir getur stjórnin ekki samþykkt sáttina vegna innbyrðis ágreinings. Hnútum er svo hent í þá sem að sáttinni stóðu.

Ríkisstjórnin bað aðila vinnu-markaðarans um stöðugleikasáttmála. Hún gat ekki eftir sinn hluta vegna ágreinings í eigin röðum. Þá réðist fyrrverandi félagsmálaráðgjafi á forseta Alþýðusambandsins og bar honum á brýn stéttasam-

vinnu. Það er versta skammaryrðið í orðabók stéttastríðshugmyndafræðinnar.

Ríkisstjórnin hefur tvívegis gert samninga við Breta og Hollendinga um lausn á Icesave. Í hvorugt skiptið hefur hún haft styrk til að ljúka málinu. Eftir breytingar á ríkisstjórninni er sú staða óbreytt. Þá kallar nýr efnahagsráðgjafi á samstöðu með stjórnarandstöðunni.

Meirihluti Alþingis fól ríkisstjórninni að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Áhrifaríkar stjórn-

arflokkurinn vinnur svo af öllu afli gegn þeirri ákvörðun.

Eftir því gildismati sem fyrrum ríkti í stjórn málum voru vinnubrögð af þessu tagi ekki viðurkennd; svo ekki sé tekið dýpra í árinna. Slík háttsemi er aftur á mótí eftir nýju gildismati á Alþingi skilgreind sem hæsta stig lýðræðis.

Enn eru þeir þó til sem finnst að þessi skilgreining á lýðræðisþroska byggist á gildismati sömu upphafningar og leiddi til hruns krónunnar og bankanna.



# 3xstörf@Skýrr

Skýrr óskar eftir nýjum nördum í landsliðið

## Hugbúnaðarfólk Sérlausnir

Skýrr leitar að öflugum einstaklingum til að sinna ráðgjöf og þróun sérlausna. Leitað er að fólki sem hefur reynslu af margs konar tækni-umhverfi og háskólamenntun í tölvunarfræði, verkfræði eða skyldum greinum. 3-5 ára starfsreynsla er æskileg.

Mörg stærstu fyrirtæki og stofnanir landsins eru viðskiptavinir Skýrr á sviði sérlausna og almennrar ráðgjafar á sviði upplýsingatækni. Unnið er í fjölbreyttu tækni-umhverfi þar sem helsta markmiðið er að mæta þörfum viðskiptavinarins með fyrsta flokks þjónustu.

Sérfræðingar Skýrr þjónusta aðila í öllum atvinnugreinum og sinna þar fjölbreyttum verkefnum allt frá smáum ráðgjafaverkefnum upp í sérsníðni á stórum rauntímakerfum.

## Hugbúnaðarfólk Samþætting

Skýrr leitar að hugbúnaðarfólki sem hefur áhuga á að starfa við samþættingu upplýsingakerfa. Einkum er litið til verkfræðinga, tölvunarfræðinga og kerfisfræðinga með reynslu af hugbúnaðargerð í fjölbreyttu umhverfi.

Samþætting upplýsingakerfa hefur verið áherslusvið hjá Skýrr til fjölda ára og viðskiptavinir eru jafnt innlendir sem erlendir. Unnið er með fyrsta flokks verkfæri á þessu sviði, meðal annars frá webMethods, Tibco og Microsoft.

Ef þú hefur góða þekkingu eða reynslu á sviði gagnagrunna, Java/J2EE, XML, .NET eða forritun viðskiptakerfa og vilt vinna við það sem efst er á baugi í upplýsingatækni og rafrænum viðskiptum þá er þetta starf fyrir þig.



## Forritarar Veflausnagúrú

Skýrr leitar að gúrú í vefmálum til að vinna við forritun og uppsetningu vefja fyrir stóran hóp viðskiptavina fyrirtækisins. Í boði eru góð laun og spennandi verkefni hjá traustu fyrirtæki.

Viðkomandi þarf að hafa gott vald á CSS, HTML, XML, JavaScript, jQuery og .NET. Þekking og reynsla af forritun vefja er nauðsynleg og háskólagráða æskileg.

Leitað er að manneskju með ástríðu fyrir vefmálum, manneskju sem fylgist vel með straumum og stefnum á þessu sviði.

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Óðinsdóttir mannauðsstjóri Skýrr í 569 5100 eða [ingibjorg.odinsdottir@skyr.is](mailto:ingibjorg.odinsdottir@skyr.is). Umsóknarfrestur er til og með 20. september næstkomandi. Fullum trúnaði heitið. Öllum umsóknum svarað.



### Ennisblað

Umsækjandi þarf að búa yfir mikilli framkvæmdafærni, vera með góða rökhugsun og eiga auðvelt með að skipuleggja sig, tjá sig og leysa vandamál viðskiptavina.

### Hvirfilblað

Umsækjandi þarf að vera vinnuglaður og eiga auðvelt með að skynja og bregðast við áreiti, hvort sem það er frá viðskiptavinum eða samstarfsfólki.

### Hnakkblað

Umsækjandi þarf að eiga auðvelt með að lesa og skilja skriflegar óskir jafnt samstarfsfólks sem viðskiptavina.

### Gagnaugblað

Umsækjandi þarf að hafa gott minni til að viðhalda góðu sambandi við viðskiptavini og hafa yfirsýn yfir fjölmörg krefjandi verkefni.

## Skýrr í hnotskurn

Skýrr er stærsta og skemmtilegasta fyrirtæki landsins í upplýsingatækni. Starfsfólk fyrirtækisins er yfir 340 talsins og viðskiptavinir eru um 3.000.

Skýrr býður atvinnulífnu samþætta heildarlausnir á sviði hugbúnaðar, rekstrar og fjölbreyttrar ráðgjafar. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru við Ármúla í Reykjavík.

Starfsfólkið er helsta auðlind Skýrr. Fyrirtækið er fjölskylduvænt, jafnréttissinnað og tekur tillit til persónulegra aðstæðna fólks. Starfsfólkið er samhentur hópur sérfræðinga með jákvætt viðmót og liðsandann í öndvegi. Sveigjanlegur vinnutími er í boði og vinnuaðstaðan er nútímaleg, opin og þægileg.

Skýrr rekur frábært mötuneyti, með bæði heilsufæði og heimilismat. Fyrsta flokks kaffivélar með sérmöluðum eðalbaunum og sóðavatn þykja sjálfsgöð lífsgeði.

Félagslíf innan Skýrr er kraftmikið og líflegt. Óvæntar uppakomur eru tíðar. Aðstaða fyrir börn er góð. Pool-borð, pílukast og tölvuleikjahorn eru til staðar.

Gildi Skýrr eru ástríða, snerpa og hæfni.

569 5100  
[skyr@skyr.is](mailto:skyr@skyr.is)

**SKÝRR**  
Velkomin

# Bentu á þann ...



## Tilnefningar óskast!

Hvatningarverðlaun ÖBÍ verða veitt 3. desember nk. þeim sem hafa stuðlað að jafnrétti, sjálfstæðu lífi fatlaðra og einu samfélagi fyrir alla.

Verðlaun eru veitt í flokki:

1. Einstaklinga
2. Fyrirtækja/stofnana
3. Umfjöllunar/kynninga

## Þekkir þú einhvern sem er verðugur verðlaunahafi?

Sendu okkur tilnefningu fyrir 15. september nk. á þar til gerðu eyðublaði sem nálgast má á [www.obi.is](http://www.obi.is).



Undirbúningsnefnd Hvatningarverðlauna ÖBÍ 2010

Hringdu í síma

# 512 50 60

ef blaðið berst ekki



# Stjórn fiskveiða

Sjávarútvegur

Björn Valur Gíslason

alþingismaður



Niðurstaða starfshóps um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða liggur nú fyrir. Tilgangur með skipun hópsins var að skilgreina helstu álitæfni sem fyrir eru í löggjöfni, láta vinna nauðsynlegar greiningar og leggja fram valkosti til úrbóta. Markmiðið var að leggja grunn að nýrri og betri löggjöf sem skapaði sjávarútveginum góð rekstrarskilyrði til langs tíma og að sem víðtækust sátt yrði um fiskveiðistjórnunina meðal þjóðarinnar. Starfshópurinn skilaði skýrslu til sjávarútvegsráðherra með niðurstöðum sínum um einstök mál og gerði tillögur til úrbóta í þeim álitæfnum sem uppi hafa verið í greininni. Auk þess leggur hópurinn fram valkosti um leiðir við stjórn fiskveiða til langs tíma og líklegt er að sem mest sátt geti verið um.

### Meginniðurstöður

Í stuttu máli er meginniðurstaðan sú að allir aðilar starfshópsins að undanskildum LÍÚ eru þeirrar skoðunar að í stjórnarskrá lýðveldisins verði skýrt kveðið á um að fiskistofnar við landið séu sameign þjóðarinnar. Um þetta er þverpólitísk niðurstaða allra flokka á Alþingi og fullt samkomulag allra hagsmunaaðila í sjávarútvegi – nema LÍÚ. Sjónarmið þeirra sem hafa haldið því fram að fiskurinn í sjónum sé séreign tiltekinna aðila hafa því beðið fullkomið skipbrot. Aðeins rétt rúmt ár er liðið síðan sjálfstæðismenn á Alþingi beittu málþófi og tóku þingið í gíslingu til að koma í veg fyrir að gerðar yrðu breytingar á stjórnarskrá landsins í þessa veru. Nú hafa þau sjónarmið verið brotin á bak aftur og þverpólitísk samstaða orðin um meðferð málsins.

Í öðru lagi er það niðurstaða meirihluta starfshópsins, að eiganandi auðlindarinnar (þjóðin) geti

gert tímabundna afnotasamninga við þá sem vilja nýta fiskistofnana við landið gegn gjaldi og tilteknum öðrum skilyrðum. Með þeim hætti er verið að fara álíka leið og farið er með aðrar sameiginlegar auðlindir, þ.e. eignarhaldið sé skýrt og samningar gerðir um tímabundin afnot. Í þriðja lagi er starfshópurinn samhljóða um að aflaheimildum skuli skipt upp í tvo potta. Annar potturinn verði til ráðstöfunar innan aflamarkskerfisins gegn samningum um afnot eins og áður segir en hinn ætlaður til atvinnu- og byggðatengdra aðgerða. Hlutfall þessara tveggja potta verði lögbundið þannig að báðir stækki eða minnki eftir því

heimildum þurfi að vera tengdur við byggðir til atvinnusköpunar. Starfshópurinn er sammála um að heimild til framsals aflamarks þurfi að þrengja frá því sem nú gildir, afnema eða eingöngu heimila skipti á aflaheimildum. Ef framsal verði leyft fari það fram á vegum opinberra aðila þannig að tryggt sé að aðgangur að heimildum verði jafn öllum sem áhuga hafa. Hér er skiljanlega aðeins drepit á örfáum atriðum í skýrslu starfshópsins sem er bæði yfirgripsmikil og fróðleg aflestrar.

### Ný hugmyndafræði

Aðalatriðið er að breið samstaða hefur náðst um nýja hugmynda-



Tillögur hópsins eru að mínu mati vel rökstuddar, byggðar á haldgóðum upplýsingum og til þess fallnar að ná sátt hjá þjóðinni um þessa

mikilvægu atvinnugrein og leiða til lykta þau deilumál sem uppi hafa verið í greininni.

hvort útgefnar heimildir aukist eða dragist saman hverju sinni. Það er mat mikils meirihluta hópsins að byggða- og atvinnumál verði betur tryggð með þessum hætti frekar en að aflaheimildir verði boðnar upp á markaði á hverju ári eins og gerð hefur verið tillaga um. Stefnulaus hönd markaðarins tekur ekki tillit til slíkra sjónarmiða og virðir engin mörk í því tilliti. Það ættu menn að vera búnir að læra af sárri reynslu í þróun byggðar á Íslandi á undanförunum áratugum. Í fjórða lagi gerir starfshópurinn ítarlega grein fyrir þeim álitæfnum sem uppi hafa verið í sjávarútvegi á síðustu árum og gerir tillögur til úrbóta í þeim efnum. Í því sambandi má nefna að takmarka verði hve stórt hlutfall veiðheimilda megi vera á einni hendi og kanna þurfi innbyrðis tengsl fyrirtækja í sjávarútvegi með það í huga. Starfshópurinn leggur áherslu á að aflahlutdeildir eða tryggur aðgangur að afla-

fræði við stjórn fiskveiða og sjónarmiðum þeirra sem farið hafa með þau mál á hinum pólitíska vettvangi undanfarna tvo áratugi, hefur verið vísað frá með afdráttarlausum hætti. Sú samstaða er á milli stéttarféлага sjómanna, sveitarféлага, fiskframleiðenda, LÍÚ, Landssambands smábátæigenda og allra stjórnmalaflokka á Alþingi utan Hreyfingarinnar. Það er sannfæring mín að tillögur starfshópsins verði til að móta nýtt upphaf við stjórn fiskveiða hér á landi. Tillögur hópsins eru að mínu mati vel rökstuddar, byggðar á haldgóðum upplýsingum og til þess fallnar að ná sátt hjá þjóðinni um þessa mikilvægu atvinnugrein og leiða til lykta þau deilumál sem uppi hafa verið í greininni. Á grundvelli vinnu starfshópsins og þeirra valkosta sem hann bendir á mun ráðherra síðan ákvarða frekari tilhögun við endurskoðun fiskveiðilöggjafarinnar.

# Írská leiðin

Orkumál

Jóhann L. Helgason


skrifar



Það er alveg með ólíkindum hvað fyrverandi og núverandi ríkisstjórnir eða miklu af ónýtu þúðri í orkumálaumfjöllun sinni. Það er eins og stefnuleysið í orkumálum sé algert. Það er þó helst að núverandi íðnaðarráðherra hafi einhverja stefnu og er hún aðalega fólgin í því að selja orkuna úr landi, og það er einmitt það sem hún er byrjuð að framkvæma, því miður.

Að hennar mati er það nægjanlegt fyrir íslenska þjóð að orkulindirnar sjálfar skuli vera í eigu Íslendinga. Og hvert ættu orkulindirnar svo sem að fara.

Hvaða gagn hafa Íslendingar af orkulindum sínum þegar orkan sjálf er horfin úr landi. Það er svona álíka og að segja við innbrotshjóf sem er staðinn að verki að hann megi taka öll verðmætin úr peningaskápnnum svo lengi sem hann skilji bara skápin eftir. En lausnin við þessum vandræðagangi öllum er kanski fólgin í Írsku leiðinni sem er einföld, snjöll og áhrifarík. Að þjóða erlendur fyrirtækjum að koma til Íslands þar sem stjórn-



Þjóð til þings  
Þjóðfundur 2010  
um stjórnarskrá Íslands

## Fékkstu boð á Þjóðfundinn 6. nóvember 2010?

Við hvetjum þig eindregið til að þiggja boðið.  
Skráðu þig á fundinn og láttu  
rödd þína heyrast í umræðunni um  
stjórnarskrá Íslands.

Stjórnlaganefnd

Skráning: [www.thjodfundur2010.is](http://www.thjodfundur2010.is) – [skraning@thjodfundur2010.is](mailto:skraning@thjodfundur2010.is) – Sími: 580-8009

# Sannleikurinn er sagna bestur

## Suðurnes

Kristján L. Möller

alþingismaður og  
fyrirverandi ráðherra



Undanfarið hefur átt sér stað ótrúleg umræða að frumkvæði Árna Sigfússonar bæjarstjóra í Reykjanesbæ og Böðvars Jónssonar bæjarfulltrúa, umræða sem hefur blossað upp aftur núna í tengslum við hafnararmál í Helgúvík og alvarlegan fjárhagsvanda sveitarfélagsins.

Suðurnesjamenn hafa um skeið undirbúið byggingu álvers í Helgúvík og í því skyni farið af stað með umfangsmiklar og fjárfrekar hafnarframkvæmdir. Ég, sem fyrirverandi samgönguráðherra fæ ákútur fyrir að hafa ekki veitt fé til framkvæmdanna úr ríkissjóði.

Alltaf minnst þessir tveir menn á loforð sem þeir eiga að hafa fengið frá ríkinu. Nú veit ég ekki hvað fór á milli forystumanna sjálfstæðisflokksins í ríkisstjórnnum fyrri ára og sjálfstæðismanna í Reykjanesbæ en það hljóta allir að sjá að ég get ekki uppfyllt loforð sem hvorki er að finna í samgönguáætlun né fjárlögum undanfarinna ára. Eins skilst mér að því hafi verið haldið fram að ég hafi lofað að fela ráðuneytisstjóra samgönguráðuneytisins að hefja undirbúning að gerð sértækra laga um Helgavíkurhöfn. Slíkt er ekki sannleikanum samkvæmt.

### Ekki í áætlun sjálfstæðismanna

Í þessu sambandi er rétt að vekja sérstaka athygli á því að árið 2003, í tíð ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, var gerð sú lagabreyting á hafnalögum að ekki er heimilt að styrkja stækkun hafna með fjárveitingum úr ríkissjóði. Á samgönguáætlun árána 2007 til 2010 voru engar fjárveitingar til hafnaframkvæmda í Helgúvík og heldur ekki í tillögu til þingsályktunar fyrir tólf ára samgönguáætlun 2007 til 2018, sem reyndar fékkst ekki afgreidd á Alþingi. Umrædd lagabreyting á hafnalögum var samþykkt í tíð fyrirverandi samgönguráðherra, samflokksmanns þeirra Árna og Böðvars.

Þetta hafa Suðurnesjamenn verið upplýstir um að minnsta kosti í tvígang formlega, með bréfi til bæj-

völd bjóða þeim mjög ódýrar eða hugsanlega fríar lóðir, ríflegan skattaafslátt t.d. fyrstu tíu árin, sangjarnt raforkuverð, og vernd að umhverfi fyrir starfsemi sína. Þetta mundi færa okkur miklar skatttekjur, fjöldi starfa og mikla orkusölu í það minnsta. En þetta þýðir auðvitað að innleysa þarf alla orku landsins til ríkisins sem allra fyrst og skilja ekkert eftir. Þetta gekk vel hjá Írum sem höfðu þó ekkert ódýrt rafmagn að bjóða sem mundi vera þungamiðjan í tilboði Íslendinga.

Ég held því að þeir Árne og Böðvar verði að líta sér nær.

arstjóra þann 23. júní 2009 og með bréfi til Reykjanesshafnar þann 14. október 2009. Í síðara bréfinu var vísað sérstaklega til þess að framkvæmdin falli ekki innan gildandi lagaheimilda um þátttöku ríkissjóðs í fjármögnun verkefnisins.

### Beitti sér ekki sem aðstoðarmaður

Það sem er einnig áhugavert fyrir Suðurnesjamenn er að Böðvar Jónsson var aðstoðarmaður fjármálaráðherra í mörg ár og á þeim tíma var unnið að samgönguáætlun 2007 - 2010. Sú samgönguáætlun var samþykkt af Alþingi þann 17. mars 2007. Í þeirri samgönguáætlun var engin fjárveiting til hafnarframkvæmda í Helgúvík, né í fjárlögum.

Ég held því að þeir Árne og Böðvar verði að líta sér nær í leit að sökudólgum hvað varðar alvarlega fjárhagsstöðu Reykjanesbæjar.

„Margur brýtur vönd yfir eigin hönd“

# Áskorun til alþingismanna

## Stjórnsmál

Tryggvi Gíslason

fyrirverandi  
skólameistari



Íslensk þjóð hefur oft gengið í gegnum erfiðleika og sigrast á þeim. Það mun hún einnig gera nú með dugnaði og samstöðu á grundvelli sameiginlegra verðmæta, aukinnar menntunar og náttúruauðlinda.

Það sem skiptir máli, er að allir taki höndum saman: stjórnsmálsmenn, launþegasamtök og samtök atvinnulífsins, embættismenn, full-

trúar almennings og fjölmiðlar – og horfi fram á veginn.

Undanfari endurreisnar efnahagslífs er pólitísk endurreisn, bætt siðferði í stjórnsmálum, aukinn heiðarleiki í viðskiptum og fjármálum og þroskuð umræðuhefð, mannvirðing og jafnrétti á öllum sviðum.

Þegar við höfum fast land undir fótum, heimilum landsins hefur verið bjargað úr skuldafeni, óttinn er horfinn og dómgirni hefur vikið fyrir yfirvegaðri umræðu, reynum við að átta okkur á því hvað gerðist.

En fyrsta skrefið er samvinna alþingismanna og myndun þjóðstjórnar. Alþingismenn allra flokka sameinist!



landsbankinn.is/fjarhagur

Blogg og hljóðpistlar um fjármál.

# Námskeið um réttindi lífeyrisþega

Landsbankinn kynnir röð fjármálanámskeiða fyrir almenning undir yfirskriftinni **Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld**. Markmið þeirra er að auðvelda fólki að öðlast betri yfirsýn yfir fjármálin.

Á næstu fjármálakvöldum verður farið yfir helstu breytingar sem gerðar voru á réttindum og greiðslum lífeyrisþega frá Tryggingastofnun ríkisins á árinu 2009. Starfsfólk á Réttindasviði TR kynnir breytingarnar og svarar fyrirspurnum ásamt sérfræðingum bankans.

### Næstu námskeið

**23. september kl. 20**

Útibúið í Grafarholti, Vínlandsleið

**30. september kl. 20**

Útibúið í Keflavík, Hafnargötu 57

**7. október kl. 20**

Félagsmiðstöðin Hlymsdalir  
Miðvangi 6, Egilsstöðum

Skráning og nánari upplýsingar á  
landsbankinn.is og í síma 410 4000.


Allir velkomnir.

**FYRIR  
229 KRÓNUR  
FÆRÐ ÞÚ:**



VHS SPÓLU Í  
KOLAPORTINU

EDA



FRÁBÆRA SKEMMTUN Í  
HEILAN SÓLARHRING FYRIR  
ALLA FJÖLSKYLDUNA

Stöð 2, Stöð 2 Bíó og Stöð 2 Extra kosta  
aðeins 229 krónur á dag í Stöð 2 Vild.

Tryggðu þér áskrift í dag!

FJÁRMÁLARÁÐGJÖF | landsbankinn.is | 410 4000



Landsbankinn

**BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS**

# Það er einfaldlega ódýra

VINSÆLUSTU  
PRÓTEINDRYKKIRNIR  
FÁST Í BÓNUS



**157**  
KR. 250ml  
HÁMARK PRÓTEINDRYKKUR



**157**  
KR. 250ml  
MS HLED SLA 250ml

ROOKEE NÚÐLUR 4 TEG  
**29 KR.PK**



ROOKEE NÚÐLUR 85G

BÓNUS VANILLUÍS  
MEÐ FYLLINGU 1 LTR.



**198**  
KR. 1 kg.

BÓNUS VANILLUÍS 1.LTR MEÐ SÚKKULADIFYLLINGU  
BÓNUS VANILLUÍS 1 LTR.MEÐ KAREMELLUFYLLINGU



**198**  
KR. 165g  
DORITOS SNAKK 165g TVÆR TEGUNDIR



**198**  
KR. 160g  
BÓNUS SNAKK 160g FJÓRAR TEGUNDIR



**259**  
KR. 250g  
FROSIN HINDBER 250g



**259**  
KR. 250g  
FROSIN BLÁBER 250g



**259**  
KR. 350g  
FROSIN BERJABLANDA 350g



**398**  
KR. KG  
BÚRFELLS FROSID BLANDAÐ HAKK



**139**  
KR. 2 stk  
EUROSHOPPER 2 STK FROSIN HVÍTLAUKSBRÁUÐ M.KRYDDJURTUM

Hafragrautur er algerlega  
ómissandi í heilsuáttakinu og ein  
ódýrasta máltíð sem völ er á!



**69**  
KR. 500g

EUROSHOPPER HAFRAMJÖL 500g  
BÓNUS AMERISKAR RÚSÍNUR 500g



**259**  
KR. 500g



**98**  
KR. 1 ltr.



**98**  
KR. 1 ltr.



**98**  
KR. 2 ltr.



SÆLGÆTISBARINN  
ENGINN AFSLÁTTUR  
BARA LÁGT VERÐ  
ALLA DAGA  
90 kr 100g poki

AFGREIÐSLUTÍMI  
LAUGARD: 10-18  
SUNNUD: 12-18

**BONUS BÝÐUR BETUR**

Hér færðu veititengda  
VILDARPUNKTA  
VISA Vildarklöbbur



# ara að versla í Bónus



K.S FERSKT  
LAMBALÆRI AF  
NÝSLÁTRUÐU  
1298 KR/KG



ÍSLANDSLAMB FROSINN HÁLFUR  
LAMBASKROKKUR SLÁTRUN 2010

798 KR./KG.



898

KR.KG

FERSKAR ÚRBEINADAR  
GRISAHNAKKASNEIDAR



898

KR.KG

ALI FERSKAR  
GRISAKÖTILETTUR

Hollenskar frosnar ungnautalundir



2698 KR./KG.

Ferskar koníakslegnar grísalundir



1798 KR./KG.

GULRÓTARKAKA



898

KR.760g

BÓNUS GULRÓTARKAKAN TVEGGJA LAGA 760g



139

KR.KG

ÍSLENSKAR KARTÖFLUR Í LAUSU GULLAUGA OG RAUÐAR



SÁTT VIÐ NÝFENGJÓ FRELSI Álfheiður Ingadóttir fékk heilbrigðisráðuneytið í fangið með litlum fyrirvara. Hún stendur stolt upp úr stóli en sér fram á miklar breytingar. Sumar verða óvinsælar að hennar sögn, aðrar breytingar verða leiðréttingu á réttindamálum sem lengi hafa verið í umræðunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Pólitísk kúvending átti sér stað

**Álfheiður Ingadóttir** segist stíga sátt upp úr stóli heilbrigðisráðherra en saknar þess þó að ná ekki að leiða nokkur mál til lykta. Hún segir það vissan létti að vakna án þeirrar ábyrgðar sem heilbrigðisráðherra ber á herðum sér dag frá degi. Mikilla breytinga er að vænta í heilbrigðismálum, eins og *Svavar Hávarðsson* komst að. Sumar verða óvinsælar, aðrar gríðarleg réttarbót.

**Á**lfheiður Ingadóttir tók við embætti heilbrigðisráðherra 1. október 2009. Hún segir það hafa verið stórt skref fyrir sig persónulega enda tímamunkturinn viðkvæmur í fleiri en einum skilningi. Kallið kom með litlum fyrirvara og verkefnin risavaxin.

*Eru það ekki vonbrigði að hafa aðeins setið í tæpt ár í stóli heilbrigðisráðherra?*

„Nei, í sjálfu sér ekki. Þetta var óvænt tækifæri. Ég datt þarna inn um miðja nótt við mjög sérkennilegar og erfiðar aðstæður. Ekki bara í samfélaginu vegna efnahagshrunsins heldur líka innan flokksins. Ögmundur hafði sagt sig frá þessum verkum og úr ríkisstjórn. Þess vegna var þetta erfitt og óvænt en einnig mikið tækifæri. Ég er sátt þegar ég lít yfir þetta ár. Ég hefði viljað halda áfram verkefnanna vegna en ég veit að þau eru í góðum höndum. Svo eru verkefnin líka ærin utan ráðuneyta fyrir þingmenn ríkisstjórnarinnar.“

*Hvar er heilbrigðisþjónustan stöð?*

„Mér finnst við hafa náð að halda sjó í heilbrigðisþjónustunni og miðað nokkuð áfram, þrátt fyrir erfiða tíma. Það er verið að byggja upp til framtíðar þrátt fyrir niðurskurð, til dæmis með nýjum Landspítala. Það er ég ánægð með og eins kom það mér þægilega á óvart hvað stefnumál mín og Vinstri grænna eiga mikinn hljómgrunn innan heilbrigðisþjónustunnar.“

Samfélagið allt hefur breyst og kröfurnar um leið. Einkavæðingaráformin, sem voru hluti af frjálslyggjunni og haldið var hátt á lofti, ristu ekki djúpt innan heilbrigðisþjónustunnar. Þessi áhersla lá hjá stjórnmalámonnum. Stefna míns flokks um samfélagslega ábyrgð stendur hins vegar styrkum stöðum meðal þeirra sem starfa innan þessa geira. Ég get nefnt áhersluna á að styrkja heilsugæsluna og gera hana þverfaglega; að það

nefni Akureyri þar sem sveitarfélagið annast heilsugæsluna. Það er fyrirkomulag sem hefur verið á stefnuskrá okkar lengi og menn eru nú tilbúnir að ræða í víðara samhengi. Það sama á við um tilvísanakerfið sem var bannorð fyrir ekki löngu. Nú hafa viðhorfin breyst, sama við hvern er rætt, allir eru tilbúnir – ekki bara að ræða málin, heldur koma með tillögur og leggja drög að slíku kerfi. Í þessu samhengi verður þó að muna að það er ómögulegt að

ar voru komnar niður í átta, við gátum fjölgað þeim upp í tólf en tillögur í áfangaskýrslu vinnuhóps frá því í sumar eru að þær verði 25 á ári. Það þarf átak til að manna heilsugæsluna upp á nýtt og ég trúir að því hafi nú verið ýtt úr vör.“

*Hefur ekki allt of mikil áhersla verið lögð á sjúkrahúspáttinn í rekstri heilbrigðisstofnana á kostnað heilsugæslunnar?*

Jú, það er mín skoðun. Það er mögulegt að spara mikla fjármuni

fólk inn heldur einnig um forvarnir og þjónustu utan spítalanna, meðal annars með heimahjúkrun og í skólunum.“

*Hvaða skoðun hefur þú á þeirri pólitík að fimm heilbrigðisráðherrar hafa komið og farið á mjög stuttum tíma, sennilega á jafn mörgum árum. Standa svo tíð mannskipti ekki árangri fyrir þrifum?*

„Eflaust er erfitt fyrir starfsmenn ráðuneytanna að setja sífellt nýja menn inn í málin og átta sig á því hver persónuleiki viðkomandi er og pólitísk afstaða. En fyrst og fremst er þetta erfitt þegar um stór pólitísk álitamál er að ræða. Þegar ég kom að ráðuneytinu höfðu pólitískir stórsjórir gengið yfir það aftur og aftur. Í stjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar, með Guðlaug Þór Þórðarson á ráðherrastóli, sveif einkavæðingarstefnan yfir öllu, þó margt hafi verið vel gert. Það átti að útvísta stórt sem smátt og það voru átök um þessa markaðsvæðingu innan heilbrigðisþjónustunnar eins og annars staðar í samfélaginu. Markaðurinn átti að ráða för, skipulagi og gæðum þjónustunnar. Sjúkratryggingastofnun Íslands, sem sett var á stofn með mjög sérstökum hætti árið 2008, var liður í þessari þróun. Þegar Ögmundur kom þarna inn 1. febrúar 2009 og ég svo um haustið verður pólitísk kúvending í ráðuneytinu, pólitísk kúvending sem varð reyndar í samfélaginu öllu.“



Ég datt þarna inn um miðja nótt við mjög sérkennilegar og erfiðar aðstæður. Ekki bara í samfélaginu vegna efnahagshrunsins heldur líka innan flokksins. Ögmundur hafði sagt sig frá þessum verkum og úr ríkisstjórn. Þess vegna var þetta erfitt og óvænt en einnig mikið tækifæri.

verði ekki bara lækna og hjúkrunarfræðingar heldur líka aðrar heilbrigðisstéttir sem komi þar að. Þetta er nokkuð sem ég setti í nýjan farveg og nefnd sem ég stofnaði gerir tillögur meðal annars um tilvísanakerfi, forvakt og öflugra heilsugæslu og heimaþjónustu. Eins eru allir sammála um að styrkja þarf heilsugæslu í skólunum, tannvernd get ég líka nefnt og fleira. Efling heilsugæslunnar er mjög brýn, ekki síst hér á höfuðborgarsvæðinu, en það er staðreynd að heilsugæslan er miklu betri víða út um land. Ég

taka upp tilvísanakerfi öðruvísi en að efla heilsugæsluna verulega.“

*Hvernig er mögulegt að efla heilsugæsluna?*

„Með því meðal annars að fjölga heilsugæslulæknum og styrkja svokallaða fjölskylduhjúkrun. Það hefur komið fram að stétt heilsugæslulækna eldist hratt og lítið var sótt í námið. Hins vegar hefur einnig orðið viðhorfsbreyting þar. Fimm námsstöður voru auglýstar í vor og nítján sóttu um. Það er skylda stjórnvalda að bregðast við þessum áhuga. Námsstöðurn-

og veita jafngóða eða betri þjónustu með breyttum áherslum og veita hana á viðeigandi stað í kerfinu. Það þarf líka að laga þjónustuna að breyttum tímum. Menn lifa núorðið lengi, jafnvel árum og áratugum saman eftir að hafa barist við illvíga sjúkdóma eða langvinna eins og til dæmis sykursýki. Í stað þess að rétta fólk staf er skipt um mjaðmarlið. Það þarf að koma til móts við þessa þróun, styrkja heilsugæslu, göngudeildir og þjónustu við króníska sjúklinga. Góð heilbrigðisþjónusta snýst ekki bara um það að leggja

FRAMHALD Á SÍÐU 24



# Orlando Florida



HÚS MEÐ  
EINKASUNDLAUG  
VERÐ Á MANN FRÁ  
**110.800 kr\***  
Brottför: 2. okt - 8 nætur



Alamo Vacation Homes

#### FRÁBÆR FJÖLSKYLDUKOSTUR!

Alamo Vacation Homes eru vel útbúnar íbúðir og hús á Kissimmee svæðinu sem staðsett er u.þ.b 20 km frá Orlando. Um er að ræða íbúðir með 2 eða 3 svefnherbergjum og hús með 3 svefnherbergjum. Einnig hægt að fá stærri hús. Stærri hús eru með einkasundlaug.

#### VERÐ FRÁ:

**110.800kr.\***

m.v. 8 fullorðna í húsi með einkasundlaug.  
Brottför: 2. október – 8 nætur

#### Óendanleg uppspretta skemmtunar!

Úrval Útsýn býður upp á nýjung í haust og flýgur til Orlando í Bandaríkjunum! Orlando er fjölbreytt borg og hefur upp á að bjóða þekktustu skemmtigarðar heims, Disney World, Sea World, Universal Studios ásamt mörgum öðrum. Úrval af frábærum golfvöllum, sófnum, verslunarmiðstöðvum og veitingastöðum. Í boði verður fjölbreytt úrval gistinga á mjög hagkvæmu verði og staðsetning sumra þeirra gerir bílaleigubílinn óþarfan.



ÚRVAL-ÚTSÝN

Sími 585 4000

MEIRA Á  
[urvalutsyn.is](http://urvalutsyn.is)

## FRAMHALD AF SÍÐU 22

Frjálslyggjustefnan hrundi en heilbrigðiskerfið stóð það hrun af sér; ólíkt bönkunum þar sem búið var að klára dæmið og ljúka einkavæðingunni. En mannbreytingar verða alltaf samofnar stjórn-málum og ráðuneytin eru full af fagfólki sem leggur sig fram um að aðstoða og vinna með nýjum manni í brúnni.“

Þú talar um Sjúkratryggingar Íslands í samhengi við einkavæðingaráformin. Var það ástæðan fyrir því að þú skiptir stjórninni út?

„Ástæðan var tvíþætt. Tæknilegs eðlis þar sem stjórnin var ekki rétt skipuð samkvæmt lögnum. Hinu er ekki að leyna að framúrkeyrsla Sjúkratrygginga er ólíðandi. Mér fannst ríkja ákveðin uppgjöf innan stjórnarinnar gagnvart því að halda sig innan ramma fjárlaga. Það átti sinn þátt í þessu. Stofnunin fór 1,8 milljarða fram úr á síðasta ári og framúrkeyrslan stefnir í 2,5 milljarða á þessu ári. Þarna fannst mér þurfa breytt viðhorf og nýtt fólk. Menn verða að virða fjárlög og það er mikilvægt að þessi stóri útgjaldapóstur, um 30 milljarðar króna, fari ekki milljörðum fram úr fjárlögum á eftir ár.“

Hvaða skoðun hefur þú á sameiningu heilbrigðisráðuneytisins við ráðuneyti félags- og tryggingarmála. Mín tilfinning er sú að ráðuneytin hafi, hvort um sig, verið ærinn starfi fyrir einn mann.

„Eftir að hafa setið í stóli heilbrigðisráðherra í ellefu mánuði, með þau miklu verkefni sem þar eru, þá er ég ósköp fegin að hafa ekki líka haft á mínu borði

málefni atvinnulausra, öryrkja og lífeyrisþega, Íbúðalánasjóð og vinnumarkaðinn svo fátt sé talið.

Markmiðið með sameiningunni er að samþætta það sem er tvíverknaður og í það verður gengið. Það er nefnilega nóg af slíku, ekki síst í þjónustu við aldraða og fatlaða, en það er mín skoðun að það þurfi að skera utan af þessu nýja ráðuneyti. Maður spyr sig til dæmis hvað Landspítalinn og Íbúðalánasjóður eiga sam-

og þörfum samfélagsins á auðveldan og skilvirkan hátt. Síðan má stíga skrefið til baka þegar átakanu lýkur. Þetta vil ég sjá og er, ásamt nokkrum þingmönnum, að hugleiða að flytja frumvarp í vetur þessa efnis. Þó ekki væri til annars en að fá þetta inn í umræðuna.“

Landspítalinn er sérstakt fyrirbæri í íslensku heilbrigðiskerfi. Er hægt að skera meira niður þar? 6,6 milljarðar hafa verið skornir af rekstrinum þar á þrem-

fremst með starfsmannaveltu. Og launin hafa lækkað eins og annars staðar í samfélaginu. Hins vegar tel ég að það verði ekki hægt að skera jafn mikið niður áfram á Landspítalanum.“

Hver verður niðurskurðarkraftan á spítalann á næstu fjárlögum?

„Það þarf að skera niður í heilbrigðisþjónustunni allri á næsta ári um 4,7 milljarða. Til að ná því þarf að mínu mati skipulagsbreytingar, meðal annars

ast þess á vissum stöðum að þar sé skurðstofa og sjúkrahús. En víða er þó hægt, að minnsta kosti tímabundið, að draga saman seglin og treysta á stóru sjúkrahúsin.“

Nú er lyfjakostnaðurinn mjög hár á Íslandi.

„Já, lyfjakostnaðurinn er stórt hlutfall af þeim 100 milljörðum sem fara í heilbrigðisþjónustuna og hann þarf að lækka með öllum ráðum. Ég held að við verðum að nýta okkur betur þá sérstöðu sem við höfum sem lítil markaður og þá möguleika sem evrópska regluverkið býður upp á til að flytja hér inn lyf til dæmis á sama hátt og Malta og Kýpur gera. Það eru margar leiðir til að lækka lyfjakostnaðinn og eitt sem ég setti af stað var athugun á því að endurreisa Lyfjaverslun Íslands. Og það er einnig verið að athuga hvort Landspítalinn geti sjálfur boðið út lyfjakaup sín og jafnvel tekið þátt í norsku útböðum en þar býður sérstök stofnun út öll lyfjakaup norskra sjúkrahúsa. Það myndi spara töluverða fjármuni.“

Lyfjastofnun Evrópu hefur hvatt til þess að ríki komi sér upp innkaupastofnun af þessu tagi til að tryggja samkeppni og aðgengi að ódýrum og góðum lyfjum. Það er glórulaust að ekki sé hægt að kaupa þaulreynd og ódýr lyf hér á landi, ég nefni magnyl og íbúfen, af því að menn græða ekki nægilega mikið á að flytja þau inn, en koma svo með mun dýrari lyf inn á markaðinn sem ríkið þarf að greiða fyrir. Það er ekki verið að tala hér um einokunarverslun. Með stofnun Lyfjaverslunar og útböðum Landspítalans fengi lyfjaverslunin í landinu samkeppni. Er það ekki bara heilbriggt?“



Par var um mikið réttlætismál að ræða sem menn trúðu ekki, til dæmis í fjármálaráðuneytinu, að væri í þeim farvegi sem raunin var. Mönnum kom ekki til hugar að fólk þyrfti sjálft að borga allan þennan kostnað, jafnvel milljónir króna.

eiginlegt og hvort útreikningur tryggingabóta á ekki meira sameiginlegt með skattinum og fjármálaumsýslu í ríkiskerfinu en stefnumörkun heilbrigðis- og félagsþjónustu.“

En eru ekki ráðuneytin alveg niðurnegld og lítið hægt að hnika hlutum til?

„Jú, stjórnarráðið okkar er ekki nægilega sveigjanlegt. Mér hefði fundist rétt að breyta lögum þannig að forsætisráðherra eða ríkisstjórn geti skipt með sér verkum eftir því sem er talið nauðsynlegt hverju sinni. Þetta tíðkast í löndunum í kringum okkur. Danir settu á fót loftlagsráðuneyti þegar þeim fannst nauðsynlegt að einbeita sér að því máli. Í Noregi er ráðuneyti um málefni barna. Með þessu er hægt að bregðast við kalli tímans

ur árum þegar allar stærðir eru reiknaðar. Fimm prósentu niðurskurðarkrafa þýðir tveir milljarðar til viðbótar og að þjónusta, sem við teljum sjálfsagða, verður þá aflögð. Ert þú þeirrar skoðunar að mögulegt sé að ganga mikið lengra í niðurskurði til Landspítalans?

„Ég hef kallað þetta afrek. Að snúa áralöngum hallarekstri við og koma honum á núllið er ekkert annað en afrek, sérstaklega í því ljósi að biðlistar hafa ekki lengst eða aðgengið orðið verra. Stjórnendur og starfsfólk Landspítalans eiga þakkir skildar. Það hefur tekist að verja störfin og þjónustu við sjúklinga án þess að velta kostnaðinum yfir á atvinnuleysisstryggingasjóð, sveitarfélögum eða sjúklinga. Það hefur vissulega fækkað fólki, en fyrst og

ad hætta uppbyggingu á litlum landspítölum vítt og breitt um landið. Við verðum að styrkja stóru sjúkrahúsin, á Akureyri og Landspítalann. Á móti verður að auka nærþjónustuna á eins konar heilsugæslusjúkrahúsum og styrkja sjúkraflutninga. Þetta er sú hugsun sem lagt er upp með í fjárlagatillögum fyrir næsta ár. Þetta getur orðið erfitt sums staðar. En það liggur fyrir að það er ekki hægt að skera niður um 4,7 milljarða án þess að draga úr eða loka ákveðinni þjónustu um tíma. Það er ekki hægt að beita ostaskeranum áfram.“

Getur þú skýrt þetta örlítið nánar?

„Nú verður fjárlagafrumvarpið kynnt 1. október og það gerir nýr ráðherra. En ég get sagt að landfræðilegar aðstæður krefj-





Eru fleiri sóknarfæri varðandi lyfin?

„Það er annað mál sem ég hefði viljað að væri í höfn og það er nýtt endurgreiðslukerfi í lyfjum, svipað því sem tíðkast í Danmörku og í Færeyjum. Þetta er vinna sem Guðlaugur Þór hóf, og hefur verið kennd við nefnd Péturs Blöndal.

Við tókum þann þráð upp aftur í vor og ég vonast til þess að það geti jafnvel verið komið á nýtt og réttlátara endurgreiðslukerfi um áramótin. Það væri til þess að jafna lífskjörin í landinu verulega. Það er búið að tala um þetta lengi og nú er lag. Hópurinn sem er að vinna þetta er vonandi á lokasperttinum.“

Getur þú skýrt þetta betur?

„Þá greiða menn bara fyrir lyf upp að ákveðnu hámarki, eftir aldri og efnahag, svipað og er í lækniskostnaðinum núna þar sem hámarkið er 27 þúsund krónur á ári, fyrir aðra en börn og lífeyrisþega.

Eftir það greiða menn hlutfall af því sem er umfram. Markmiðið er að hlífa þeim sem mest þurfa á lyfjum að halda við þeim mikla kostnaði sem því fylgir. Núna fer lyfjakostnaður frekar eftir sjúkdómum en eftir stöðu einstaklingsins. Sumum sjúkdómum fylgja ókeypis lyf út lífið. En aðrir þurfa að borga mjög mikið fyrir sín lyf.

Þetta er risamál sem dagaði uppi í hruninu, en það er mikilvægt að koma þessu á.“

Það hangir auðvitað margt á spýtunni hvað varðar lyfjamálin.

„Já, ég er mjög ánægð með að hafa tekið ákvörðun um að byrja að bólusetja börn fyrir lungnabólgu og eyrnabólgu. Þar er um gríðarlega stórt forvarnamál að ræða og bólusetningin mun ná til allra barna sem fæðast á næsta ári. Þarna kemur inn mikil sýklalyfjanotkun og ónæmi við þeim lyfjum. Sýklalyf eru ekki niðurgreidd á Íslandi en með nýju endurgreiðslukerfi gæti orðið breyting þar á.“

Er eitthvert eitt mál sem þú ert sérstaklega stolt af?

„Já. Réttarbót fyrir þá sem eru með skarð í vör eða tannleysi. Þó ég hefði ekkert gert annað, hefði ég gengið stolt út úr ráðuneytinu. Þar var um mikið réttlætismál að ræða sem menn trúðu ekki, til dæmis í fjár-

málaráðuneytinu, að væri í þeim farvegi sem raunin var. Mönnum kom ekki til hugar að fólk þyrfti sjálft að borga allan þennan kostnað, jafnvel milljónir króna. Já, ég er stolt af því að hafa breytt þessu til betri vegar, og svo verð ég að nefna Heilsuverndarstöðina en nú hillir undir að hún muni aftur þjóna upphaflegu hlutverki sínu.“



Ég vonast til þess að það geti jafnvel verið komið á nýtt og réttlátara endurgreiðslukerfi um áramótin. Það væri til þess að jafna lífskjörin í landinu verulega.

**ALGJÖR SVEPPI**

**BOLIR MARGIR LITIR 2.499.-**

**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð

Hafðu samband

sími 444 7000 \* arionbanki.is



## Nýr innlánsreikningur

**Skammtímabinding** er óverðtryggður innlánsreikningur og spennandi nýjung fyrir þá sem vilja binda fé sitt í stuttan tíma.

\* Binditími er ákveðinn við stofnun reiknings: 3, 6, 9 eða 12 mánuðir.

\* Lágmarksinnlegg er 500 þúsund krónur og innstæðan er bundin út binditímann.

\* **Nýjung:** Vextir eru **fastir** allan binditímann.

\* Að loknum binditímanum greiðist höfuðstóllinn út ásamt vöxtum.

Viðskiptavinir sem opna **Skammtímabindingu** fyrir **21. september** fá **5,01%** vexti, hvort sem þeir velja 3, 6, 9, eða 12 mánaða binditíma.

Kynntu þér kosti **Skammtímabindingar** á [arionbanki.is](http://arionbanki.is), hringdu í síma 444 7000 eða komdu við í næsta útibúi okkar og kynntu þér fjölbreytt úrval innlánsreikninga.

 Arion banki

# hamanútt

Komdu og sjáðu framtíðina. Sjáðu tvær frumsýningar í einni: Citroën C3 og C5. Komdu. Framtíðin er hafin í Brimborg.



# UÚU

## miki verðlækkun



Sko. Eins og Citroën eigendur, þá erum við hjá Brimborg sérstök og sérvitur. Við erum framúrstefnufólk. Við tökum stefnuna upp á við og lýsum kreppunni lokið. Sóknin er hafin. Okkur líður miklu miklu miklu betur. Komdu á frumsýningu Citroën. Komdu í café & croissant og segðu með okkur 'hananúúúúú, fortíðin er farin og framtíðin hafin'.

Komdu. Brimborg lækkar verð. Mikið. Mjög mikið. Svaka mikið reyndar.



### citroën c3 frumsýning

Með Citroën C3 hefur Citroën fundið upp nýtt borgarrými. Citroën C3 er ekki hylki, heldur sérstakt umhverfi hannað fyrir nútímafólk. Sjáðu hvað Citroën C3 er bjartur. Upplifðu hvað Citroën C3 er þægilegur. Veldu framtíðina. Prófaðu Citroën C3.

**Kreppan er farin  
Sóknin hafin**

### citroën c5 frumsýning

Citroën C5 er framúrstefnulegur. Skoðaðu framvörð hátækni og hönnunar. Líttu til framtíðar með Citroën. Sjáðu nýja nálgun Citroën á gæðum, tækni og þægindum. Prófaðu hvernig hin þekktu vökva-fjörðrun Citroën C5 virkar. Finndu hvernig Citroën C5 lætur þig líða í mestu þægindum yfir ójöfnur sem verða á vegi þínum.

Komdu á Bildshöfða 8. Opíð í dag laugardag frá kl. 12-16.

**Nýttu þér þjónustutilboðin 30%-50%**

Rúðuvökví 2,5L **50% afsláttur** - tilboðsverð 298 kr.  
SONAX hreinsivörupakki **30% afsláttur** - tilboðsverð 2.793 kr.  
Adelljósapera **30% afsláttur** - tilboðsverð 779 kr. fyrir H7 peru.  
Purrkublaðasett **30% afsláttur** - tilboðsverð 4.504 kr. fyrir Citroën C3  
Talaðu við þjónusturáðgjafann um fleiri tilboð.

Citroën C1 SX  
1,0i bensín 68 hö 93 Nm. 5 dyra 5 gíra beinskiptur. Eyðsla blandaður akstur 4,5 l/100km.  
Koltvísýringur CO2 106 g/km.  
**Svaka verð 1.990.000 kr.** **-16,7% verðlækkun**

Citroën C3 SX  
1,6HDi dísil 90 hö 215 Nm. 5 dyra 5 gíra beinskiptur. Eyðsla blandaður akstur 3,7 l/100km.  
Koltvísýringur CO2 99 g/km.  
**Svaka verð 2.990.000 kr.** **-13,0% verðlækkun**

Citroën C4 Saloon SX Comfort  
1,6HDi dísil 90 hö 215 Nm. 5 dyra 5 gíra beinskiptur. Eyðsla blandaður akstur 4,4 l/100km.  
Koltvísýringur CO2 115 g/km.  
**Svaka verð 3.390.000 kr.** **-10,5% verðlækkun**

Citroën C5 Dynamique  
2,0HDi dísil 143 hö 320 Nm. 4 dyra 6 prepa sjálfskiptur. Eyðsla blandaður akstur 7,1 l/100km.  
Koltvísýringur CO2 189 g/km.  
**Svaka verð 5.250.000 kr.** **-12,3% verðlækkun**

Citroën Berlingo Multispace  
1,6HDi dísil 90 hö 215 Nm. 5 dyra 5 gíra beinskiptur. Eyðsla blandaður akstur 5,7 l/100km.  
Koltvísýringur CO2 149 g/km.  
**Svaka verð 3.390.000 kr.** **-9,6% verðlækkun**



Öruggur staður til að vera á



## Þeir ráku féð í réttirnar

Fyrstu fjárréttir haustsins voru Hlíðarréttir í Reykjahlíð í Mývatnssveit sem haldnar voru um síðustu helgi. *Vilhelm Gunnarsson* ljósmyndari Fréttablaðsins var á ferðinni og myndaði bæði göngur og réttir Mývetninga. Ungir sem aldnir tóku þátt í þessum árvissa viðburði og eins og myndirnar sýna svo vel var handgangur í öskjunni.



# SKJÓL ALLA LEIÐINA Í SKÓLANN.

## MAGNI - Parka með hettu

Hlý vattfóðruð barnaúlpá úr slitsterku næloni með skjólgóðri hettu sem hægt er að smella af.

Mjúkur kantur að innanverðu kemur í veg fyrir ertingu af rennilásnum. Smelltur stormlisti hlífir rennilásnum og þéttir einangrun.

Hettan er líka með snúru til að hjálpa til við að hlífa andlitinu frá vindi og úrkomu.

Tveir rúmgóðir smelltir vasar framan á og einn á ermi.

Til að auka enn á þægindin má þrengja með snúru í mittið og við faldinn.

Hægt er að víkka eða þrengja ermarnar fyrir betri einangrun eða til að auka pláss fyrir vettlinga. Auk þess er mjúkt stroff innan í ermum.

**Stærðir:** 92 – 164 **Litir:** Græn og rauð **Verð:** 24.500 kr.

Endurskin að framan og aftan til að sjást betur í morgunrökkrun á leiðinni í skólann.

Skoðaðu **Magna** og allt úrvalið af skólafatnaði í verslunum okkar.

Höfuðborgarsvæðið: Bankastræti 5,  
Faxafen 12, Kringlan, Smáralind og Miðhraun 11  
Akureyri: Glerártorg  
Keflavík: Leifsstöð og söluaðilar um allt land  
[www.66north.is](http://www.66north.is)

Klæddu þig vel



# Með höfði, hjarta og höndum

Fyrir tuttugu árum lagði ung og upprennandi sjónvarpsstjarna leikferilinn á hilluna, yfirgaf heimahagana í Pakistan og hélt til Bretlands í háskólanám. Fáeinum árum seinna hreif ástin hana með sér alla leið til Íslands. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* heimsótti kennarann, matreiðslumeistarann og hugsjónakonuna **Shabönu Zaman** sem vill að Íslendingar vakni til meðvitundar um umhverfi sitt og umheiminn.

**S** autján ár eru liðin frá því að Shabana Zaman steig fyrst á íslenska jörð. „Sagan mín er dæmigerð ástarsaga. Ég kynntist manninum mínum þegar ég var við nám í Bretlandi, við urðum ástfangin og ég fylgdi honum hingað til Íslands,“ rifjar Shabana upp með bros á vör.

Íslenskt samfélag hefur breyst töluvert frá þessum tíma, en þá var þjóðin mun einsleitari en í dag. Engu að síður fann Shabana strax að hún hafði fundið sinn stað í lífinu. „Ég veit ekki hvað það var, en frá fyrsta degi mínum hér á Íslandi fékk ég þá tilfinningu að ég væri komin heim. Og svona líður mér enn í dag. Ég kvarta aldrei yfir veðrinu og mér finnst yndislegt fólk hérna – skemmtilegt, opið og hjálpsamt. Það er að visu dálítið forvitið líka en það er allt í lagi, það var kannski líka ástæðan fyrir því að ég var fljót að ná til þess.“

## Miðlar matarmenningunni

Margir matgæðingar þekkja til Shabönu, sem óhætt er að segja að eigi ríkan þátt í því að færa aust-ræna matarmenningu til Íslands. Allt frá því hún kom hingað fyrst hefur hún haldið regluleg matreiðslunámskeið, auk þess að hitta hópa fólks, elda fyrir þá og kynna þeim menningu sína um leið. Árið 1997 stofnaði hún veitingahúsið Himalaja í Kópavogi en í dag rekur fjölskylda hennar veitingastaðinn Shalimar í Austurstræti, sem enginn sem kann að meta indverskan mat ætti að láta framhjá sér fara. Þar starfa meðal annars þrjú bræður hennar, sem allir eru búsettir hér á landi í dag.

## Ekki bara að elda

Það er ekki bara vegna hæfileika Shabönu til að gæla við bragðlauka sem hún hefur lagt sig eftir því að kynna matarmenningu sína fyrir landanum. „Ég er ekki eingöngu að elda þegar ég bý til mat handa fólki. Þetta er líka mjög gefandi fyrir mig. Í hvert sinn syng ég einfalt lítið vers á tungumáli mínu, urdu, þar sem ég þakka sólinni og jörðinni fyrir matinn sem við erum um það bil að fara að borða. Þetta eru falleg og einföld skilaboð sem minna fólk á að vera þakklátt fyrir það sem það hefur. Þetta er ekki tengt neinum trúarbrögðum. Bara hvatning til fólks að opna augun og muna að jörðin gefur okkur fæðuna og skínandi sólin er orka lífsins. Án þeirra væri ekki neitt á borðinu.“

Henni þykir svolítið vanta upp á að Íslendingar sýni þakklæti fyrir hvað þeir hafa það gott. „Hér á Íslandi eignum við ofsa-lega mikið og kannski erum við ekki nægilega þakklát fyrir það. Allt þetta vatn og öll þessi orka er álitnið sjálfsgáður hlutur. Fólk notar þetta án meðvitundar.“

## Höfuð, hjarta og hendur

Þessi meðvitund um stóra samhengið í heiminum er Shabönu hugleikin og hefur verið rauði þráðurinn í gegnum allt hennar líf. Í Bretlandi lærði hún að verða Waldorfskólakennari, en hún hefur starfað í Waldorfskólum hér á Íslandi í fimmtán ár. Í grunnskólanum Sólstöfum í Hraunbergi kennir hún börnum allt frá sex ára bekk og upp í tunda bekk ensku og leiklist.

Það þarf ekki að tala lengi við Shabönu til að heyra að skólinn á hug hennar allan. Þar er vistvernd og umhyggja fyrir náttúrunni í hávegum höfð. Shabana furðar sig á hvað fáir foreldrar snúa sér til Waldorfskólans með börnin sín. „Sumir halda að Wald-



VIÐ WALDORF-SKÓLANN SÓLSTAFI Shabana Zaman kennir meðal annars ensku og leiklist við Waldorf-skólann Sólstafi í Efra-Breiðholti. Stefna skólans byggir á umhyggju fyrir umhverfinu. Þá stefnu vinnur Shabana með á öllum sviðum, hvort sem er í kennslunni eða þegar hún kynir matarmenningu þjóðar sinnar fyrir Íslendingum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Þegar þú hugsar um Indland sérðu fyrir þér dýrðlega liti, ótrúleg landsvæði og alls konar dýr. Þessar myndir koma ekki upp þegar fólk leiðir hugann að Pakistan.

orfskólinn sé bara fyrir sérstök börn. En það er ekki satt. Hann er fyrir öll börn, frá sex ára og upp í 10. bekk. Við kennum þeim að nota á sér höfuðið, hjartað og hendurnar til jafns, því við vitum að nemendur læra ekki bara með höfðinu. Námsfernið þarf að ná út í útlimina einnig.“

Í skólanum er líka mikil áhersla lögð á að nota tónlist, myndlist og leiklist til að nálgast efnið út frá ólíkum sjónarhornum. Kennari les ekki upp úr bók heldur segir

munnlega frá og reynir að tala til barnanna út frá hjartanu.

„Ég spyr mig stundum þeirrar spurningar hvar foreldrarnir eru, sem vilja að börnin þeirra eigi alveg sérstaka skólagöngu. Vita þeir ekki af okkur?“

## Leikkona í Pakistan

Þótt leiklist sé Shabönu hugleikin hefur hún lítið leikið sjálf, síðan hún kom til Íslands. Hún tók þó að sér lítið hlutverk í síðustu kvikmynd Friðriks Þórs Frið-

rikssonar, Mömmu Gógó, en þar lék hún hjúkrunarkonu. Áður en hún fluttist frá Pakistan var hún hins vegar á góðri leið með að verða þjóðþekkt leikkona, rétt rúmlega tvítug. „Ég hafði séð um spurningabátt fyrir börn í sjónvarpinu. Þar kom leikstjóri nýrrar sjónvarpsþáttaraðar auga á mig og vildi fá mig til að leika í nýjum þætti hjá sér. Ég var himinlifandi, en um leið dálítið döpur, vegna þess að í Pakistan, á þessum tíma, þótti það ekki

viðeigandi fyrir konur að verða leikkonur. En ég skrifaði undir samninginn, eins og í leiðslu,“ rifjar Shabana upp.

Shabana byrjaði að leika í þáttunum án þess að segja fjölskyldunni sinni frá því. Svo kom að frumsýningardegi og Shabana læsti sig inni í herbergi og beið átekta. „Öll fjölskyldan mín var sest við sjónvarpið til að horfa á þennan nýja þátt, því Pakistanar elska sjónvarpsdrama. Ég sat inni í herbergi og skalf á beinunum. Svo heyrði ég raddirnar: „Þetta er Shabana!“ „Nei, þetta er ekki Shabana, líkist henni bara... heyrðu, eða hvað. Þetta er hún!“ „SHABAAAANAAAA!!!“ skræktu þau svo!“ Og nú þurfti Shabana heldur betur að skýra sitt mál.

Þegar leikaraferillinn var rétt að taka flugið fékk Shabana hins vegar jákvætt svar frá Bretlandi frá háskóla sem hún hafði sótt um þar. „Svo þeir þurftu að drepa mig í hvelli,“ segir Shabana og hlær. Búin var til dramatísk sena þar sem karakter Shabönu var skotinn. Og þar með var hún farin frá Pakistan.

## Indland og Pakistan

Shabana er frá Lahore í Punjab-héraði, sem tilheyrir pakistönsku svæði á Norður-Indlandi. Henni þykir leiðinlegt hvað umræðan um Pakistan er neikvæð og einhliða. Hún segir til að mynda lítinn mun á Indlandi og Pakistan, þótt það fyrri sé jafnan sveipað dulúð og þyki spennandi í augum fólks. „Fyrir sextíu árum var Pakistan hluti af Indlandi. Fötin sem við klæðumst, maturinn sem við borðum og jafnvel tungumálin eru þau sömu. Trúin er önnur, þótt það sé reyndar fjöldi múslima á Indlandi.“

Hún telur slæma ímynd Pakistans í augum heimsins fyrst og fremst koma til vegna þess að landið sé íslamskt lýðveldi, auk þess sem aldrei hafi verið gerðar tilraunir til að markaðssetja landið sem áfangastað fyrir ferðamenn. „Þegar þú hugsar um Indland sérðu fyrir þér dýrðlega liti, ótrúleg landsvæði og alls konar dýr. Þessar myndir koma ekki upp þegar fólk leiðir hugann að Pakistan.“

## Ábyrgð fjölmiðla mikil

Fjölmiðlar eiga sinn þátt í að skapa þá mynd sem íbúar á vesturlöndum hafa af Pakistan. „Fjölmiðlun er svo flókið fyrirbæri. Hver ákveður til dæmis hvaða hliðar á að sýna á málefnum, þær jákvæðu eða þær neikvæðu? Fólk verður að nota skynsemi sína og átta sig á því að það er ekki allt satt sem stendur í blöðunum. Ég er ekki að segja að Pakistan sé að öllu leyti góður staður. Þar gerast margir slæmir hlutir. En þar gerast líka jákvæðir hlutir. Það er ekkert jafnvægi í þeirri mynd sem fjölmiðlar sýna okkur.“

Hún telur dræm viðbrögð alþjóðasamfélagsins vegna flóðanna í Pakistan í ágúst, og þeirra hörmunga sem riðu yfir í kjölfar þeirra, koma til vegna þessa. „Aftur held ég að fjölmiðlarnir eigi mikla sök. Það er til að mynda ótrúlegur fjöldi fólks sem er að hjálpa á þessum svæðum, en fær litla athygli og aðstoð frá fjölmiðlum. Fjölmiðlarnir hafa mikil áhrif á hvernig við skynjum heiminn og hafa þannig bein áhrif á ákvarðanir okkar, til dæmis að hverjum við ákveðum að rétta hjálparhönd, og hverjum ekki. Við erum orðin hálfgerðar strengjabrúður, hugsuð ekki sjálf heldur gleypum við hlutum án þess að hugsa okkur um tvisvar. Það er kominn tími til að vakna, fólk!“

# Verð sprengja

## LÝKUR UM HELGINA LÝKUR

# 30% afsláttur

## af öllum ljósum\*

og enn meiri afsláttur af völdum ljósum!

Gildir aðeins til 12. september 2010



**60%**  
afsláttur

Vnr. 51355110

Útiljós

**3.490**

Fullt verð: 8.647

DOGGER hreyfanlegt útiljós, GU10, 35W, IP44.



**65%**  
afsláttur

Vnr. 52220336/7

Gólfampi

SIRIUS gólfampi, brúnn  
eða hvítur, E27, 60W.

**3.990**

Fullt verð: 8.998



**44%**  
afsláttur

3 ljós í pakka

Fullt verð: 17.807

Vnr. 52226904

Jarðvegljós

**9.950**

Jarðvegljós, stál, IP67, 3xGU10, 7W, 3 ljós í pakka.



**50%**  
afsláttur

Fullt verð: 8.879

Vnr. 52221712

Útiljós

**4.475**

Útiljós, kúla, 21,5 cm, E27, 60W.

**61%**  
afsláttur



Vnr. 52220821

Kastari

**1.690**

Fullt verð: 4.290

Halógen kastari, messing, GU10, 50W.



**65%**  
afsláttur

Vnr. 52220047

Veggjós

**3.490**

Fullt verð: 9.871

MEDWED veggjós, 30 cm, E27, 60W.



\*Gildir ekki með öðrum tilboðum!

# Í landi hinna klikkuðu karlmanna

Það er einsdæmi í veröldinni að þjóð drekki fyrirtækjum sínum í skuldir til þess að tvöfalda orkuframleiðslu og tvöfalda hana aftur með tilheyrandi riski, segir **Andri Snær Magnason** í grein um græðgi og geðveiki.

**Þ**að eru til mælikvarðar á alla hluti. Yfirleitt skynjum við í okkar daglega lífi hvað er eðlilegt og hvað er yfirgengilegt. Stundum blindar umræðan okkur og þá getur verið ágætt að prófa að tala um hlutina á útlensku til að sjá þá í nýju ljósi. Prófið til dæmis að segja einhverjum að hér hafi einn ríkisbanki verið seldur með láni frá hinum ríkisbankanum og öfugt. Þannig hafi þeir verið afhentir mönnum nátengdum ríkjandi stjórnmalaflokkum. Framkvæmdastjóri annars flokksins varð formaður bankaráðs í öðrum bankanum á meðan fyrrverandi viðskiptaráðherra hins flokksins var einn þeirra sem fékk hinn bankann. Sá maður hafði aðgang að öllum upplýsingum um stöðu bankans. Í millitíðinni varð þessi fyrrverandi viðskiptaráðherra hins vegar seðlabankastjóri. Hann flaug til Ameríku og gerði Alcoa tilboð sem fyrirtækið gat ekki hafnað. Þannig var hann búinn að tryggja mestu stórfamkvæmdir Íslandssögunnar og stóraukin umsvif bankans sem hann var að enda við að selja sjálfum sér.


Ef þið segið þetta á útlensku þá hrista menn hausinn. Þeir gapa. Þeir nota orð eins og corruption og mafia. Þeir segja vantrúaðir og jafnvel vonsviknir - „no not in Scandinavia!“ Svona gerist í Suður-Ameríku, Rússlandi - þetta getur ekki gerst hjá ykkur. Þetta er í einu orði sagt brjálæði. En á Íslandi þá var þetta sett fram sem eðlileg viðskipti - eða eðlileg hugmyndafræði.

## Hin viðteknna geðveiki

Það er geðveiki að tífalda bankakerfi á sjö árum. Við vitum það núna. Það er ekki tæknilega mögulegt að rækta upp alla þá þekkingu og reynslu sem þarf til að byggja upp og reka slíkt apparat á svo skömmum tíma. Jafnvel ekki með því að moka heilli kynslóð gegnum bisnessskóla og bjarga þeim sem fæddust fyrir 1980 með skemmri skírni á MBA-námskeiði. Það er bara ekki hægt. Þótt strákur sem er enn þá með fósturfítuna í hárinu fái tvær milljónir á mánuði þá verður hann ekki reynslumeiri, klárari eða ábyrgari fyrir vikið. Miklu líklegra að hann verði klikkaður. Það kom líka í ljós.

Orkuframleiðslan á Íslandi var tvöfölduð frá 2002-2007. Að tvöfalda orkuframleiðslu í þróðu ríki á fimm árum er ekki aðeins fáheyrt heldur væri það talið fáránlegt rugl í öllum nágrannalöndum okkar. Í flestum iðnríkjum eykst orkuframleiðsla um einhver 2-3% á ári. Tvöföldun væri óhugsandi enda marganna að of stórar fjárfestingar eyðileggja meira en þær skapa. Á Íslandi var hins vegar markmiðið að tvöfalda orkuframleiðsluna aftur næstu fimm árin með álbræðslum í Helguvík, Húsavík og reyndar gott betur með þreföldun í Straumsvík. En orðið álbræðsla eitt og sér felur ekki í sér neina stærðarviðmiðun

## Rithöfundur í Reykjavík



Andri Snær Magnason er rithöfundur og býr í Reykjavík ásamt konu sinni og fjórum börnum. Hann hefur gefið út ljóðabækur, leikrit og skáldverk. Bækur hans hafa komið út

í meira en 20 löndum. Hann leikstýrði Dramalöndinu ásamt Þorfinni Guðnasyni sem ferðast nú um helstu heimildarmyndahátíðir heims. Hann er að skrifa barnabók.



HELGUVÍK „Álbræðslan í Helguvík er tákni um hvað Ísland er lélegt land og illa rekið. Álverið í Helguvík rís þrátt fyrir að skipulag liggi ekki fyrir og ekki orkuöflun heldur. Gott ef mengunarkvótann vantar ekki líka," segir í greininni.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

● ● ● Geðveikin er núna augljós í jarðvarmabransanum. Þar hafði þróunin verið jöfn og stöðug frá hitaveituvæðingunni á krepplárunum. Nú er engu líkara en menn hafi borað niður á kókaínæð og fyllt rækilega á sér nasirnar.

– Alcoa og Century hafa síðan þá tilkynnt að þau vilji byggja 50% stærri bræðslur en fyrst stóð til. Þannig bættist við orkuþörf upp á heila Kárahnjúkavirkjun – svona í framhjáhláupi. Það sem var áður klikkuð stærð er skyndilega orðin einhvers konar neðanmálgrein. Hér var ekki á ferðinni línulegur vöxtur heldur veldisvöxtur. Á eftir tímabili geðveikinnar átti að taka við algert og fullkomið brjálæði. Eðlið átti síðan að vera fjármagnað með 400-500 milljarða 100% lánun opinberra orkufyrirtækja. Næstum tvær milljónir á hvert mannsbarn á Íslandi – allt beintengt álverið og leyndu orkuverði sem er allsherjar vitfirring. Um þetta allt var fjallað í fjölmiðlum eins og hverja aðra atvinnusköpun.

## Er kókaín í heita vatninu?

Geðveikin er núna augljós í jarðvarmabransanum. Þar hafði þróunin verið jöfn og stöðug frá hitaveituvæðingunni á krepplárunum. Nú er engu líkara en menn hafi borað niður á kókaínæð og fyllt rækilega á sér nasirnar. Á Kröfluvæðinu voru menn komnir upp í 60 MW framleiðslu á einhverjum 40 árum og það gekk ekki áfallalaust. Nú á allt í einu að vera hægt að fjórfalda Kröfluvirkjun – stækka hana um 150MW. Menn stefna á að tífalda orkuframleiðslu í Þingeyjarsýslum til að þjóna nýrri Alcoa-verksmiðju á fimm árum. Er það ekki 1000% aukning? Það á að ganga eins nærri Þeistar-eykjum og hægt er og menn vilja Gjástykki líka.

Orkuveitan er búin að selja Norðuráli Hengilinn og Helliheiðina. Magma Energy er búin að auglýsa að þeir ætli að auka framleiðslu HS orku úr 175 megavöttum upp í rúm 400 MW vegna þess að þeir virð-

ast telja sjálfsagt að helstu orkulindirnar á öllu Reykjanesi verði einkavæddar og afhentar Magma. Verkefnafjármögnun heitir það víst núna, ekki einkavæðing.

Maður getur spurt eins og asni: Er til þekking og mannaflí til að margfalda öll orkufyrirtækin á tíu árum? Af 20 háhitasvæðum á Íslandi – á að raska 16 strax – nánast allt fyrir áliðnaðinn. Fyrirtækin hafa sótt um leyfi til að bora í flest svæðin sem eftir eru. Er enginn efi í huga jarðvísindamanna þegar þeir eru staddir í ævintýraveröld við Torfajökul, Kerlingarfjöll eða við Bitru? Vilja þeir í alvöru fara í ALLT, núna strax? Er þetta menntað fólk eða bara málaðar sem vinna hvað sem er fyrir hvern sem er?

Allt í einu þykjast menn geta tífaldað orkuframleiðsluna í Þingeyjarsýslum til að þjóna nýrri Alcoa-verksmiðju á fimm árum (eða alveg eins verksmiðju í eigu Kínverja).

Mörgum virðist þykja eðlilegt að opinber fyrirtæki taki 30 milljarða að láni til að „kanna“ hvort næg orka sé fyrir annað Alcoa-álver. Af hverju eru menn svona klikkaðir? Er í alvöru einhver sem telur sniðugt að skuldfestja þjóðina fyrir samtals 300-400 milljarða fyrir tvö Alcoa-álver í sama kjördæmi? Af hverju þarf að tífalda? 1000% aukning? Er þetta ekki klikkuð áhætta? Af hverju byrja menn ekki með 50 MW virkjun, láta hana borga sig upp, gera síðan meira eftir 20 ár eða láta samfélagið einfaldlega njóta ágóðans? Eða á samfélagið helst aldrei að njóta ágóðans?

## Af sunnlenskri þekkingu

Ég var einu sinni á fundi á Húsavík og þar sagðist hitaveitustjórnin léttilega geta náð 1000 MW

upp úr háhitasvæðunum í Þingeyjarsýslu. Ég spurði hvort það væri ekki rétt skilið að vísindamenn hefðu áhyggjur af ofnýtingu á háhitasvæðum landsins. Gagnrýni vísindamanna var skjótafgreidd sem „sunnlensk þekking“ og þá fóru allar viðvörðunarböllur að klingja.

Ég fann viðtal við þennan hitaveitustjóra frá 2002. Þá var hann búinn að bora væna holu fyrir 170 milljónir vegna þess að Rússar vildu hugsanlega kannski reisa súrálsværsmiðju og risaálver við Húsavík. Ef maður tekur frá minniháttar staðreyndir eins og þá að rússneski áliðnaðurinn var rekinn af mafunni, þá er leitun að iðnaði í heiminum með jafn mikinn og eitruðan úrgang og súrálsvinnsla. Dugnaðarforkurinn var búinn að eyða 170 milljónum í að kanna málið. Er þetta ekki klikkað? Þessi óði maður og vinur hans hafa haldið bænnum sínum í helgjeipum og veðsett orkufyrirtækin upp í rjáfur. Hér hefur allt verið svo gott að menn halda að þeir séu ósnertanlegir. Þótt fyrirtækin stundi djöfulsskap í öðrum löndum myndu þeir aldrei stunda slíkt hérlendis. Sure.

## Heilagi heimamaðurinn

Á Íslandi fær ótrúlegasta vitleysa gagnrýnislaus framsetningu. Í Morgunblaðinu í mars árið 1987 má finna spá um þróun loðdýraræktar til 1996. Á þessum tíma voru 30 minkabú á landinu. Sagt er frá skýrslu sem spáir því að minkabú verði orðin 600 talsins árið 1996. Þeir gera ráð fyrir tuttuguföldum vexti á tíu árum eins og ekkert sé sjálfsgöðara. Mánuði síðar birtist bjartýnisfrétt: „Minkastofninn tvöfaldað á þessu ári.“ Aðeins þrem-

ur árum síðar í apríl árið 1990 er þessi dramatíska fyrirsögn: „Loðdýrarækt: Þetta er komið á síðasta snúning. Margir á barmi örvæntingar.“

Hérlendis er fjallað um sturlun sem norm, jafnvel lífsnauðsyn og æði er æðsta dyggðin – allt er talið eðlilegt ef „heimamaður“ vill þetta. Það er ekkert jafn klikkað á Íslandi og hinn heilagi heimamaður. Ef heimamaður vill að óþekktir menn reisi olíuhreinsunarstöð á sínu landi, þá á hann þann heilaga rétt, ekki síst ef hann notar orðið „atvinnusköpun“ til að réttlæta gjörðir sínar. Töfraorðið sem tæmir heilabú klikkuðu karlanna og lamar gagnrýna hugsun. Upphæðir sem teldust umtalsverðar í hagtölum nágrannaríkja, orkulindir og innviðir sem eru inni á kortum stórvelda sem „hernaðarlega strategísk“ fyrirbæri eru komin undir „vilja heimamanna“. Orkuforði og náttúra þjóðarinnar er í höndum örfárra hreppnefnda sem hafa ekkert starfslið og enga sérþekkingu á meðan meirihluti Íslendinga sem býr á höfuðborgarsvæðinu er hvergi talinn til „heimamanna“. Maffurekið álfyrirtæki? Dularfullir málaliðar? Heimsfrægir sóðar. Réttindi til 120 ára? Menn ganga svo langt til að þóknast sínum draumaprinsinum þeir verða eins og ljóta systirin í ævintýrinu, klippa af sér tærnar til að troða sér í glerskóinn.

Í stað þess að mæta andstöðu á félagslega vængnum þá eru klikkaðar hugmyndir keyrðar upp af trylltum verkalyðsleiðtogum sem heimita öfgafulla skuldsetningu á opinberum orkufyrirtækjum. Ef hik verður á skuldsetningunni þá eru menn „að draga lappirnar“. Íslendingar eru aumingjar ef þeir geta ekki ábyrgst 200 milljarða fyrir Norðurál og annað eins fyrir Alcoa. Þegar opinberu fyrirtækin eru ónýtt og geta ekki virkjað fyrir stóriðjuna er eina niðurstaðan tafarlaus einkavæðing auðlindanna til að „rjúfa kyrrstöðuna“. ÁSÍ setur í „stöð-

FRAMHALD Á SÍÐU 34





einfaldlega betri kostur

**NÝTT**

JOSEPHINE ljós  
**19.995,-/stk.**

JOSEPHINE. Ljós. Fjólublátt og glært akrýl. Ø30 cm. Verð 19.995,-



© ILVA Ísland 2010

# NÝJAR VÖRUR



**MONTY.** Vegglampi. Silfrað. 23x20 cm. Verð 7.900,-



**BIRDHOUSE.** Hilla með skúffu. 18,5x20,7x39,7 cm. Verð 4.900,-



**BADIA.** 2 1/2 sæti + hægri legubekkur. Tauáklæði. L.307 cm. Verð 159.900,- Sérpöntun.



**DICE.** Skemill. Textíll leður. 43x38 cm. Verð 7.900,- /stk. Einnig fáanlegur í hvítu.



**DISPLAY.** Hvítlakkaður glerskápur, hert gler. 120x40x210 cm. Verð 99.900,-



**BALL.** Veggljós. Málmur. Ø12 cm. Verð 6.995,- Nýr litur.



**LIVA.** Hvítlökkuð kómmóða. 3. skúffur. 50x120x81. Verð 64.900,-



**LOVE.** Sparibaukur. Hjarta silfrað. Verð 1.795,-



**NEMO.** Junior skrifborðsstóll. 47x44x93 cm. Verð 9.900,- Einnig fáanlegur í hvítu.



**TODDLER.** Tamburin tromma. Tveir litir. Verð 1.495,-



**LEONORA.** Bekkur eik/hör. 42x49x140 cm. Verð 38.900,-



**OLIVIA.** Búateppi barna. Bómull. 80x100 cm. Verð 4.995,-



**GLOBE.** Lítil hnöttur. 20 cm. hvítur/silfur. Verð 9.995,-



**BALL.** Loftljós. Málmur. Háglang. Ø40 cm. Verð 8.995,-

**VISA Lán**  
Bjódum upp á  
vaxtalaust  
lán til 6 mánaða

**ILVA**  
sendum um allt land

ILVA Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík s: 522 4500  
laugardaga 10-18 sunnudaga 12-18 mánudaga - föstudaga 11-18:30  
www.ilva.is

**ILVA kaffi**

Súpa dagsins  
m/brauði  
**690,-**

## FRAMHALD AF Síðu 32

ugleikasáttmálann“ að „öllum hindrunum skuli rutt úr vegi“ álvers í Helgúvík. En blóð í skó. Einnmitt út af svona hugsum eru á annað hundrað útlendinga enn þá óvinnufærir eftir byggingu Kárahnjúkavirkjunar. Öllum hindrunum var rutt úr vegi til að gefa Alcoa orkuverð sem sparar þeim 200 milljón dollara á ári. Það eru árslaun 10.000 kennara. Það er geðveiki að skaða starfsorku svo margra til að skapa 400 störf. Menn nota reyndar úrelt viðmið eins og margföldunarhrif til að ýkja áhrifin – en væri ekki lágmarks kurteisi að draga þá óvinnufæru frá heildartölunni?

### Stækkun strandar á Orkustofnun

Álbræðslan í Helgúvík er tákun um hvað Ísland er lélegt land og illa rekið. Álverið í Helgúvík rís þrátt fyrir að skipulag liggi ekki fyrir og ekki orkuöflun heldur. Gott ef mengunarkvótann vantar ekki líka. Álbræðslan í Helgúvík er tákun um hversu veik stjórn-sýslan er í landinu, hvað fagmennska og langtímahugsun er í miklum molum og hvernig fjölmiðlar nánast hvetja til lögbrotu í fyrirsögnum. Dæmi: HS Orka hyggst stækka Reykjanesvirkjun um 50 MW. Stækkun er háð virkjunarleyfi frá Orkustofnun. Sérfræðingar telja að Reykjanesið sé nú þegar ofnýtt. HS orka er hins vegar búin að eyða milljörðum í nýja túrbínu. Fyrirsagnir snúa ekki að þeirri spillingu, að kaupa milljarða túrbínur áður en leyfi fæst. Fyrirsagnir eru frekar á þessa leið: „Stækkun strandar á Orkustofnun“.

Ef við snúum þessu upp á IceSave þá myndi fréttamaðurinn skrifa svona: „Enn hefur fjármálaeftirlitið ekki heimilað rekstur útibúa í Bretlandi – þrátt fyrir að Landsbankinn sé búinn að eyða milljarði í tölvakerfi til að taka við innistæðum.“

Orkuveita Reykjavíkur er núna með milljarða á lager af vagnýttum túrbínum sem voru keyptar fyrir Norðurál í Helgúvík áður en búin var að skipuleggja eða samþykka línuleiðina. Borgarbúar þurfa að borga niður lánið. Forsenda álversins er að OR fái að virkja við Bitru og Hverahlíð. Það er hins vegar ekki ljóst hvort íbúar í Hveragerði vilji taka þátt í tilraun um áhrif brennisteinsmengunar á lýðheilsu. Forsenda álversins er líka sú að HS orka fái Krýsuvík og Eldvörp og að Landsvirkjun láti tilleiðast og setji Þjórsá í þúkíð. Þannig reisa opinberir aðilar flókna spilaborg þar sem saman fara áhætta, skuldir og skuldbindingar sem falla ef aðeins eitt spilið fellur. Þannig er búin að binda hendur næstu borgarstjórna og efna í brjálaðislegt framkvæmdafylliri á mikilvægum svæðum, allt fyrir eitt fyrirtæki sem vantar flest leyfin.

Gæti nokkur maður sagt frá þessu verkefni á alþjóðlegri ráðstefnu án þess að vera þúður niður sem fúskari? Á álráðstefnu myndi slíkur maður reyndar vekja meiri losta en erótískur dansari: „Vestræn þjóð með þriðja heims leikreglur. Nammi nammi!“

Verkalýðshreyfingin vill ekki leikreglur, fagmennsku eða lang-

tímahugsun í orkumálum. Hún vill bara að „öllum hindrunum sé rutt úr vegi“. Forstjóri Norðuráls ætti að fá sírenu á bilinn sinn svo umferðarreglur tefji hann ekki. Álver, kísilver, gagnaver – það er ekki til orka fyrir þetta allt. Samt eru allir byrjaðir að byggja út í loftið. Klinkað lið sem allir tipla í kringum í meðvirkniskasti.

### Hin viðtekna vítfirring

Að tvöfalda orkuframleiðslu átti þátt í því að fokka upp efnahagslífinu. Hugmyndin um að tvöfalda hana síðan aftur er bilun sem á sér enga samsvörnun í hinum vestræna heimi. Þótt rúmlega allur ágóði af auðindum renni til erlendra lánardrottna þá hefur það engin áhrif á brjálaðingana.

Andspænis byltingu og geðveiki, geðveikislegu tapi, brjáluðum hækkunum á orkuverði til almennings – eiga náttúrufræðingar að setjast til borðs með óðum mönnum og skilgreina hvað skuli vernda og hvað virkja. En þrátt fyrir fyrirsjáanlega tvöföldun framleiðslunnar þá vilja þeir líka Þjórsárver, líka Kerlingarfjöll, líka Torfajökulsvæðið – vilja eiginlega allt og vilja fá það STRAX. Það er aðaunarvert að menn ræða málin af kurteisi þótt eina heilbrigða svarið sé að æpa: ÉG LÆT EKKI BJÓÐA MÉR ÞESSA HELVÍTIS GEÐVEIKI! Við erum stödd í miðri byltingu en menn kalla sig ekki álbyltungarmenn – þeir skilgreina sig sem normal þótt skalinn sé geðveikur. Menn fíla sig jafnvel ofsóttu. Þannig eru stríðsherrarnar alltaf ofsóttir hófsemdarmenn þegar þeir ætla þara rétt að leggja undir sig nágrannaríkið í nafni friðar. Sá sem ekki tekur þátt í mógæsingunni er annaðhvort svikari eða klinkaður.

### Kjarni vandans

Skoðanakannanir gegnum árin hafa sýnt að stór hluti karlmanna á aldrinum 40-70 ára hefur verið hlynntur geðveikinni – að tvöfalda og tvöfalda svo aftur. Mesti vandinn er meðal kjósenda Sjálfstæðisflokksins þar sem mikill meirihluti karlmanna hefur jafnvel talið geðveikina forsendu þess að líf þrífist á Íslandi. Auk þess vill mikill meirihluti þeirra slaka á umhverfiskröfum og losa reglugerðir. Þarna liggur alvarlegasta pólitíska meinið á Íslandi. Ef allt væri eðlilegt ættu karlarnir okkar að vera íhaldssamir, hófsamir, áhættufælnir, trúðir, sparsamir, reglufastir og jafnvel dálítið leiðinlegir. Þetta er mikilvægur hópur manna í hverju samfélagi. Þarna eru margir dæmigerðir heimilisfeður, þarna eru máttarstólpar samfélaga, íþróttafélaga, stjórnendur fyrirtækja, áhrifamenn, þingmenn og jafnvel blaðamenn og ritstjórnar. Þetta eru menn sem hafa vald til að skilgreina hvað er eðlilegt og hvað er yfiringilegt. Það er mjög alvarlegt þegar svona mikilvægur hópur bilast.

Það er einsdæmi í veröldinni að þjóð drekki fyrirtækjum sínum í skuldir til þess að tvöfalda orkuframleiðslu og tvöfalda hana aftur og raska til þess jafn mörgum svæðum á jafn stuttum tíma. Það er einsdæmi að vestræn þjóð taki á sig svona mikla áhættu og fórnir svo miklu fyrir óljósan og leynilegan ágóða af viðskipt-



VILHJÁLMMUR EGILSSON FRAMVEMDASTJÓRI SA OG GYLFI ARNBJÖRNSSON FORSETI ASÍ „Þegar opinberu fyrirtækin eru ónýtt og geta ekki virkjað fyrir stóriðjuna er eina niðurstaðan tafarlaus einkavæðing auðlindanna til að „rjúfa kyrrstöðuna“. ASÍ setur í „stöðugleikasáttmálann“ að „öllum hindrunum skuli rutt úr vegi“ álvers í Helgúvík ... „Verkalýðshreyfingin vill ekki leikreglur, fagmennsku eða langtímahugsun í orkumálum“ segir í greininni.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETER

um við amerískt stórfyrirtæki. Hvaða vestræna þjóð myndi veðsetja sig sem nemur tveimur milljónum á mann fyrir dóna eins og Century eða Alcoa?

### Af jarðbundnum súrrealisma

Það er hættulegt að keyra of hratt. Hraðinn drepur. Það er slæmt fyrir samfélag þegar kritískur massi mikilvægra karlmanna í samfélagi fer að aðhyllast byltingarkenndar og fullkomlega ábyrgðarlausar hugmyndir og trúir á þær í blindni. Þessi hópur er ekki stjórnstærur á meðan þetta ástand varir og það er því engin tilviljun að stjórn borgarinnar er núna í höndum pönkara og súrrealista. Hófsöm blanda af súrrealisma og pönki er jarðbundin, íhaldssöm og ábyrg stefa þegar hún er borin saman við ranghugmyndir og stjórnlæsi brjáluðu mannanna.

Þeir sem verst eru haldnir í þessum hópi eiga sameiginlega aðdána á Einari Benediktssyni. Það er frægt að menn fóru um landið við uppkaupt á fossaréttindum í upphafi 20. aldar. Einar Ben lét norska verkfræðinginn Sætersem-oen teikna röð af virkjunum upp alla Þjórsá. Myndirnar af stöðvarhúsum eru glæsilegar og heillandi og væru eflaust taldar fegurstu byggingar landsins ef af hefði orðið. En hversu raunhæf voru áformin? Þeir voru samtals búnir að mæla og teikna framleiðslu í Þjórsá upp á einhver 600-800 MW – árið 1918 nota bene. Þá eru ekki meðtalin öll réttindin sem menn höfðu tryggt sér annars staðar, meðal annars við Dettisfoss og Gullfoss. Til samanburðar má geta þess að núna, 100 árum síðar, notar Reykjavík um 200 megavött – á aðfangadag með öll raftæki á fullu stími. Hvað ætlaði Einar að gera við alla þessa orku árið 1918? Alframleiðsla var eiginlega ekki til og ekki sjónvörp eða frystikistur. Stáliðjur nota helst hita frá kolum. Hvað átti að gera? Framleiða áburð? Áburðarverksmiðjan í Gufunesi notaði einhver 20 megavött þegar mest var. Hver átti að nota alla orkuna og borga niður virkjunarröðina? Svarið er líklega einfalt: Enginn. Enginn í heiminum hefði getað nýtt þessa orku! Þetta var bara rugl.

Auðvitað hefði verið miklu nær að virkja einn bæjarlæk og lýsa þótt ekki væri nema eina sveit, já jafnvel eitt fjós. En það er engin fróun í því, engin stórmennska í

því. Það er miklu meira spönk í því að raða stöðvarhúsum upp alla Þjórsá. Meira en þjóðin getur torgað 100 árum síðar. Margir halda enn þann daginn í dag að stjórnvöld á þessum tíma hafi verið eftirrá, hrædd við útlendinga og komið í veg fyrir mikið gróðaafyrirtæki og „erlenda fjárfestingu“. En það er nóg að horfa bara á tölurnar og sjá að þetta var tóms teypa.

Það er svo skrítíð að allar götur síðan hefur blundað undarleg þjóðarsorg hjá ákveðnum hópi íslenskra karlmanna. Eins og ójarðtengdar hugmyndir Einars hafi legið á síðari kynslóðum eins og mara. Ekki eins og órar heldur raunhæft markmið og glatað tækifæri: „Nú hafa draumar aldarmótakáldanna loksins ræst“, sagði Geir Haarde þegar hann skrifaði undir samning við Alcoa árið 2002. Já – Loksins! Loksins! var þjóðin dregin inn í aldagamla hugaróra. Enginn maður með mönnum nema hann tvöfaldist og tífaldist þar til hann springur.

### Karlar sem hata konur

Múgurinn virðist ekkert hata meira en ungar menntaðar konur sem nota orð eins og „faglegt“ eða „ferli“. Þrátt fyrir að alframleiðsla á Íslandi hafi verið þrefölduð á síðustu 10 árum telja margir að efnahagsvandamál Íslands stafi fyrst og fremst af skorti á álverum. Helgúvíkurbullur eyddu milljónum í auglýsingar gegn Svandísi Svavarsdóttur í afneitun á ábyrgð klinkaða bæjarstjórnans. Bloggheimar ærðust þegar Kolbrún Halldórs talaði gegn olíuborunum. Það var fyrir tíð BP-slyssins í Mexíkóflóa. Það var aftökustemming á fundi með Þórinni Sveinbjarnar á Húsavík og vantaði ekkert nema heykvíslarnar. Hnignun Sjálfstæðisflokks sést best á því að Katrín Fjeldsted dettur út. Hún er vel menntaður, rökfastur, gáfadur læknir og eini þingmaðurinn þeirra sem setti spurningarmerki við geðveikina. Í staðinn koma óðir menn eins og Jón Gunnarsson og Tryggvi Þór sem eru byrjaðir að atast í Þjórsárverum. Öllum hindrunum skal rutt úr vegi.

Íslendingar veiða 1 prósent af fiski í heiminum. Við fáum fleiri ferðamenn á mann en flestar þjóðir. Á Íslandi er búin að virkja fimm sinnum meira en þjóðin þarfnast og það eru þrjú álver á landinu. Í staðinn fyrir að horfa á það

sem við eigum og fyllast öryggi og safna peningum í varasjóði þá tryllist allt um leið og óður verkaklósleiðtogi talar um REIÐARSLAG FYRIR ÞJÓÐINA. Reiðarslag ef Orkuveitan fær ekki lán til að skuldfætla sig til helvítis fyrir Norðurál. Reiðarslag ef alþjóðlegt glæpafyrirtæki missir áhuga á auðindum okkar. Einkunnarorð ASÍ ætti að vera: Sem mest, sem hraðast, sem ljótast.


Í stað þess að vera íhaldssöm þegar kemur að áhættu þá er ekki til sú tileysa sem þjóðin á ekki að vera til í að ábyrgjast bara ef verktakamaflan í SA og SI græðir nógu mikið á því. En við erum BÚIN að virkja fimm sinnum meira en nágrannalöndin. Við erum þegar orðin orkustórveldi – að öllu eðlilegu ætti slík fjárfesting að skila þjóðinni einhverjum tekjum ef við missum ekki arðinn og auðlindirnar frá okkur í annarrar skuldahrunn. En umræðan er svo klinkuð. Menn láta eins og það „MEGI EKKERT GERA“, þegar orkuframleiðslan er þegar orðin fimmföld á við það sem þekktist hjá nokkurri þjóð.

Við erum nú þegar með allt sem nútímasamfélag þarfnast. Það þarf bara að sinna því sem við höfum þegar byggt upp, fá arð af því sem þegar hefur verið virkjað og fara betur með það sem þegar fiskast. Menn fyllast öryggi þegar hagsmunahópar emja: „Hver á að standa undir okkur í framtíðinni“, eins og hér sé engin „undirstaða“. Óttavæðinginn veldur því að Ísland er eins og maður sem heimtar geislameðferð, lyfjameðferð og uppskurð til að lækna hausverk. Sannleikurinn er sá að meðferðin mun aldrei lækna hann – en hún getur drepið hann. Í besta falli verður hann háður lyfjunum.

### Skilaboð til frænda þins

Við erum lítið samfélag og það þarf að vera vinnufriður hérna. Að Björk taki sér frí úr vinnunni til að berjast gegn tileytunni er bara lítið dæmi um þá trúflun sem þúsundir Íslendinga verða fyrir á hverjum degi út af þessum látum. Það er hræðilegt að mikilvægur hópur karla á landinu mælist hálf klinkaður. Það verður ekki líft hérna ef menn vilja efna til átaka í kringum hvert einasta náttúruundur á landinu. Það er óþolandi að ekki sé hægt að láta fallegustu svæði á Íslandi í friði. Það er ómurlegt að þurfa að eyða svo mikið sem mínútu í að hugsa um svæði eins og Torfajökul, Kerlingarfjöll eða Þjórsárver sem ættu að vera óumdeild. Við erum lítið samfélag, meðvirkni grasserar hérna og menn eru kurteisir. En næst þegar klinkaði frændi þinn kemur í heimsókn og sýnir þér nýja útfærslu af virkjun í Þjórsárverum: Segðu honum vinsamlegast að hoppa upp í rassgatið á sér.

## Möguleg aukin orkuþörf fram til 2015





1 STK. ÁÐUR 69,- NÚ: 10 STK.

**299,-**

**55%  
AFSLÁTTUR**

**Bvottastykki**  
Mjúk og góð bvottastykki á frábæru verði!  
1 stk. áður 69,- NÚ 10 stk. 299,-



**SPARIÐ  
1.000**

VERÐ ÁÐUR: 2.695,-

**1.695,-**

**CHARLIE skóhilla**  
Skóhilla úr áli. Stærð: B93 x H38 x D35 sm.

**U.P.B.  
30%  
AFSLÁTTUR**



VERÐ ÁÐUR: 695,-

**495,-**

**Plastkassi**  
Með loki. 8 lítra.

**ALLAR  
EXTRA LANGAR OG  
TVÍBREIDAR SÆNGUR  
20%  
AFSLÁTTUR**

# Helgartilboð

Athugið tilboðin gilda: 11.09.10 til 12.09.10



**ALLIR  
SPEGLAR  
20%  
AFSLÁTTUR**

VERÐ ÁÐUR FRÁ: 3.495,-

**2.796,-**

**Speglar**  
Flottir speglar í mörgum stærðum og gerðum.



DREAMZONE™

**SPARIÐ  
3.000**

VERÐ ÁÐUR: 10.950,-

**7.950,-**

**BASIC F30 svampdýna**  
Vönduð og góð svampdýna. Þykkt: 9 sm.  
Stærð: 90 x 200 sm.

**ALLIR  
KODDAR  
20%  
AFSLÁTTUR**



BARNARENGALLI

**2.495,-**

**Regngallar**  
Ódýrir regngallar á börn og fullorðna.  
Fullorðinsstærðir: 2.995,-  
Barnastærðir: 2.495,-



**23%  
AFSLÁTTUR**

VERÐ ÁÐUR: 1.295,-

**995,-**

**Barnasokkar**  
Góðir barnasokkar. 8 pör saman í paka á frábæru verði!



ÁÐUR: 3.895,-

**1.995,-**

**ALLT AÐ  
50%  
AFSLÁTTUR**

**Stígvél á alla fjölskylduna**  
Herralitir: Svört/blá í stærðum: 35-46 Verð áður: 3.895,- NÚ: 1.995,-  
Dömulitir: Svart í stærðum: 36-42 Verð áður: 3.895,- NÚ: 1.995,-  
Barnalitir: Svört/blá og rauð í stærðum: 21-30 Verð áður: 2.895,- NÚ: 1.995,-

# Tolli í Tíbet

Listamaðurinn **Tolli** er nýkominn að utan. Áfangastaðurinn var fjallið Kailash í Tíbet, sem er heilagt í augum bæði búddista og hindúa. *Sigríður Björg Tómasdóttir* fékk ferðasöguna í máli og myndum.

**T**olli hefur iðkað búddisma í nokkur ár og heillast af þeim menningarheimi sem hann sprettur úr. Sú hugmynd að fara í pílgrímaför að fjallinu Kailash í vesturhluta Tíbet kviknaði í desember. Þegar haldið var af stað átta mánuðum síðar voru með í för Bergþór Morthens, bróðir hans, Arnar Hauksson og Jón Már Gunnarsson kvikmyndatökumaður. Sá festi ævintýrið á filmu en heimildarmynd um Tolla er í bígerð sem stefnt er að að verði lokið að ári og verður myndin að öllum líkindum í samstarfi við RÚV.

En víkjum að ferðinni. „Mig langaði í ferð sem fullnægði bæði fjalla- og útivistarþörfinni, og áhuganum á búddisma,“ segir Tolli. „Kailash er heilagt fjall bæði í augum búddista og hindúa og reyndar hafa menn trúað á fjallið í árþúsundir.“

Fjallið er því eins og gefur að skilja eftirsóttur áfangastaður pílgríma. Ekki var hlaupið að því fyrrum að komast þangað, Tíbet var lengi mjög lokað land og þar fyrir utan erfitt yfirferðar. Greiddasta leið Vesturlandabúa í dag liggur í gegnum Khatmandu, höfuðborg Nepal. „Pílgrímar fá í dag leyfi til að fara þessa leið og í kringum hana hefur sprottið upp ferðamennska. En leiðin er torsótt. Hún liggur yfir tíbesku hásléttuna, og þó að Kínverjar séu að leggja þarna veg þá er hann ekki tilbúinn.“ Fararskjóttinn var gamall Landcruiser sem var vitanlega drekkhlaðinn, sex karlmenn um borð og útbúnaður til langrar ferðar.

## Lögmál breytinganna

Hásléttuvegurinn á eftir að breyta Tíbet að sögn Tolla. „Þessi vegur liggur í gegnum landsvæði hirðingja og mun vitanlega hafa gríðarleg áhrif á þá. Bæir og borgir munu styrkjast og allur iðnaður. Bættari samgöngur eru lykilatriði til að koma upp meiri iðnaði í Tíbet eins og Kínverjarnir vita.“ Tíbet lýtur stjórn Kínverja og segir Tolli að hann hafi upplifað það sterkt að landið sé hersetið, þar búi annars vegar innfæddir og svo Kínverjar. „Það er í raun alveg ljóst að gamla Tíbet er að hverfa,“ segir Tolli sem bendir á að þrátt fyrir eftirsjá eftir hinu liðna þá sé „eitt lögmálið sem að Búdda kennir, lögmál breytinganna.“ Breytingar séu óhjálvæmi- legar.

Ekki var haldið stystu leið að Kailash heldur tóku ferðalangarnir á sig krók að grunnbúðum norðurhlíðar Everest. „Ég varð að sjá fjallið þarna megin, ég hef komið upp í grunnbúðirnar í Nepal, við suðurhlíð fjallsins. Norðanmegin er það miklu þverhniptara og miklu færri sem hafa klifið það, 260 en um 3.000 hinum megin. Þarna eru einnig helgir staðir búddista sem gaman var að skoða, hellar sem spámenn höfðust í.“

Þúsund kílómetrum vestur af Lhasa var svo komið að göngunni í kringum Kailash en pílgrímar flykkjast þangað til að ganga réttssælis kringum fjallið.

**MINJAGRIPIR Í FJALLSHLÍÐUM** Mörg þúsund pílgrímar ganga í kringum fjallið Kailash ár hvert og þeim bjóðast til kaups steinar úr fjallinu helga sem sjá má.

MYNDIR/TOLLI



**ALLIR MED KÚREKAHATTA** Hirðingjapjóðin hefur heillast af kúrekaöttum eins og þessi drengur ber. Í baksýn má sjá Landcruiserinn góða.



**BÆNAFÁNAR** Alls staðar þar sem vinds gætir hefur bænafánur verið komið upp.



**VIÐ RÆTUR EVEREST** Tolli við hina illkleifu norðurhlíð Everest-fjalls.

## Fjallið sem ekki má klífa

Fjallið Kailash er í vesturhluta Tíbet og tilheyrir tíbeska hluta Himalaya-fjallgarðsins. Það er álitið heilagt í fjórum trúarbrögðum, hindúisma, búddisma, jainisma og bön.

Hindúar telja það bústað Shiva, guðsins sem berst við hið illa, þar situr hann ásamt konu sinni Parvati, dóttur Himalaya. Í búddatrú er fjallið sagt heimkynni Búdda.

Í grennd við fjallið er uppspretta fjögurra meginfljóta í Asíu, og líta má þannig á það sem meginvatnsból Suður-Asíu. Þetta eru Indus-áin, Sutlej-áin, Brahmaputra-áin og Karnalí, sem síðar rennur í Gangesfljót. Í goðsögum hindúa var fjallið talið miðja heimsins og fljótin fjögur runnu til fjögurra átta, og skiptu þannig heimunum í fern.

Á hverju ári fara þúsundir pílgríma að fjallinu og ganga í kringum það, en sú leið er 52 kílómetrar. Í kjölfar þess að Kínverjar náðu yfirráðum í Tíbet, árið 1950, bönnuðu þeir indverskum pílgrímum að fara að fjallinu og leyfðu það ekki á nýjan leik fyrr en árið 1978. Pílgrímar koma yfirleitt í gegnum Lhasa, aka yfir tíbesku hásléttuna að þorpinu Darcham.

Kailash-fjall er 6.638 metrar á hæð. Það hefur aldrei verið klifið, vegna virðingar við helgi fjallsins. Það er því frægasta háa fjall í heimi sem aldrei hefur verið reynt að klífa svo vitað sé.

Heimild [www.wikipedia.com](http://www.wikipedia.com)



# heimili & hönnun

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM HÍBÝLI]

september 2010

## Tekk, litir og skandinavísk áhrif

Útsjónarsamt heimilisfólk á Ránargötu.

SÍÐA 4



## Ný og notalegri stofa

Guðbjörg Magnúsdóttir innanhússarkitekt gefur lesendum góð ráð.

SÍÐA 2



# AEG

FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

— OPIÐ Á —  
**LAUGARDÖGUM**  
FRÁ KL. 11-15

*Komdu og gerðu góð kaup!*

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

# INNKAUP Í ÚTLÖNDUM

Antíkmarkaðir og heimilisverslanir í Stokkhólmi, París og London.

SÍÐA 6



## HITAKÚTAR OG OFNAR MEÐ 15% AFSLÆTTI

Vönduð vara, gott úrval,  
áratuga reynsla.

**SEPTEMBER  
TILBOÐ**



Norskir ryðfriir  
hitakútar

Stærðir: 5-300 lítrar




Olíufylltir  
rafmagnsofnar

Stærðir: 250W-2000W



**Einar Farestveit & Co.hf.**

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is



## Nýtt undir sólinni

● **FINNSK STJARNA Á UPPLEIÐ** Katriina Nuutinen er ungur finnskur hönnuður sem hefur, þrátt fyrir að vera enn í námi, verið nefnd ein af björtustu vonum hönnunarheimsins. Má þar helst þakka ljósi sem Nuutinen vann úr fjórum glerboltum og kallast Hely. Ljósið minnir á armband þar sem ljósið flakkar á milli glerboltanna.




● **SLÍPAÐUR KRISTALL** Kristalrisarnir Orrefors og Kosta Boda kynntu haustlínu sína á dögnum og athygli vöktu hlutir í línunni Carat. Lena Bergström á þar föla vintappa úr slípuðum kristal sem kallast City Stoppers. Form þeirra er innblásið af byggingum í Stokkhólmi, Tókýó og New York.

● **ÍSLENSK SÚTUN OG FRAMLEIÐSA** Uma.is er vefverslun með vörur fyrir heimilið sem slegið hafa í gegn en nýverið bættist við úrval verslunarinnar þegar Uma tók til sölu íslenskar lambaskinnsgærur. Gærurnar eru íslensk framleiðsla og sútun og koma í fjórum litum. Einnig er hægt að fá púða úr lambaskinni.



● **BORÐLAMPÍ ÚR PAPPÍR** er skemmtileg nýjung frá sænsku arkitektúr- og hönnunarbatteríi sem hefur starfað í 15 ár í Stokkhólmi, Claesson Koivisto Rune. Fyrirtækið á heiðurinn af mörgum viðurkenningum og verðlaunum síðustu árin en eitt það nýjasta úr þeirra smíðju er ótrúlega skemmtilegur borðlampi í nokkrum litum. Lampinn kallast Lampa Dura Pulp.



● **SKÆRIR NEONLITIR** Ný lita-bylgja er rétt handan við hornið að mati ýmissa hönnunartímarita hér í norðurhluta Evrópu. Skærir neonlitir í litlum munum er það sem koma skal, neongrænn, gulur og bleikur og allt í bland. ILVA er með nokkuð af vörum í því þema, svo sem þennan skemmtilega lampaskerm.



## GÓÐ KAUP... fyrir barnaherbergið



Vinalegur flóðhestur í skærum litum. ILVA, Korputorgi. Verð: 1.295 krónur.



Rauður BLÅMES-barnastóll með bakka. IKEA, Kaupþúni 4. Verð: 9.900 krónur.



Barnavörur Bambu-vörumerkisins eru unnar úr umhverfisvottuðum bambus og hafa unnið til alþjóðlegra viðurkenninga. Duka, Kringlunni. Verð: 1.980 krónur.



Að sögn Guðbjargar er oft lítið mál að ljá stofunni nýjan og notalegan blæ.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

# Léttar gardínur & litrík teppi

● Guðbjörg Magnúsdóttir innanhússarkitekt leggur til hugmyndir um hvernig lesendur geta með nokkrum góðum og einföldum ráðum gerbreytt ásýnd og upplifun á stofunni heima.



● Á haust- og vetrardögum er yndislegt að stinga tánum í mjúka loðna mottu, sem hægt er að setja undir borð eða húsgögn í stofunni. Motta er bæði rýmismyndandi ásamt því að geta gefið húsgögnum nýjan svip með því að skilja þau frá gólfleti.

● Léttar gólfsíðar gardínur fyrir framan glugga sem eru einungis með rúllugardínu eða strimlagardínu geta breytt mikið ásýnd í stofu. Stundum er nægilegt að hengja upp fáa gardínuvængi, ekki endilega báðum megin við glugga og ekki gengið út frá því að þær séu hreyfðar mikið.

● Fallett teppi/værðarvoð á arm á sofa eða stól í lit getur gefið nýtt útlit á stofuna. Litur á teppi í samspieli við púða eða aðra hluti í stofu getur gefið alveg nýtt útlit á stofuna.

● Bækur gefa frá sér hlýju og hægt er að stafla upp fallegum bókum á gólf, á borð eða til dæmis á stórar sófapullur eða opna sófa-enda. Bækurnar geta legið eða staðið allt eftir aðstæðum.

● Hvað er yndislegur en opinn eldur til að láta sér líða vel? Ef



1. Bækur gefa frá sér mikla hlýju og tilvalið að stafla þeim skemmtilega upp í stofunni. 2. Léttar gólfsíðar gardínur geta breytt mikið ásýnd stofunnar. 3. Upplifun á rými og ásýnd þess getur alveg gerbreyst við það eitt að hengja upp fallegar myndir og hluti og jafn vel veggfóður á einn eða fleiri vegg. 4. Púðar, teppi eða lampar í svipuðum litum og ýmsir skemmtilegir smáhlutir geta gert alveg heilmikið fyrir stofuna.

ekki er arinn í stofunni en þig langar í þá stemningu sem eldur gefur, er hægt að prófa sig áfram með gelarin. Hægt er að kaupa tilbúna gelarna og láta sérútbúa fyrir sig slíka til að passa inn í þær aðstæður sem gefnar eru.

● Nýtt húsgagn, til dæmis stakur stóll eða kollur, getur gefið nýtt andrúmsloft í rými. Oft er gaman

að spila saman gömlu og nýju, láta óvænt efnisval eða litaval í nýjum hlut mynda spennu með því sem fyrir er.

● Það að raða fallega upp myndum og listmunum á vegg í samræmi við rými og auðvitað hlutina sjálfa getur verið mikil kúnt. Um leið getur það gerbreytt ásýnd og upplifun á rými.



● **Forsíðumynd:** Nordichphotos Getty Images **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórn:** Júlía Margrét Alexandersdóttir juliam@frettabladid.is, Roald Viðar Eyvindsson roald@frettabladid.is og Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is **Auglýsingar:** Hlynur Þór Steingrímsson s. 512 5439

## Nýtt teppi á stigaganginn – nú er tækifærið !!!

Eitt verð pr. fermetar niðurkomið kr. 6.130,-

Verðdæmi:  
70 fermetra stigahús með 8 íbúðum  
Heildarverð kr. 429.100  
Endurg. VSK og meðal skattaafsl (68.460)  
Rauverð kr. 360.640  
**pr. íbúð aðeins 45.080**



Komum á staðinn með prufur og mælum ykkur að kostnaðar lausu

**ALFABORG**  
Skútuvoði 6 - Sími 568 6755

# ego dekor

TV skenkir fánlegir í hvítu og svörtu háglans

-30%



Breidd: 200cm  
Verð: 106.000,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 74.200,-

Breidd: 180cm  
Verð: 98.000,-  
ÚTSÖLUVERÐ:

68.600,-



-30%

-20%

Skenkur í eik  
150cm  
Verð: 129.900,-

ÚTSÖLUVERÐ: 103.920,-

Stækkanlegt eikarborð  
160(248)X100cm  
Verð: 139.900,-

ÚTSÖLUVERÐ: 97.930,-



-20%



TV skenkur í eik

183cm  
Verð: 99.900,-

ÚTSÖLUVERÐ: 79.920,-



-30%

BORÐ

200X100  
Svart gler/burstað stál  
Verð: 98.000,-

ÚTSÖLUVERÐ: 68.600,-



-30%

Dökkt eikarborð

180X100cm  
Verð: 99.900,-

ÚTSÖLUVERÐ: 69.930,-

ÚTSALAN  
Í FULLUM GANGI

20-50% AFSLÁTTUR

-20%




LUND tungusófi

295X165cm  
Verð: 245.000,-  
ÚTSÖLUVERÐ:

196.000,-

-30%



CULP tungusófi

212X155cm  
- færánleg tunga  
Verð: 169.900,-  
ÚTSÖLUVERÐ:

118.930,-

-20%



GOTCHA

hornsófi  
283X180cm  
Verð: 258.000,-  
ÚTSÖLUVERÐ:

206.400,-

-30%



BORGES

tungusófi  
290X165cm  
Verð: 225.000,-  
ÚTSÖLUVERÐ:

157.500,-

-30%



CUBE  
barstóll í leðri  
Verð: 27.000,-  
ÚTSÖLUVERÐ:

18.900,-

-20%



SARINA stóll  
Verð: 14.800,-  
ÚTSÖLUVERÐ:

11.840,-

-20%



MOSS  
leðurstóll  
Verð: 16.900,-  
ÚTSÖLUVERÐ:

13.520,-

-20%



SABINE  
leðurstóll  
Verð: 16.900,-  
ÚTSÖLUVERÐ:

13.520,-

-30%



Púðar  
Verð: 4.800,-  
ÚTSÖLUVERÐ:

3.360,-

Opið mán-fös: 10.00-18.00  
Opið um helgina: lau: 10.00-16.00 - sun: 13.00-16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12  
S: 544 4420 - www.egodekor.is



Borðið er úr Góða hirðinum og Berglind og Vilhelm pússuðu það upp með finni stálull, hreinsuðu með tekkhreinsi og báru á. Þau hafa ýmist borið á tekkoliu eða majónes, sem veitir vist afar góðan gljáa. „Við höfum bæði notað tekkoliur og svo höfum við borið majónes á. Það er eitthvað í majónesi sem fær tekkið til að lifna við.“



Skálin er skemmtileg, græn að utan og hvít að innan, keypt í París.



Skemmtileg figúra sem tröllriður Danmörku um þessar mundir og Berglind fékk í Illum Bolighus í Kaupmannahöfn.



Falleg klukka sem Berglind fékk á sínum tíma á Spáni en svo skemmtilega vill til að hún rakst á klukkuna nýlega í verslun héraendis, Kokku.



Sófinn úr Bo Concept og ka... hönnuðum Dana á síðustu...



Tvöfalt tekkborð, upplagt f... að láni hjá nágranna sínum...

## Starfsmenntun, símenntun og fullorðinsfræðsla

fylgir með Fréttablaðinu  
fimmtudaginn 16. september 2010

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:

Bjarni Þór  
• bjarni.thor@365.is  
• sími 512 5471

# Gera upp og græja gamalt

● Berglind Guðmundsdóttir og Vilhjálmur Reyrr Þórhallsson hafa látið hendur standa fram úr ermum við að gera upp og pússa gömul falleg húsgögn.

Berglind Guðmundsdóttir og Vilhjálmur Reyrr Þórhallsson búa í bjartri íbúð við Ránargötu í Reykjavík. Þau hafa mikið dálæti á eldri hönnun, svo sem dönskum húsgögnum frá miðri síðustu öld, og hafa verið dugleg við að finna fjársjóði í Góða hirðinum, Kolaportinu og fleiri stöðum. „Við höfum sankað að okkur smám saman og

reynt að vera útsjónarsöm, pússum húsgögn eins og ruggustólinn okkar sem var svartur, stofustóla, borð og fleira til,“ segir Berglind. Athygli vekur að Berglind hefur meðal annars notað majónes til að bera á tekkborð og hún mælir með þeirri aðferð. „Kannski skrítnin lykt í tvo daga en svo búið, gljáinn sem kemur er afar fallegur.“

-jma



Tekhillunum hefur smám saman verið púslað saman. „Við fengum fyrst stoðir, hillur og skápa frá ömmu og afa Villa á Akureyri, síðan fórum við í Góða hirðinn og Frúna í Hamborg,“ segir Berglind. Louis Poulsen-ljósið PH 5 var á æskuheimili Berglindar.



**Snæfellsnesrallið**, næststíðasta keppnin á Íslands-  
móttinu í rallakstri 2010, fer fram í dag og verður þá rall-  
að víða um Snæfellsnes. Keppnin er ræst klukkan 14  
og tvær fyrstu umferðir eknar um Berserkjahraun. Þá  
liggur leiðin um Jökulsháls og auk þess er sérleið um  
Eysteinsdal. Síðasta sérleið rallsins, af alls níu, verður  
farin klukkan 22 á Breiðinni. [www.skessuhorn.is](http://www.skessuhorn.is)



# ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar **Henny Árnadóttir** [henny@365.is](mailto:henny@365.is) 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** [jmh@365.is](mailto:jmh@365.is) 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** [thordish@365.is](mailto:thordish@365.is) 512 5447

**Patti.is**  
Landsins mesta úrval af sófasettum

ÍSLENSK  
FRAMLEIÐSLA  
Ákæði að eigin vali

Tungusófar  
Verð frá  
**170.900 kr**

Sófaborð í úrvali  
verð frá  
**34.900 kr**

Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / [www.patti.is](http://www.patti.is)  
Opið : Mánud. - Föstud. frá 9 til 18 - Laugard. frá 11 til 16

**Sigga & Timo**  
GULLSMÍÐI  
LÍNNETSSTIGUR 2 · SÍMI 565 4854  
[WWW.SIGGAOGTIMO.IS](http://WWW.SIGGAOGTIMO.IS)

Fegurðardrottningin Unnur Steinsson á annasama helgi  
fram undan, með námi, stuði og vinnu í bland.

## Diskódrottning og þúsund kindur

Þetta er ein af fáum helgum sem ég fer ekki vestur í Stykkishólm þar sem við eigum hús og höldum okkar annað heimili. Hvorugt okkar hjóna er ættað úr Hólminum en við heilluðumst af því fagra bæjarstæði, kúltúrnum og fólkinu, og keyptum gamalt hús sem við höfum verið að dunda við að gera upp undanfarin átta ár. Því förum við meira og minna allar helgar og í öllum fríum vestur þar sem okkur líður mjög vel og höfum eignast marga góða vini," segir Unnur Steinsson, fegurðardrottning, innkaupastjóri og háskólanemi, spurð hvort eitthvað sérstakt stáði til um helgina.

HELGIN | 2



Unni Steinsson dauðlangar á Hollywood-ballið í kvöld en býst við að taka snemmtækinn nætursvefn fram yfir til að búa yfir nægri orku í Svarthamarsrétt á morgun þar sem hún ætlar að leggja lið sitt við að draga í dilka þúsund kindur vinkonu sinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



## MJÚKT FYRIR BÖRNIN

25% afsláttur af öllum vörum í barnadeild.  
Lokadagur. Opið laugardag 11 - 14.

TILBOÐIN ERU  
EINNIG Í VEFVERSLUN  
[LINDESIGN.IS](http://LINDESIGN.IS)

**Lin**  
DESIGN

LÍN DESIGN LAUGAVEGI 176, GAMLA SJÓNVARPSHÚSIÐ | SÍMI: 533 2220 | NETFANG: [LINDESIGN@LINDESIGN.IS](mailto:LINDESIGN@LINDESIGN.IS)



## enskafyriralla.is

### Enskuskóli Erlu Ara

Auglýsir enskunám í Hafnarfirði fyrir byrjendur og lengra komna með áherslu á tal

Pú ert velkomin í heimsókn og tekur ákvörðun eftir fyrsta tíma hvort þú viljir taka þátt!

Skráning stendur yfir í síma 891 7576 og [erlaara@gmail.com](mailto:erlaara@gmail.com)



Bjóðum einnig námsferðir til Englands fyrir fullorðna og unglinga

### Framhald af forsiðu

„Ég byrjaði daginn snemma til að vera dugleg yfir skruddunum, en ég er í afar skemmtilegu námi í verkefnastjórnun við Háskóla Íslands, sem ég tek með vinnu. Í kvöld er mér svo boðið í stórafmæli góðs vinar þar sem ég á von á miklu stuði,“ segir Unnur sem þurfti að afþakka boð um að taka þátt í tiskusýningu á Hollywood-ballinu í Broadway í kvöld. „En mig dauðlangar að fara því ég skemmti mér stórkostlega í fyrra. Ég var mikil diskórottning á Hollywood-árunum og finnst tónlistin endalaust skemmtileg, en veit svosem að sama tónlist verður viðhöfð í afmælinu og þar verða vafalaust tekin danspor, enda sama kynslóð að skemmta sér. Svo er reyndar aldrei að vita hvar svona afmæli enda, en ég þarf að fara fremur snemma í háttinn og vera spræk í fyrramálið,“ segir Unnur sem þá ætlar í réttir.

„Vinkona mín er fjárbóndi með þúsund kindur í Hvalfjarðarsveit og veitir ekki af hjálpinni að draga fé í dilka. Ég hlakka mikið til, enda árafjöld síðan ég fór í réttir og þar mun ég bretta upp ermar og taka til hendinni á meðan sú stutta endist,“ segir Unnur og á við þriggja ára dóttur sína.

„Hún er mikill dýravínur og von að umgangast húsdýr, enda erum við með hesta fyrir vestan. Þar elskar hún að rölta um bæinn, fara í sund, púsla, lita og lesa, sem er ótrúlega skemmtilegt þótt langt sé síðan ég var í þeim gir síðast. Ég verð að viðurkenna að maður nýtur þess margfalt betur að vera með lítil börn þegar maður er kominn á þennan aldur, þótt líka hafi verið




„Ég byrjaði daginn snemma til að vera dugleg yfir skruddunum, en ég er í afar skemmtilegu námi í verkefnastjórnun við Háskóla Íslands, sem ég tek með vinnu,“ segir Unnur um upphaf helgarinnar.

FRÉTTABLAID/VALLI

gaman að vera með hin þrjú lítil á sínum tíma. Að vera með ungt barn heldur manni áfram ungum og þannig þarf líka að hugsa því aldur er bara í kollinum á manni.

Ég er samt hætt barneignum,“ segir Unnur og skellihlær. „Nú bið ég bara spennt eftir barnabörnunum. Þau hljóta að fara að koma.“

thordis@frettabladid.is



**DANSSKÓLI HEIÐAR ÁSTVALDSSONAR**

## 50 ára og eldri Upprifjunarnámskeið!

**Reyndasti danskennari  
Íslandssögunnar kennir**

Hann er 74 ára, ekki gráhærður (aldrei litað á sér hárið). Ekki með hrukkur (aldrei farið í andlit-slyftingu). Aldrei bakveikur og við hestaheilsu ... allt **dansinum** að þakka því dansinn er allra meina bót. Kennarinn heitir **Heiðar Ástvaldsson** og kennir á mánudögum, þriðjudögum og fimmtudögum 50 ára og eldri og kemur öllum í gott form á ný.

**Konusalsa**  
Sjóðheit námskeið. Hentar öllum konum, ungum og öldnum, liðugum og stirðum.

Í tímunum 50 plús og Salsa eru ávallt 3 kennarar.

**Innritun og upplýsingar á  
[www.dansskoliheidars.is](http://www.dansskoliheidars.is)  
og í síma 551 3129  
kl 16 til 20 daglega**



**FYRIR  
229 KRÓNUR  
FÆRÐ ÞÚ:**



**EINN  
BARNAÍS**

— EDA —



**FRÁBÆRA SKEMMTUN Í  
HEILAN SÓLARHRING FYRIR  
ALLA FJÖLSKYLDUNA**

Stöð 2, Stöð 2 Bíó og Stöð 2 Extra kosta  
aðeins 229 krónur á dag í Stöð 2 Vild.  
Tryggðu þér áskrift í dag!



Vinsældir hjólabretta eru í mikilli uppsveiflu í höfuðstað Norðurlands.

## Hjólabrettin munduð á Akureyri

**Setningarhátíð Hjólabrettafélags Akureyrar verður haldin í Verksmiðjunni á Hjalteyri í dag.**

Verksmiðjan á Hjalteyri er gömul síldarverksmiðja sem öðlast hefur nýtt líf sem staður fyrir hina ýmsu menningararburði og er styrkt af Menningarráði Eypings.

Setningarhátíð Hjólabrettafélags Akureyrar hefst þar klukkan 13 og stendur fram eftir degi. Samkvæmt Elvari Erni Egilssyni, formanni Hjólabrettafélagsins, fara vinsældir hjólabrettaíðkunar ört vaxandi og megi sjá alla aldursflokka renna sér um á hjólabretti, þó sér í lagi yngri kynslóðina. Markmið setningarinnar er að minna bæjaryfirvöld og sveitarstjórn á hversu stór íþróttin er á Akureyri og í nágrenni þéttbýlisins, enda um afar fjölmennan hóp

að ræða samkvæmt Elvari og þörfin því brýn fyrir betri aðstöðu til hjólabrettaíðkunnar.

Á hátíðinni verða pallar, slár og box ásamt fleiru til að renna sér á, en félagið sá algjörlega um uppsetninguna, með styrk frá hinum ýmsu fyrirtækjum á Akureyri. Auk þess verða sýndar brettaljósmyndir og myndbönd og ættu því forvitnir að geta kynnt sér íþróttina til hlítar. Undirskriftalisti mun einnig ganga á meðan á hátíðinni stendur og er það von Elvars að aðstaða fái innanhúss fyrir hjólabrettaíðkendur á Akureyri, en að sögn Elvars nýtast einungis fjórir mánuðir utanhúss til almennlegrar hjólabrettaíðkunar.

Nánari upplýsingar um setningarhátíðina má finna á vef Verksmiðjunnar á [www.verksmidjan.blogspot.com](http://www.verksmidjan.blogspot.com)

-jbá

Hringdu í síma

# 512 50 60

ef blaðið berst ekki





Uppákomur hafa verið í Hlöðunni í allt sumar og í dag geta gestir keypt afurðir heimamanna á sveitamarkaði. MYND/ÚR EINKASAFNI

## Matarkista í Vogunum

Suðurnesin eru matarkista. Í dag verður hægt að kaupa afurðir heimamanna á sveitamarkaði í Hlöðunni á Minni-Vogum á Vatnsleysuströnd og birgja sig upp af sultum, grænmeti og kíkja á handverk.

„Hér er mikið af fólki í matjurta-rækt og smábændur með kindur, landnámsgeitur og landnáms-hænur. Því kviknaði sú hugmynd að fá fólk til að bjóða upp á afurðir sínar,“ segir Marta Guðrún, bústýra á Minni-Vogum. Hugmyndin vatt upp á sig svo úrvalið á markaðnum verður ekki bara matarkyns heldur verður einnig að finna þrjónavörur og handverk.

Marta Guðrún segir það hafa komið sér á óvart hversu mikil matarkista Suðurnesin eru. Þar sé gott berjaland auk þess sem heimamenn tíni jurtir og sveppi. „Hér vaxa villt jarðarber og fjallagrös og á markaðnum verður að finna ilmreyr sem tindur var hér á svæðinu. Hér hafa líka verið tindir sveppi. Ef vel gengur ætlum við að halda áfram og efna til vormarkaðar.“

Sveitamarkaðurinn fer fram í dag klukkan 12 í Hlöðunni við bæinn Minni-Voga á Vatnsleysuströnd en þangað er um tuttugu mínútna akstur frá Reykjavík.



Marta Guðrún með dóttur sinni, Kristjónu Kríu Lovísu, í sveitinni.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Marta Guðrún og unnu-usti hennar, Bjarni Þórisson, keyptu Minni-Voga fyrir nokkrum árum og hafa staðið fyrir uppákomum í Hlöðunni síðan.

„Hvorugt okkar er úr Vogunum en ég ólst upp í Garðinum. Það var tilviljun

að við skoðuðum Minni-Voga og stukkum á tækifærið. Við höfum haldið tónleika og staðið fyrir gjörningum og námskeiðum hér í Hlöðunni en við ákváðum strax að gera þetta að lifandi húsi. Fólk- ið hér í Vogunum tengist þessum stað og hann býður upp á ýmsa möguleika,“ segir Marta Guðrún en uppákomurnar í Hlöðunni hafa verið vel sóttar bæði af heimamönnum og gestum. Þá hafa Marta Guðrún og Bjarni skipulagt viðburði í samvinnu við sveitarfélagið og í október stendur til að halda gjörningahátíð í Hlöðunni.

„Það er heilmikil vinna í kringum þetta en mjög skemmtileg. Við ætlum að gera okkur glaðan dag í dag og viljum bjóða fólki að eyða honum með okkur á markaðnum.“  
Heimasíða Hlöðunnar er; <http://hladan.org>. heida@frettbladid.is



## Villibráðarkvöld í Grímsá veiðihúsi

Föstudags- og laugardagskvöld frá 8. okt. - 13. nóv.

Við bjóðum upp á veglegt villibráðarhlaðborð á aðeins 7.900 kr. á mann. Glæsilegur veislusalur okkar getur tekið allt að 70 gesti í mat.

Hægt er að bóka tveggja manna herbergi með morgunmat á aðeins 11.900 kr. herbergið.

Jólahlaðborð helgarnar 19. nóv. - 11. des.

Við erum einnig byrjuð að bóka í jólahlaðborðið sem er á sama verði.

Þöfnunarsímar:  
6180083 & 4370083  
[www.grimsa.is](http://www.grimsa.is)



## FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísí eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: [visir.is/dreifing](http://visir.is/dreifing)



Allt sem þú þarft...

## Nýtt og spennandi tækifæri. Námskeið í örlitameðferð!

Velkomin í heim örlitameðferðar; meðferðar sem einnig er nefnd Micro-pigmentation, Semi-Permanent make-up og/eða Cosmetic tattoo.

Örlitameðferð er ferli þar sem sérstök ofnæmisprófuð litarefni eru sett undir yfirborð húðarinnar. Örlitameðferð er m.a. notuð til að:

- Forma og móta augabrúnir, gefa þeim meiri fyllingu eða til að setja eftirlíkingu af einstökum hárum sem gerir þær sem eðlilegar í útliti
- Gera augnlínu sem skerpir og ramar inn augnumgjörðina
- Skerpa varalínu, skyggja eða lita varir til fulls

Við erum stoltar af að geta loksins boðið upp á námskeið í þessari tækni frá Nouveau Contour, einu stærsta og virtasta fyrirtæki sem er á þessum markaði. Námskeiðin, sem eru sjö daga grunnnámskeið, er skipt í tvennt. Fyrri hlutinn eru fjórir dagar og sex vikum síðar eru þrjú dagar. Námsefnið er frá Nouveau Contour og einnig er farið ítarlega í verklega þjálfun. Fámennir hópar á hverju námskeiði.

Einnig er í boði framhaldsnámskeið fyrir þá sem vilja auka þekkingu sína og sérhæfingu enn frekar.

Kennari er Úndína Sigmundsdóttir. Úndína er meistari í snyrtifræði og hefur auk þess sérhæft sig í örlitameðferð og unnið við það eingöngu undanfarin ár. Þá var hún fyrst hér á landi til að fullnuma sig í því sem kallað er "Medical Tattoo". Úndína er viðurkenndur kennari frá Nouveau Contour.

Fyrsta námskeiðið hefst 30. september.

Frekari upplýsingar og skráning: Bryndísi Jóhannesdóttir. Sími 8613070  
Svala Rán Aðalbjörnsdóttir. Sími 8636903

**FR** cosmetics  
Fegurð er...

**NOUVEAU CONTOUR**<sup>®</sup>  
THE POWER IN PERMANENT BEAUTY

# ÚTSALA

Útsala, síðustu dagar.

ÚLPUR, KÁPUR, JAKKAR  
50% afsl. og margt fleira.

Opið  
mán - fös 10-18,  
laugardaga 10-16

TOPP HÚSIÐ  
Mörkinni 6 - Sími 588 5518

# GÁSKI

Sjúkráþjálfun



Gáski sjúkráþjálfun  
fagnar nýjum sjúkráþjálfara  
**Gunnlaugi Briem**

Gunnlaugur er kærkomin  
viðbót við hóp  
20 sjúkráþjálfara sem vinna  
í Gáska Bolholti og Mjódd

Sími 568 9009  
gaski@gaski.is  
www.gaski.is

## Nýttu tímann!

### Rauðakrosshúsið í Kópavogi

Geymið  
auglýsinguna!

Vikan 13.-17. sept.

#### Mánudagur 13. september

- ▶ **Kynning á Kópavogsdeild** - Kl. 11-12
- ▶ **Útileikfimi** - Léttar æfingar á færi allra. Komdu og hreyfðu þig! Kl.12-13
- ▶ **Endurlífgun** - Stutt verklegt námskeið í endurlífgun. Kl.13-14

Consult for immigrants. Kl.14-15

#### Þriðjudagur 14. september

- ▶ **Handavinnustund** - Komdu með föndrið þitt! Kl. 11-13
- ▶ **Jákvæð hugsun** - Erindi um jákvæða hugsun. Kl. 13-14
- ▶ **Ljósmyndun** - Leiðbeint verður í ljósmyndun. Kl.14-15

Ráðgjöf hjá atvinnufulltrúum Kópavogsbæjar. Kl. 11-14

#### Föstudagur 17. september

- ▶ **Hugmyndabanki** - Hvernig viltu móta starf hússins? Kl. 11-12
- ▶ **Föstudagsfyrirlestur** - Næring og hollt mataræði. Kl.12-13
- ▶ **Bingó** - Við endum föstudagana á bingó! Kl.14-15

Ráðgjöf hjá félagsráðgjafa Kópavogsbæjar. Kl. 11-14

Vikan 20.-24. sept.

#### Mánudagur 20. september

- ▶ **Hugmyndabanki** - Hvernig viltu móta starf hússins? Kl. 11-12
- ▶ **Útileikfimi** - Léttar æfingar á færi allra. Komdu og hreyfðu þig! Kl.12-13
- ▶ **VR atvinnuleitandi** - Veistu hvað þér stendur til boða? Kl.14-15

Consult for immigrants. Kl. 14-15

#### Þriðjudagur 21. september

- ▶ **Handavinnustund** - Komdu með föndrið þitt! Kl. 11-13
- ▶ **Ræktun kryddjurta** - Námskeið í ræktun kryddjurta. Kl.13-14.30

Ráðgjöf hjá atvinnufulltrúum Kópavogsbæjar. Kl. 11-14

#### Föstudagur 24. september

- ▶ **Föstudagsfyrirlestur** - Meiri hamingja með jákvæðri sálfræði. Kl. 12-13
- ▶ **Bingó** - Við endum föstudagana á bingó! Kl.14-15

Ráðgjöf hjá félagsráðgjafa Kópavogsbæjar. Kl. 11-14

Opið hús frá kl. 11-15. Allir velkomnir! Heitt á könnunni.



**Rauði kross Íslands**  
Kópavogsdeild

Rauðakrosshúsið Hamraborg 11 • Sími: 554 6626 • kopavogur@redcross.is • rauidkrossinn.is/kopavogur



Margrét segir skrautkálið og silfurkambinn standa vel fram á haustið og hentar því vel á leiði.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÞJETUR

## Tími til að skipta um blóm á leiðum ástvina

Margrét Rafnsdóttir garðyrkjufraeðingur sinnir leiðum ástvina fólks sem af einhverjum sökum getur ekki gert það sjálf. Hún plantar blómum að vori, skiptir um að hausti og útbýr kransa eða skreytingar um jól.

„Þessi hugmynd vaknaði fyrst fyrir þrjátíu árum þegar ég fór að leiði systur minnar sem er úti á landi. Þá hugsaði ég um hvað það væri gott ef einhver tæki að sér að sjá um leiðið,“ segir Margrét Rafnsdóttir, sem nýlega stofnaði fyrirtækið Blóm á leiði sem sér um að sinna leiðum í kirkjugörðum fyrir fólk á höfuðborgarsvæðinu.

Margrét er garðyrkjufraeðingur af blómaskreytingabraut en missti vinnuna í kjölfar kreppunnar eins og svo margir. Í stað þess að sýta það ákvað hún að fara á námskeið hjá Impru í nýsköpun og stofnun fyrirtækis. „Þá poppaði þessi gamla hugmynd aftur upp kollinum á réttu augnabliki.“

Margrét segir mikla þörf fyrir þessa þjónustu. „Það er misjafnt hversu vel fólk á heimangengt auk þess sem fólk er í mismunandi líkamlegu ástandi til að sinna garðverkum,“ segir Margrét og bætir við að einnig þyki fólk sem búi erlendis gott að vita af einhverjum sem sinnir leiðum ástvina þeirra.

Margrét er með þjónustu allan ársins hring og plantar þannig

blómum að vori, skiptir þeim út að hausti og sér svo um að skreyta leiðið í kringum jólin. Hún segir einmitt rétta tímann núna að skipta út sumarblómum fyrir önnur sem standa lengur inn í haustið.

En að hverju þarf almennt að huga í viðhaldi á leiðum? „Yfirleitt líður ár frá jarðsetningu þar til er tyrft því jarðvegurinn þarf að síga en kirkjugarðurinn sér yfirleitt um að tyrfa. Velja þarf blómnið miðað við staðsetningu kirkjugarðsins því blóm þrífast misjafnlega vel í mismunandi jarðvegi,“ útskýrir Margrét. Hún nefnir að góð sumarblóm séu til dæmis stjúpur, morgunfrúr, fjólur, hádegisblóm og sólboði. Þau blóm sem standi bæði að sumri og fram á haust séu til dæmis silfurkambur, skrautnalar, skrautkál og síprus. Að hausti má síðan skipta út sumarblómum fyrir til að mynda erikur og calluna. „Á veturna tengist starfið meira jólum. Þá set ég upp skreytingar eða kransa í byrjun desember.“

Margrét útbýr mismunandi pakka fyrir fólk sem það getur



Haustblóm á borð við skrautkál og erikur eru mikil þrýði.

valið úr. Þegar hún hefur sinnt leiðinu sendir hún fólk myndir af því. Nánari upplýsingar má nálgast á facebooksíðu Margrétar undir Blóm á leiði.

solveig@frettabladid.is

## Mikilvægi grænna skóga í þéttbýli

Málþingið Útivera og hreyfing í skjóli grænna skóga verður haldið á vegum Skógræktarfélags Eyfirðinga í dag milli 13.30 og 17.

Umfjöllunarefni málþingins er mikilvægi skóga í þéttbýli og er viðfangsefnið nálgast með ýmsu móti.

Fyrirlesarar eru Hrefna Jóhannesdóttir, sérfræðingur hjá Skógrækt ríkisins, og er yfirskrift hennar erindis „Skógar efla lýðheilsu í þéttbýli“. Þá tekur Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri Akureyrar, til máls og talar um skóginn út frá tækifærum til fjölbreyttrar útivistar. Magne Kvam hreyfihönnunarstjóri fjallar um fjallahjólbrautir og aðstöðu til slíkrar útivistar og Jakob Frimann Þorsteinson, aðjúnkt við HÍ, flytur erindi

sem kallast „Orðin og umhyggjan – um hvað og af hverju?“ Að síðustu flytur Anna Guðmundsdóttir, aðstoðarskólalastjóri Hrafnagilsskóla, erindi um útikennslu í skógi en þónokkur aukning hefur verið á að grunnskólar bjóði upp á þennan kost þar sem þess gefst kostur. Málþingið fer fram í Kjarna, húsi Náttúrulækningafélags Akureyrar.

- ve

### Réttardagur í dag

FJÁRRÉTTIR ERU VIÐA Í DAG OG ERU SANNARLEGA GÓÐ SKEMMTUN FYRIR ALLA FJÓLSKYLDUNA.

Hér er listi yfir þær fjárréttir sem verða haldnar í dag. Nánari upplýsingar er að finna á www.bondi.is.

Árskógrétt á Árskógsströnd, Eyf. Fljótsungurétt í Hvítársíðu, Mýr. Flókadalsrétt í Fljótum, Skag. Gljúfurarrétt í Höfðahverfi, S.-Þing. Hamarsrétt á Vatnsnesi, V.-Hún. Holtsrétt í Fljótum, Skag. Melarétt í Árneshreppi, Strand. Reistararrétt í Arnarneshreppi, Eyf. Reykjaréttir á Skeiðum, Arn. Reynisrétt undir Akrafjalli, Borg. Sauðárkróksrétt, Skagafirði. Selarrétt á Skaga, Skag. Skaftarrétt í Skaftárh., V.-Skaft. Skarðarétt í Gönguskörðum, Skag. Stafnsrétt í Svartárdal, A.-Hún. Tungnaréttir í Biskupstungum Víðidalstungurétt í Víðidal, V.-Hún. Þorvaldsdalsrétt í Hörgárdal, Eyf. Þórustaðarétt í Hörgárdal, Eyf. Þverárrétt í Vesturhópi, V.-Hún.



# Umhyggjan færð upp á fat

Helgarnar ætti að nota til að rifja upp gamla takta úr tilhugalífínu og útbúa morgunmat í rúmið.

Hvað er rómantískara en morgunmatur í rúmið? Margir kannast við svoleiðis dekur í tilhugalífínu en oft hallar undan fæti þegar mánuðir og ár líða hjá. Það er engu að síður fátt sem ber jafn mikinn vott um ást og hlýju en maki sem rifur sig upp úr rúminu um helgar til að útbúa eitthvað gott handa elskunni sem fær að sofa út.

Það er ekki endilega vænlegt til árangurs að ætla sér um of, fara að baka brauð eða að elda þrírétta- eða hætt við því að elska rumski við umstangið. Þá er ekki nauðsynlegt að æða út í búð enda oft hægt að finna það sem til þarf í skápunum. Gullna reglan er að útbúa eitthvað einfalt en fallegt og nostra við framsetninguna. Hér er að finna tillögur að einföldum en staðgóðum mat í rúmið sem ætti að fá ástina til að brosa hringinn.

vera@frettablaðid.is



Egg, beikon og ristað brauð er klassískt. Eggjahjörtun má útbúa með stóru pipar-kökuformi.

## LUMMUR MEÐ SÍRÓPI OG FERSKUM BERJUM



2 dl hveiti (má líka nota heilhveiti eða spelt)  
1 msk. hrásykur  
1 tsk. lyftiduft  
¼ tsk. salt  
1 dl haframjöl  
2½ dl mjólk  
2 msk. matarölía  
1 egg  
Fersk ber að eigin vali

Hrærið öllu vel saman. Ausið deiginu í litlum skömmtum á heita pönnu og steikið á hvorri hlið. Berið fram með smjöri, sírópi og ferskum berjum.

## BERJADRYKKUR



2½ dl hrein jógúrt (Má líka nota AB-mjólk eða vanilluskýr)  
1 vel þroskuð pera  
1½ dl bláber eða jarðarber  
2 tsk. agavesiróp  
1 tsk. sítrónusafi  
Ísmolar

Allt sett í blandara í nokkrar mínútur og hellt í falleg glös.

Stórfengleg borg

Beint flug frá Keflavík 21.-25. okt

Beint flug frá Akureyri 21.-25. okt

# Riga

Aukflug beint til Riga, sökum mikils áhuga

Lettlandi

Forn borg menningar og lista við Eystrasaltið. Gamli og nýi tíminn mætast í borg sem ekki á sinn líka. Miðstöð menningar og lista við Eystrasaltið.

Úrval veitingahúsa, verslana og kaffihúsa á verði sem slær öllu við. Næturlíf eins og það gerist best.

Gamli bærinn er frá árinu 1201 verndaður af Unesco. Þar ber hæst kastalinn í Riga, kirkja St. Peter's og Dómkirkjan. Gamli bærinn í Riga er virkilegt augnayndi hvert sem lítið er og setur borgina á stall með fallegri borgum Evrópu.

**Verð kr. 83.900,-**

á mann miðað við tvo í herbergi

Innifalið: Flug, skattar, hótél og fararstjórn

Trans-Atlantic sérhæfir sig í ferðum til Eystrasaltslanda.



Trans-Atlantic  
Sími 588 8900

www.transatlantic.is

**512 54 01**

Auglýsingasími

## Íþróttadagur Víkurvagna!

LAUGARDAGINN 11. SEPTEMBER KL. 13-16

UNDIR STJÓRN HJALTA "ÚRSUS"



Skráning: hjaltiar@simnet.is



Ifor Williams kerrusýning.  
Sérhannað hjólhýsi.  
Glæsilegir vinningar.  
**Frábær tilboð!**

Dvergshöfði 27  
www.VikurVagnar.is  
577-1090



Smáauglýsingasíminn er opin alla daga kl. **8-17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000** [smaar@frettabladid.is](mailto:smaar@frettabladid.is) / [visir.is](http://visir.is)

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8-17**

**BÍLAR & FARATÆKI**

**Bílalíf**

590.000.-



**EKINN AÐEINS 123.Þ KM**  
NISSAN KING CAB. Árgerð 1996, ekinn aðeins 123 þ km, bensín, 5 girar. Verð 590.000. Rnr.113414. Sjá fleiri myndir á [www.bilalif.is](http://www.bilalif.is)

**Bílalíf**  
Klettháls 2, 110 Reykjavík  
Sími: 562 1717  
Opíð virka daga 10-18  
[www.bilalif.is](http://www.bilalif.is)

**STÓRA BÍLASALAN**



**Nissan Patrol GR „35 DIESEL**  
Árgerð 02/2003, ekinn 119þ.km, sjálfskiptur, leður, sóllúga. Verð 2.790.000kr. Raðnúmer 150773. Nánar á [www.stora.is](http://www.stora.is). Vegna góðrar sölu undanfarið bráðvantar okkur allar gerðir bíla á skrá og á svæðið til okkar. ATH það er fritt að skrá bílinn hjá okkur.



**VW Passat Comfort STW**  
Árgerð 11/2004, ekinn 69þ.km, sjálfskiptur, sóllúga, nýleg tímareim. Toppbill! Verð 1.690.000kr. Nánar á [www.stora.is](http://www.stora.is). Vegna góðrar sölu undanfarið bráðvantar okkur allar gerðir bíla á skrá og á svæðið til okkar. ATH það er fritt að skrá bílinn hjá okkur.

**Stóra bílasalan**  
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík  
Sími: 5861414  
Myndefitirlit á plani  
<http://www.stora.is>

*Bíla og vagnasalan.is*  
5727424



RENAULT MASCOTT 130.65. Árgerð 2000, ekinn 176 þ.km, DÍSEL, 6 girar. Verð 1.750.000. Rnr.110689

**Bíla og vagnasalan**  
Funahöfða 1, 110 Reykjavík  
Sími: 5272424  
[www.bilaogvagnasalan.is](http://www.bilaogvagnasalan.is)

**HÖFÐAHÖLLIN**

Allt að **50%** afsláttur af sölulaunum  
Skráðu bílinn fritt hjá okkur!



SUZUKI GRAND VITARA Árgerð 2006. Ekinn 113 þ.km Nýskráður 6/2006. Næsta skoðun 2011 Verð kr. 2.390.000

**Höfðahöllin**  
Tangabryggja 14-16, 112 Rvk.  
Sími: 567 4840  
[www.hofdahollin.is](http://www.hofdahollin.is)

**BÍLALIND.is**  
3.500-8100



JEEP GRAND CHEROKEE OVERLAND LTD 4.7 H.O. Árgerð 2003, ekinn 108 þ.mílur, sjálfskiptur, leður ofl. Verð 1.650.000. #192218 Bíllinn er á staðnum og er sérlega ljúfur og þægilegur!!

**Bílalind**  
Funahöfði 1, 110 Reykjavík  
Sími: 5808900  
Hlökkum til að sjá þig :)  
[www.bilalind.is](http://www.bilalind.is)

**HÖFÐABÍLAR**  
... þar sem bílar seljast



NISSAN PRIMERA ACENTA. Árgerð 2004, ekinn 99 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 1.650.000. Rnr.170161 Ósagr eftir jeppling á svipuðu verði.

**Höfðabílar**  
Fossháls 27, 110 Reykjavík  
Sími: 577 4747  
[www.hofdabilar.is](http://www.hofdabilar.is)

**TOYOTA**  
Reykjanesbæ



Knaus Eifelland Holiday Kojuhús árg. 07.08 Svefnpláss fyrir 6. sólarshella markisa og fl.og fl. Húsið er mjög vel búið og lítur út eins og nýtt. Verð 3.400.000,- góður staðgreiðsluafsláttur Húsið er í Toyota Reykjanesbæ 420-6600.

**Toyota Reykjanesbæ**  
Njarðarbraut 19, 260 Reykjanesbær  
Sími: 420 6600

**100 bílar.is**



Vegna mikillar sölu vantar okkur allar gerðir bíla, hjólhýsa, fellihýsa, pallhýsa oþh. á skrá, skráið fritt hjá okkur, Sendið okkur skráningar á 100bilar@100bilar.is eða í síma 5179999, 100bilar.is,

**100 bílar ehf**  
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær  
Sími: 517 9999  
Opíð virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16  
[www.100bilar.is](http://www.100bilar.is)

**Bílar til sölu**



Skoda Octavia Diesel 4WD station Ekinn 69 þús. Árgerð 06/2007 beinskíptur ásett verð 2.750.000 fæst á 2.490.000 Uppl. í síma 898 5651.

**ÚTSALA**  
Allt að 3mkr. afsláttur!



Jeppar  
Pallbilar  
Folksbilar  
Nýjir & Notaðir

**islandus.com**  
[www.islandus.com](http://www.islandus.com) - Sími 552 2000

Haustútsölur bílaframleiðenda. Keyptu nýjan eða nýlegan bíl á lækkuðu verði. Einnig HYBRID sem eyða 40% minna eldsneyti. Eigum sýningarbíla með allt að 3ja milljón króna afslætti. Útvegum á betri verðum folksbila, jeppa og pallbíl frá Toyota, Ford, Dodge, Chrysler, Audi, Benz, BMW og öðrum helstu framleiðendum. Meira en milljón bílar á söluskrá. Hundruð ánægðra viðskiptavina. [www.islandus.com](http://www.islandus.com) Sími 5522000



Ford Focus station árgerð 2000, nýskoðaður, beinskíptur, ekinn 161 þ.km, fallegur og góður bíll. Verð 510 þúsund staðgreitt. Uppl. í síma 8204640.



Skoda Octavia, dísel, sjálfskiptur. Árg.06' Ek. 51 þús. Sparameytingin bíll í topp standi. Verð kr. 2.250 þús. Engin Skipti. S. 663 3844.



Land Rover Freelander árg. '00 ek. 165 þús. Ásett v. 650 þús. Tilboð óskast. S. 899 9760 & 771 3940.



MMC Pajero 2,8 dísel. S. 869 8495.



**Gamall góður ný sk.**  
Legacy St 4x4 krókur cd. ný dekk. Ástand gott. V. 145 þ. S. 844 6609.



**ATH SKIPTI (100% vísa-lán??)**

Til sölu Toyota corolla xli 1997 nýskoðuð 2011 Ekinn 203.000, beinskíptur, álfelgur. Ásett verð 390 þús, ATH skipti á óðyrari. Möguleiki á 100% vísa/euro láni til allt að 59 mánaða. Upplýsingar í síma 693-5053



Til Sölu Grand Cherokee limited árg 2001 ekinn 112000 km, bíll í toppstandi. Uppl. í síma 894 1003.



SKODA OCTAVIA STATION árg. '05 ek. 80 þús. beinsk., bensín, sk. 2011, í topp ástandi, ekkert áhvil. Selst vegna flutninga. V. 1.490þ. S. 661 2982 & 895 0730.



TOYOTA AVENSIS 1,8 SJÁLFSK. ÁRG 2001. SNYRTIL, BILL. SKOÐAÐUR. EK. 213 Þ.KM. VERÐ 790 ÞÚS. 650 ÞÚS. STAÐGR. SKIPTI Á ÖD. HUGSANL. S.895 8956



2007 Subaru Legacy Spec.B, 3.0l 245 hö. Einn með öllu. Ek. 43 þús. Algjör gullmoli. Uppl. í 892-0734 og á [www.simnet.is/anykey](http://www.simnet.is/anykey)



Renault Megane 1600 Árg. 98' Ek. 164 þús. Smurbók frá upphafi. Verð 220 þús. S. 846 4030.



Ford Galaxy árg. 2003, 2l, 7manna. ek. 112.000km. Verð 1 m. Sími 693 2991.



Til sölu Opel Astra Sport. 2,0 '99 árgerð. Ekinn 129þ. 5 girar beinskíptur og á flottum 17" felgum. Toppluga, rafmagn í rúðum og geislaspihari Topp eintak. Verð aðeins 490,000 uppl. í síma 8600855



Skoda Octavia 4x4 station, dísel, beinskíptur. Bill sem eyðir lítlu. Ekinn um 59 þús. 2008 árgerð. Ásett verð 3.150 þ. Fæst á 2.750 þ. Uppl. í síma 660 0288.

Til sölu Subaru Legacy 2.2l. Árg. 97' Ek. 210 þús. Verð 400 þús. S. 899 7712.

Hvítur Galloper til sölu. Árg. '98. V. 120 þ. Þarfnast smá lagfæringar. S. 899 7412.

Peugeot 406. 1.6 l. Árg. 97'. Ek. 260 þús. km. Verð 130 þús. S. 846 1859.

Toyota Corolla XL. Árg. 94' Dekur bíll Aðeins ek. 125 þús. km. Verð 390 þús. Uppl. í s. 892 4312.



**250-499 þús.**



Volvo 460, árg.'96. Ekinn 205 þús. Í góðu standi, nýskoðaður, verð 290 þús. Uppl.865-3842.

Óska eftir að skipta á Kawasaki 2. 2002 og bíll. Ný búið að taka allann mótörinn í upp, allar legur í girkassa og í hjólinu sjálfu. Það er á hálflitnum dekkjum og það fylgja glæný nagladekk. Svo fylgja augaplöst. Upplýsingar í síma 892 6551 Skúli.

VW Golf '99, grænn 4 dyra, ek. 173þ. Nýsk. sum. og vet.dekk. Verð 390þ. S. 869 9749.



**500-999 þús.**



1-2 milljónir

Toyota Avensis 2002 Ek.99.000. Sjálfsk. Á Toyo harðkornadekkjum. Frábært eintak. kr. 1.190.000 Sími 897 6078.



Toyota RAV4 árg. 2004. Ek. 78 þús., ssk., ný dekk, kr. 1.990.000. Uppl. í síma 699 4685/517 6293.



Renault Megane, árg. 05 til sölu, sjálfskíptur, ekinn 87 þ. km, vel með farinn, listaverð 1250þ, tilboð óskast, upplýsingar í síma 89888956



Ford Explorer ár. 2002 Ekinn: 132 þús km Verð: 1.450.000 (yfirtaka á láni möguleg) Bíll í toppstandi. Frekari upplýsingar í síma: 896-0469.



MAZDA 3 S/D T PLUS. Nýskr. 9/06. Ekinn 65þ.km. Sjálfskiptur. Verð 1880 þús. S: 698 3187.



Til sölu Toyota Landcruiser 90 GX árg. '99 Vínrauður, ssk, toppluga, dráttarbeisli, ek. 217þús. Verð 1.490 þús. Bill í góðu ástandi. Nánari uppl. í síma 895 8709.



**2 milljónir +**

Til sölu toyota lc 120 árg 05 ekinn 125 þús 35 tommu breyttur snirtilegur bíll í topp standi sími 8942255



**Bílar óskast**

Óska eftir að kaupa bíl á verðbilinu 25-250þús, má þarfnast lagfæringa. Uppl. s. 615 1810

**Corolla, Yaris eða Avensis óskast**

Árg. 1998-2002 fyrir 150-400 þúsund. Helst í góðu standi, en má þarfnast lagfæringa. Uppl. 821 2545.

Óska eftir Daewoo Nubira má vera skemmdur eða bilaður en með góða vél. S. 840 2611.



## Verkefnastjóri

Við leitum að kraftmiklum og drífandi einstaklingi til starfa á Upplýsingatæknisviði. Starfið felur í sér verkefnastjórnun upplýsingaöryggis- og gæðamála auk annarra stærri verkefna þvert á fyrirtækið. Borgun er fjármálafyrirtæki og þarf að uppfylla öryggiskröfur eftirlitsaðila á Íslandi og alþjóðlegra kortasamsteypa.

### Helstu verkefni:

- Verkefnastýring og innleiðing alþjóðlegra staðla
- Ritstjórn á öryggishandbók og tengdri skjölun
- Eftirfylgni við öryggishandbók innan UT
- Rýni og endurbætur á verkferlum UT
- Stýring annarra verkefna

### Menntun og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í tölvunarfræði, kerfisfræði eða verkfræði
- Reynsla af verkefnastjórnun æskileg
- Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum og reynsla af teymisvinnu
- Mjög góð íslensku og enskukunnátta skilyrði
- Skipulögð og nákvæm vinnubrögð
- Sjálfstæði í starfi

Nánari upplýsingar um störfina veitir Anna Rut Práinsdóttir starfsmannastjóri (art@borgun.is) í síma 560 1579.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu okkar [www.borgun.is](http://www.borgun.is).

Umsóknarfrestur er til og með 26. september næstkomandi.



Borgun er framsækið fjármálafyrirtæki sem hefur sérhæft sig í öruggri greiðslumiðlun í 30 ár.

Starfsminni má skipta í tvö meginvið, Fyrirtækjaþjónustu sem býður fyrirtækjum heildarþjónustu í færsluhirðingu og Útgáfuþjónustu sem annast þjónustu og ráðgjöf við banka, sparisjóði og aðra kortaútgefendur vegna útgáfu greiðslukorta.

Ármúla 30 | 108 Reykjavík | Sími 560 1600 | [www.borgun.is](http://www.borgun.is)

BORGUN

## Hjá Betware er gott að vinna

Betware er íslenskt hugbúnaðarfyrirtæki sem sérhæfir sig í að þróa lausnir fyrir peningaleiki. Fyrirtækið hefur starfað í 12 ár á alþjóðamarkaði og meðal viðskiptavina Betware eru framsæknustu Lotterí heimsins í dag. Unnið er eftir Agile aðferðafræði og rík áhersla er á nýsköpun og þróun. Hjá Betware starfa yfir 100 einstaklingar og mikið er lagt upp úr góðu starfsumhverfi og starfsánægju.

Við bjóðum spennandi tækifæri fyrir reynslumikið og vel menntað fólk.

- **Hugbúnaðarsérfræðingar**  
Hanna og þróa leikjalausnir með Java EE.
- **Vörustjóri hugbúnaðar**  
Stýrir framþróun og hönnun hugbúnaðar í vörulínu Betware.
- **Sérfræðingur í hugbúnaðarprófunum**  
Þróun og viðhald sjálfvirkra prófana og gæðaeftirlit. Áhugi á öryggi hugbúnaðar og reynsla af framkvæmd öryggisprófana er kostur.
- **Gagnagrunnssérfræðingur**  
Þróun og viðhald gagnagrunna; Oracle, MySQL og MSSQL. Þekking á OLAP lausnum er kostur.
- **Verkefnastjóri**  
Leiðir verkefnateymi í hugbúnaðarverkefnum eftir Agile hugmyndafræði.



Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir um að senda ferilskrá með heiti á stöðunni sem sótt er um sem viðfangsefni á netfangið:

[applications@betware.com](mailto:applications@betware.com)



**Betware**  
- the best bet

# Þjónustufulltrúi í Upplýsingatæknideild

Starfsmaður óskast til að sjá um notendabjónustu og þjónustu við sérhæfð hugbúnaðarkerfi fyrirtækisins.

## Starfssvið:

- Almenn þjónusta við SharePoint notendur ásamt almennri tölvuþjónustu
- Notendabjálfun í SharePoint og gerð kennsluefnis
- Umsjón með farsímum, búnaði í fundarherbergjum og skjávörpum
- Aðstoð við uppsetningu og rekstur á notendabúnaði
- Önnur verkefni sem tengjast tölvu- og upplýsingatækni hjá fyrirtækinu

## Hæfniskröfur:

- Reynsla af Sharepoint eða sambærilegum kerfum er skilyrði
- Góð þekking á notendaviðmóti Sharepoint
- Reynsla af Microsoft umhverfi
- Góð enskukunnátta bæði í töluðu og rituðu máli skilyrði

Viðkomandi þarf einnig að vera sjálfstæður í vinnubrögðum, hafa gaman af að leita lausna og búa yfir ríkri þjónustulund.

Umsóknarfrestur er til og með 30. september nk.

Einungis er tekið á móti umsóknum á heimasíðu Marel, [www.marel.com/jobs](http://www.marel.com/jobs)

Nánari upplýsingar um starfið veitir Haraldur Gunnlaugsson forstöðumaður  
Upplýsingatæknideildar, [haraldur.gunnlaugsson@marel.com](mailto:haraldur.gunnlaugsson@marel.com) í síma 563 8000.

[www.marel.com](http://www.marel.com)



## Áfengis- og vímuefnaráðgjafi

Laus er til umsóknar staða áfengis- og vímuefnaráðgjafa í Hlaðgerðarkoti, meðferðarheimili fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur.

Nánari upplýsingar á [www.samhjalp.is](http://www.samhjalp.is) og hjá Guðrúnu Einarsdóttur, dagskrárstjóra, í s. 566 6148.



## Hjúkrunarfræðingar og ljósmæður

Auglýst er eftir umsóknum í launað starfsnám til sérfræðiviðurkenningar í hjúkrunar- eða ljósmóðurfræði sem hefst 1. október 2010. Um er að ræða 18 mánaða starfsnám í 100% starfi.

### Markmið starfsnámsins

- » Efla og bæta við klíniska færni og þekkingu á viðkomandi sérsviði hjúkrunar/ ljósmóðurfræði.
- » Fá þjálfun í fræðilegum vinnubrögðum, bæta við rannsóknareynslu auk þess að þjálfa mismunandi hlutverk sérfræðings á viðkomandi sérsviði.

### Hæfniskröfur

- » Meistarapróf sem uppfyllir skilyrði reglugerðar nr. 124/2003 um veitingu sérfræðileyfa í hjúkrun og væntanlegrar reglugerðar um veitingu sérfræðileyfa í ljósmóðurfræði.
- » Hjúkrunarfræðingur/ljósmóðir stefnir að sérfræðiviðurkenningu á tilteknu sviði hjúkrunar- eða ljósmóðurfræða.

### Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 25.09.2010. Sótt er um rafrænt á heimasíðu Landspítala, [www.landspitali.is](http://www.landspitali.is).
- » Upplýsingar um starfsnámið veita Anna Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar, sími 543 1106, netfang [annastef@landspitali.is](mailto:annastef@landspitali.is) og Hrunn Sch. Thorsteinsson, deildarstjóri vísinda-, mennta- og gæðasviðs, sími 543 1490, netfang [hrunnsch@landspitali.is](mailto:hrunnsch@landspitali.is).
- » Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast til LSH skrifstofu framkvæmdastjóra hjúkrunar, Eiríksgötu 5, 101 Reykjavík.
- » Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá ásamt afriti af prófskírteinum og hjúkrunarleyfi. Einnig fylgi umsókn stutt lýsing á sérsviði hjúkrunar sem umsækjandi telur að sé mikilvægt að þróa á Landspítala ásamt persónulegum markmiðum með starfsnáminu.
- » Viðtöl verða höfð við alla umsækjendur.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á heimasíðu Landspítala, [www.landspitali.is](http://www.landspitali.is). Einnig má nálgast umsóknareyðublað í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut, á mannauðssviði, Eiríksgötu 5 og á heimasíðu Landspítala. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.  
Landspítali er reyklaus vinnustaður

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun



## Síminn kynnir: Nýja starfið þitt

Viltu hafa áhrif á stefnu og starfsemi Símans? Langar þig að vinna með skemmtilegu fólki að ögrandi verkefnum í sölu- og markaðsmálum? Ertu jákvæður og drífandi karakter? Þá er þetta starfið þitt.

### Starfsheiti:

Markaðssérfræðingur innri markaðssetningar

### Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Ábyrgð og umsjón með innri markaðsaðgerðum fyrirtækisins
- Árangursmat og samþæfing innri markaðsmála
- Ritstýring innri vefs
- Kennsla á námskeiðum
- Undirbúningur og umsjón með kynningum

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla og þekking á sölu- og markaðsmálum
- Jákvætt viðhorf
- Þekking á samfélagslegum miðlum og hagnýtingu upplýsingatækni
- Færni í mannlegum samskiptum, metnaður og frumkvæði
- Góð íslenskukunnátta og ritfærni

Gildi Símans eru traust, heilindi, lipurð, einfaldleiki og eldmóður

Umsóknarfrestur er til 18. september 2010

Upplýsingar í síma 550 7764 frá kl. 14.00-16.00 alla virka daga. Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi allar umsóknir, fyrirspurnir og persónulegar upplýsingar. Umsóknir skulu berast á rafrænu formi í gegnum heimasíðu Símans, [www.siminn.is](http://www.siminn.is).

800 7000 - siminn.is

Síminn



# VINNA - VINNA - VINNA.....fyrir þig?



**Vinna.is fagnar 10 ára starfsafmæli á þessu ári. Vinna.is var brautryðjandi í rekstri rafrænna ráðningarstofa á Íslandi og hefur haldið forystu á því sviði í gegnum árin.**

Á 10 árum hefur Vinna.is byggt upp öflugt og traust viðskiptasamband við fjöldann allan af fyrirtækjum, bæði hérlendis sem og erlendis. Þessum fyrirtækjum kunnum við okkar bestu þakkir fyrir frábært samstarf og hlökkum til áframhaldandi samvinnu. Þeir umsækjendur sem fengið hafa vinnu í gegnum Vinna.is skipta þúsundum og hafa þeir ekki hvað síst átt þátt í velgengni Vinna.is.

Við horfum full tilhlökkunar til framtíðarinnar.

## Bifvélavirki 565742

Fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir bifvélavirkja til starfa. Í starfinu felst m.a. viðgerðarvinna á verkstæði, meðhöndlun bilanagreininga og úrlausnir. Leitað er að einstaklingi sem er þjónustulundaður, með framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum, áhuga á símenntun í greininni og vilja til að kynna sér tækninýjungar. Viðkomandi þarf að hafa fullgild réttindi sem bifvélavirki og góða tölvu- og tungumálakunnáttu. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 8:00-16:00. Ráðið verður í starfið strax.

## Yfirmaður varahlutadeildar 565773

Öflugt bílaumboð leitar að metnaðarfullum starfsmanni til að stýra rekstri og starfsmönnum í bílavarahlutadeild. Viðkomandi ber ábyrgð á þjónustu og vörustjórnun deildarinnar, ásamt ábyrgð á áætlanagerð og daglegum rekstri bílavarahlutadeildar. Í starfinu felst m.a. pantanir- og innkaup á vara- og aukahlutum, lagerhald, verðlagning, starfsmannamál, ábyrgð á þjónustuviðmóti og að meðhöndlun vöru sé í samræmi við kröfur framleiðanda. Nánari upplýsingar um starfið og hæfniskröfur á [www.vinna.is](http://www.vinna.is)

## Fiskvinnsla – snyrting og pökkun 565774

Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum óskar eftir að ráða til sín starfsfólk í snyrtingu og pökkun. Næg verkefni eru framundan. Leitað er að einstaklingum til framtíðarstarfa. Vinnutími er frá kl. 06:50-15:10 auk talsverðrar yfirvinnu stærstan hluta ársins. Viðkomandi þurfa að hefja störf sem fyrst. Veitt verður aðstoð við að finna húsnæði.

## Ræstingar 565762

Stórt fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða til sín starfsmann í ræstingar. Leitað er eftir samviskusömum, traustum og röskum einstaklingi sem hefur gaman af því að umgangast fólk. Kostur ef viðkomandi hefur reynslu af ræstingum. Um 100% framtíðarstarf er að ræða. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 9:00-17:00. Ráðið verður í starfið strax.

## Þjónn 565760

Nauthóll óskar eftir að ráða til sín þjón. Um er að ræða hefðbundin þjónustustörf á veitingastað og veitingasölu til viðskiptavina. Viðkomandi mun einnig þjóna í veislum. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem er jákvæður, snyrtilegur og með framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum. Kostur ef viðkomandi er faglærður en ekki skilyrði. Um 12 tíma vaktavinnu er að ræða.

## Sölumaður 565740

Þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í vélum og rekstrarvörum fyrir íslenskan framleiðsluöndnað og hefur undanfarin ár verið í fremstu röð þjónustufyrirtækja við íslenskan tré- og járnöndnað óskar eftir sölumanni. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 08:00-17:00. Leitað er að einstaklingi sem er reyklaus, traustur, heiðarlegur og ábyrgur. Viðkomandi þarf að hafa góða enskukunnáttu og reynslu af sölumennsku. Þekking á tré- eða járnöndnaði æskileg en ekki skilyrði.

## Fulltrúi í ábyrgðardeild 565772

Bílaumboð óskar eftir að ráða metnaðarfullan starfsmann í starf fulltrúa í ábyrgðardeild. Í starfinu felst meðhöndlun ábyrgðamála hjá þjónustuaðilum hér á landi gagnvart viðskiptavinum og rafræn samskipti við framleiðendur. Ábyrgðafulltrúi hefur það hlutverk að þekkja kröfur framleiðenda og íslensk neytendalög. Viðkomandi sér um að samskipti milli viðskiptavina, þjónustuaðila og framleiðenda gangi greiðlega auk þess að finna úrlausnir sem uppfylla markmið um góða þjónustu og fagleg vinnubrögð. Nánari upplýsingar um starfið og hæfniskröfur á [www.vinna.is](http://www.vinna.is)

## Tæknistjóri 565744

Íslenska Kalkþörungafélagið óskar eftir að ráða tæknistjóra til starfa í verksmiðju fyrirtækisins á Bíldudal. Tæknistjóri starfar náið með framkvæmdastjóra við skipulagningu og samræmingu á viðhaldsvinnu. Tæknistjóri hefur umsjón með varahlutalager og sér um viðhald og viðgerðir á vinnuvélum og vélasamstæðum fyrirtækisins. Hann hefur einnig eftirlit með viðhaldsvinnu og viðgerðum verktaka. Nánari upplýsingar um starfið og hæfniskröfur á [www.vinna.is](http://www.vinna.is)

UPPLÝSINGAR EINGÖNGU VEITTAR HJÁ VINNA.IS

FLEIRI STÖRF Í BOÐI Á WWW.VINNA.IS
